











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. september 2005 - 236. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Átök í Árbænum

Þorlákur Árnason hætti sem þjálfari Fylkis í Landsbankadeild karla í gær og við tóku Jón Sveinsson og Sverrir Sverrisson. Það hefur ekki verið nein lognmolla í kringum Fylki í sumar og þetta brotthvarf Þorláks í gær er aðeins viðbót á vandræði félagsins, sem hefur dregist niður í fallbaráttu deildarinnar á síðustu vikum.



ÍÞRÓTTIR 31

### Sköpun nýs veruleika

Sýningin Íslensk myndlist 1945-1960: Frá abstrakt til raunsæis verður opnuð á morgun í Listasafni Íslands. Ólafur Kvaran segir að með sýningunni sé verið að gefa yfirlit yfir þetta gróskumikla tímabil í íslenskri listasögu.



MENNING 36

### Skattalækkun tímabær!

Hannes Hólmsteinn Gissurarson segir ríkið þrýðilega aflögufært og því sé tímabært að lækka skatta.



Í DAG 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA** Hætt við lítilsháttar súld eða rigningu norðan og norðaustan til, annars yfirleitt þurrt. Fer að rigna á Vestfjörðum með kvöldinu. Hiti 5-14 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4


**Matgæðingar velja Fréttablaðið***






*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal 25–45 ára.


# Ekkert pláss fyrir geðsjúka

**Yfirhjúkrunarfræðingur á Sogni segir engin úrræði fyrir hendi þegar í hlut eigi geðsjúkir en sakhæfir fangar. Stækka þurfi Sogn um helming.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Engin úrræði eru fyrir hendi þegar í hlut eiga geðsjúkir en sakhæfir fangar. Við getum ekki lengur sinnt þeim sem eru veikir og úrskurðaðir sakhæfir í fangelsum landsins, því við höfum ekkert pláss,“ segir Drífa Eysteinsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur á réttargeðdeildinni að Sogni. Hún segir stöðuna mjög erfiða.

Atburðir undanfarinna daga, þar sem í hlut eiga afbrotamenn með mikil geðræn vandamál, kalla óneitanlega á spurningar um þá umönnun sem þeim er ætluð í gæsluvarðhaldi eða afplánun.

Drífa segir að réttargeðdeildin sé nú fullskipuð af ósakhæfum geðsjúkum föngum. Þar eru sjö pláss en Drífa segir að iðulega hafi þurft að búa til áttunda plássið, jafnvel hið níunda í bráðabirgðaaðstöðu, þar sem þörfin sé svo brýn.

„Fram að þessu höfum við tekið veika menn úr fangelsunum sem hafa verið úrskurðaðir sakhæfir. Þá höfum við lent í því að þurfa að senda þá aftur í fangelsið, því okkar fyrsta skylda er að taka hina ósakhæfu. Við höfum oft tekið mjög veikt fólk sem hefur verið í gæsluvarðhaldi hjá okkur og málið þá verið rannsakað hér. Þetta getum við ekki nú vegna plássleysis.“

Margrét Frímannsdóttir alþingismaður segir stöðu geðsjúkra fanga algjörlega óviðunandi. Hún minnir á tillögur og teikningar þess efnis að stækka geðdeildina á Sogni og þar með verði unnt að taka þar inn fanga sem dæmdir séu í gæsluvarðhald, svo og hina sem eigi við tímabundin geðræn vandamál að stríða eða séu geðsjúkir.

Sú lokaða geðdeild sem byggð hafi verið upp á Kleppi leysi engan veginn þann vanda sem sé innan fangelsanna eins og þau eru í dag.

Drífa tekur undir þá skoðun að stækka þurfi Sogn um að minnsta kosti helming til að hafa þann fjölda plássa sem þurfi fyrir ósakhæfa, samkvæmt fyrirliggjandi samanburðartölum frá öðrum Norðurlöndum.

Margrét segir að Fangelsismálastofnun hafi ítrekað bent stjórnvöldum á þann vanda sem sé í málefnum geðsjúkra fanga en því miður hafi undirtektirnar verið litlar enn sem komið er. **- jss**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JOE COCKER Á SVIÐI Í ENDURBÆTTRI LAUGARDALSHÖLL** Breski söngvarinn Joe Cocker og stórsveit hans skemmtu gestum Laugardalshallar í gærkvöldi. Cocker hefur verið í sviðsljósinu allt frá því að hann sló í gegn á Woodstock-hátíðinni árið 1969. Svið hallarinnar var stækkað auk þess sem bætt hafði verið við tveimur risaskjáum svo að tónleikagestir gætu betur fylgst með því sem fram fór.

Fellibylurinn Katrín hefur áhrif hérlendis:

## Bensínlítrinn nálgast 118 krónur

**NEYTENDUR** Verð á öllum tegundum eldsneytis hækkaði umtalsvert í gær hjá olíufélögunum Skeljungi, Olís og Olíufélaginu en bensínverð hækkaði þó sýnu mest, um fjórar krónur.

Á heimasíðu Olíufélagsins segir að þörf hafi verið fyrir mun meiri hækkun miðað við stöðu mála eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir Bandaríkin en óveðrið hafði gríðarleg áhrif á olíuvinnslu í Mexíkóflóa. Í kjölfarið þurfti að loka allnokkrum olíuhreinsistöðvum, sem jók eftirspurn á heimsvísu til mikilla muna, sérstaklega í Bandaríkjunum.

Algengt verð fyrir lítra af 95 oktana bensíni á höfuðborgarsvæðinu er því 117,70 krónur í sjálfsafgreiðslu á flestum stærri stöðvunum en bensínverð var enn óbreytt í rúmum 112 krónum hjá Atlantsolíu og Orkunni þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- aöe**

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um Reykjavíkurflugvöll:

## Rúm 64 prósent vilja flugvöllinn burt

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúm 64 prósent vilja að Reykjavíkurflugvöllur fari burt úr Vatnsmýrinni, samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið lét framkvæma. Tæp 36 prósent vilja ekki að flugvöllurinn fari. Af þeim sem vilja að flugvöllurinn verði fluttur nefna flestir, um 44 prósent, að flugvöllurinn fari á Löngusker. Um 41 prósent vill að hann fari til Keflavíkur og um fimmtán prósent vilja að hann fari eitthvert annað.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir niðurstöðurnar mjög athyglisverðar. „Mér finnst í rauninni ótrúlega mikill stuðningur að 36 prósent geti sætt sig við flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. Eins og umræðan hefur verið neikvæð kemur þetta mér á óvart. Ef við gæfum okkur að Löngusker væru útilokaður kostur gef ég mér að niðurstaðan væri önnur.“



**STURLA BÖÐVARSSON** Ráðherra segir að verið sé að vinna úttekt á þremur valkostum: Keflavík, Lönguskerjum og Álftanesi.

Sturla telur að það sé mikilvægt að borgarbúar hafi fyrir sér raunverulega kosti, áður en þeir taka ákvörðun um hvort þeir vilji halda í flugvöllinn. Fram að því skuli fara varlega í að meta skoðanakannanir og bendir Sturla á að verið sé að vinna úttekt á þremur valkostum: Keflavík, Lönguskerjum og Álftanesi. „Vinnan er í fullum gangi og vonandi tekst að ljúka henni fyrr en seinna.“

**- ss/** **sjá síðu 10**

Danadrottning frestar ferðalagi:

## Margrét slæm af slitgigt

**KAUPMANNAHÖFN** Opinberri heimsókn Margrétar Þórhildar Danadrottningar og Hinriks prins til Mexíkó sem fyrirhuguð var í byrjun október hefur verið frestað. Ástæðan er slæm slitgigt í hné og baki sem plagar drottninguna.

Læknar Margrétar hafa ráðið henni frá því að leggja í langferð og segja að það verði of mikið álag fyrir hana að sitja margar klukkustundir í flugvél. Þetta er í annað sinn sem heimsókn Margrétar Þórhildar til Mexíkó er frestað en hún átti upphaflega að vera í febrúar. Þá var henni slegið á frest vegna þess að forsætisráðherra Danmerkur boðaði til þingkosninga. ■



## SPURNING DAGSINS

*Birgir Páll, bakar manneklan vandræði?*

„Já, maður setur á sig snúð þegar ástandið er svona."

Birgir Páll Jónsson, eigandi Nýja kökuhússins, hefur á þrjátíu ára ferli aldrei átt jafn erfitt með að fá fólk í vinnu.

Leikskólastjóri í Grafarholti um starfsmannamál leikskólanna:

# Ástandið ekki verra í mörg ár

**LEIKSKÓLAR** Enn bíður fjöldi barna í Reykjavík eftir að fá pláss á leikskóla.

Ingibjörg Eyfells, leikskólastjóri á Geislabaugi í Grafarholti, segir að ástandið hafi ekki verið jafnslæmt í fjölda ára. Enn vanti að ráða í sex stöður af 24. „Við höfum ekki getað tekið inn öll þau börn sem áttu að fá pláss. Þegar bíða 34 börn þess að fá tilkynnt um hvenær þau megi hefja leikskólavist, en ekki verður hægt að taka þau inn fyrr en búið er að ráða fleira starfsfólk," segir Ingibjörg.

Ekki hefur þurft að senda börn heim af leikskólanum ennþá en Ingibjörg segir að foreldrar hafi brugðist vel við þeim tilmælum að sækja börnin sín í fyrra fallinu til þess að forðast álag sem skapast síðari hluta dags.

Ingibjörg segir að þess sé vel gætt að álag á starfsfólk aukist ekki og að ekki séu fleiri börn á hvern starfsmann en leyfilegt er. Hins vegar hafi bæði hún og aðstoðarleikskólastjórinn hlaupið undir bagga með starfsfólkinu og gæti barna á meðan ástandið sé hvað verst. - sda



**INGIBJÖRG EYFELLS LEIKSKÓLASTJÓRI** Segir að ástandið hafi ekki verið jafnslæmt í fjölda ára.

Borgarstjórinn:

# Aukið fé til leikskóla

**LEIKSKÓLAR** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hyggst leggja fram tillögu á næsta borgarráðsfundi þess efnis að sérstök fjárheimild verði veitt til stjórnenda leikskóla og frístundaheimila. Á að nota féð til að greiða fyrir yfirvinnu vegna undirmönnunar. Þetta kom fram í máli borgarstjóra á fundi á leikskólanum Grandaborg.

Kjarasamningar starfsmanna leikskóla og frístundaheimila gilda til 30. nóvember. Steinunn Valdís ætlar að beina því til samninganefndar Reykjavíkurborgar að hefja viðræður sem fyrst. Vill hún að stefnt verði að því að nýr kjarasamningur taki gildi 1. október. - th



**KENNETH CLARKE** Búist er við að menn á borð við Liam Fox, David Davis og Malcolm Rifkind muni keppa við hann um leiðtogaembættið.

Leiðtogakjör Íhaldsflokksins:

# Clarke lýsir yfir framboði

**BRETLAND, AP** Kenneth Clarke, fyrrverandi fjármálaráðherra, hefur lýst yfir að hann vilji verða leiðtogi breska Íhaldsflokksins.

Michael Howard, núverandi leiðtogi íhaldsmanna, lýsti því yfir eftir ósigur flokksins í þingkosningunum í vor að hann myndi láta af embætti sínu í haust. Clarke er fyrsti þungavigtarmaðurinn í flokknum sem lýsir yfir framboði.

Clarke bauð sig einnig fram árin 1997 og 2001 og tapaði í bæði skiptin. Er talið að áhugi hans á Evrópusambandinu hafi skaðað hann í baráttunni. Nýlega lýsti hann því yfir að honum þætti evran ekki lengur heppilegur kostur fyrir Breta. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ALLUR AÐ BRAGGAST** Björn Hafsteinsson segir engan tilgang í að syrgja orðinn hlut og horfir björtum augum fram á veginn. Læknar eru þegar farnir að máta hulsur á hann en nokkrar vikur eru þangað til hann verður fluttur á endurhæfingardeild.

# Legg ekki árar í bát

**Engan bilbug er að finna á strætisvagnabílstjóranum Birni Hafsteinssyni, sem missti neðan af báðum fótum við hné í árekstri um miðjan ágústmánuð. Fjársöfnun honum til handa fer fram um helgina.**

**SLYS** „Ég vona bara að þetta verði til þess að lögregla og yfirvöld taki harðar á þessum málum og ekki þurfi alltaf að verða slys eða óhöpp til að menn vakni af værum blundi," segir Björn Hafsteinsson strætisvagnabílstjóri. Björn er smám saman að jafna sig eftir árekstur strætisvagns sem hann ók og vörubíls hinn 19. ágúst á gatnamótum Laugavegar, Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar. Slysið kostaði Björn báða fætur fyrir neðan hné.

Þrátt fyrir slysið er Björn brattur enda segir hann sjálfur að ekkert þýði að leggja árar í bát. „Það hefur ekkert upp á sig. Lífið heldur áfram og nú eru læknarnir farnir að máta hulsur á mig og ekki líður á löngu áður en ég fer að læra að ganga á ný. Uppgjöf gefur mér ekki nokkurn skapaðan hlut en bjartsýnin hjálpar."

Hann segist hafa fengið mikinn stuðning frá konu sinni og öllum félögum hjá Strætó eftir slysið og andlega líði honum bærilega. Hann er þó ómyrkur í máli þegar talið berst að slysinu sjálfu. Því man Björn glöggt eftir enda var hann með meðvitund þangað til hann var fluttur á slysadeild.

„Ég man mætavel eftir árekstrinum og öllu sem gerðist strax í kjölfarið. Ég man að ég reyndi meira að segja að fá aðstoð til að standa upp strax og aðgæta hvort farþegarnir í strætisvagninum væru ómeiddir. Það gladdi mig að heyra að enginn hefði fengið meira en skrámur. Hins vegar finnst mér dapurt að heyra að óskoðaðir og ótryggðir bílar aki um á götunum og það er eins og alltaf þurfi að komi til alvarlegt slys áður en yfirvöld og lögreglan taka á málum sem þessum."

Fram kom í kjölfar slyssins að ökumaður vörubílsins hafði ekki hirt um að færa bifreið sína til skoðunar og ökutækið var ótryggt.

Um helgina fara fram tónleikar til styrktar Birni sem félagar hans og velunnarar hafa skipulagt á Broadway en allur ágóði af þeim rennur beint til Björns og fjölskyldu hans. albert@frettabladid.is

Rekstur Norrænu:

# 420 milljóna tap

**NORRÆNA** Smyril Line var rekið með um 420 milljóna króna halla fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Allt árið í fyrra nam tap félagsins um 240 milljónum króna og um 350 milljónum króna árið áður. Tap félagsins á tveimur og hálfu ári er því á annan milljarð króna.

Smyril Line gerir út farþega- og bílaferjuna Norrænu sem haldið hefur uppi áætlunarsiglingum milli Seyðisfjarðar, Færeyja, Hjaltlandseyja, Skotlands, Danmerkur og Noregs um árabil. Félagið tók í notkun nýja ferju í apríl 2003. Hún tekur hátt í 1.500 farþega og 800 bifreiðar.

Norræna kom til Seyðisfjarðar í gær í sinni síðustu ferð á sumrinu. ■



**HÓTAR VESTURLÖNDUM** Ayman al-Zawahri, næstæðsti maður al-Kaída, sést hér flytja myndbandsávarp sitt.

Al-Kaída-myndband:

# Ábyrgð lýst á Lundúnaárásum

**EGYPTALAND, AP** Í myndbandsupptöku sem birt var í gær lýsti Ayman al-Zawahri, sem talinn er vera næstæðsti maður al-Kaída, yfir ábyrgð hryðjuverkanetsins á sjálfsmorðssprengjuárásunum í Lundúnum 7. júlí síðastliðinn.

Á upptökunni er einnig kveðjuávarp eins af sprengjumönnunum fjórum, Mohammad Sidique Khan. Í ávarpinu lýsir Khan almenna borgara á Vesturlöndum sjálfa ábyrga fyrir hryðjuverkaárásunum sem þeir verði fyrir.

Í sínum hluta myndbandsins hótar al-Zawahri Vesturlöndum frekari hörmungum. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR Í RANNSÓKN** Harður árekstur strætisvagns og vörubíls 19. ágúst þar sem bílstjóri strætisvagnsins slasaðist alvarlega er enn til rannsóknar hjá lögreglu í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum lögreglu gætu liðið nokkrar vikur þar til rannsókn lýkur, en að henni lokinni verður tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til ákæru.

Alltaf þægilegt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Greiða ríkinu tæpa 67 milljarða í næstu viku:

# Grænt ljós á Símakaupin

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur sent kaupendum Landssíma Íslands bréf þar sem fram kemur að ekki séu gerðar neinar athugasemdir við að Skipti ehf. kaupi fyrirtækið. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að kaupin gangi endanlega eftir og ríkið láti Símann af hendi.

Skipti ehf. bauð 66,7 milljarða króna í Símann þegar tilboð voru opnuð í lok júlí síðastliðinn. Nýir eigendur munu greiða fyrir hlutinn á þriðjudag í næstu viku og fá hlutabréf ríkisins afhend. Í kjölfarið verður boðað til hluthafafundar og ný stjórn kosin.

Eigendur Skiptis eru: Exista sem á 45 prósent, KB banki sem á 30 prósent, tveir lífeyrissjóðir eiga rúm átta prósent, aðrir tveir rúm tvö prósent og MP Fjárfestingarbanki og Skúli Þorvaldsson eiga tvo prósent hvor.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EIGENDUR TAKAST Í HENDUR** Árni Guðmundsson, Þorgeir Eyjólfsson og Erlendur Hjaltason buðu hæst.

Hlutur KB banka verður seldur almenningi fyrir árslok 2007. Þá á að skrá Símann á almennan hlutabréfamarkað. - bg

# Það verður **Ísland – Króatía** ekkert pikknikk

í Laugardalnum...




...þess vegna verða allir að mæta!

## Ísland – Króatía, Laugardalsvelli, 3. september

Forsala hafin á **ksi.is** og **esso.is** – tryggið ykkur miða tímanlega!

KSÍ Esso

Laugardaginn 3. september kl. 18:00 mætast landslið Íslands og Króatíu á Laugardalsvelli í undankeppni HM 2006. Markmiðið er að ná toppleik gegn efsta liðinu í riðlinum. Til þess að sigra sterkt lið Króata þurfa strákarnir allan þann stuðning sem þeir geta fengið. **Áfram Ísland!**

| | Forsala á Netinu til 1. september. | Forsala á völdum ESSO stöðvum 2. september | Sala á leikdag 3. september |
|---|---|---|---|
| Gamla stúka | 3.000 kr. | 3.000 kr. | 3.500 kr. |
| Nýja stúka | 2.000 kr. | 2.000 kr. | 2.500 kr. |

Athugið að eingöngu verða seldir miðar í númeruð sæti.
**Miðar geta selst upp í forsölu.**

**50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri** í hvaða sæti sem er.

Fíton/SÍA FI014074

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.09.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,81 | 62,11 |
| Sterlingspund | GBP | 111,95 | 112,49 |
| Evra | EUR | 76,55 | 76,97 |
| Dönsk króna | DKK | 10,262 | 10,322 |
| Norsk króna | NOK | 9,744 | 9,802 |
| Sænsk króna | SEK | 8,202 | 8,25 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5592 | 0,5624 |
| SDR | XDR | 91 | 91,54 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**106,83**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ferðamenn strandaglópar í New Orleans:

# Það hirðir enginn um okkur

**BANDARÍKIN, AP** Fimm dögum eftir að Susan Dewey kom til New Orleans til að halda upp á 23 ára afmælið sitt var hún orðin svo örvæntingarfull að komast aftur frá borginni að hún slóst í lið með hundruðum annarra innlyksa ferðamanna að leigja tíu rútur fyrir 25.000 dollara, andvirði tæplega 1.600.000 króna, til að bjarga þeim.

Eftir nokkurra tíma bið komst hópurinn að því að yfirvöld hefðu lagt hald á allar rúturnar til að nota þær til að bjarga öðrum strandaglópum.

„Það hirðir enginn um okkur,“ sagði Dewey í símaviðtali í gær. „Opinberir starfsmenn Louisiana-ríkis eru að reyna að hjálpa sínu fólki. Þeim er sama um okkur.“

Fellibylurinn skall á borginni á mánudag. Á þriðjudag fór allt á kaf og gripdeildirnar byrjuðu. Á miðvikudag voru Dewey og aðrir hótelgestir farin að stela sér til matar, þar sem strandaglópunum voru allar aðrar bjargir bannaðar. - aa



MYND/AP

**BÍÐA BJÖRGUNAR** New Orleans-búar bíða þess að komast burt frá ringulreiðinni í gær.

Öfgamenn ákærðir:

# Áformuðu hryðjuverk

**LOS ANGELES, AP** Fjórir félagar í öfgafullu íslömsku fangagengi voru ákærðir í fyrradag fyrir að hafa áformað hryðjuverkaárás í Los Angeles.

Þeir ætluðu að ráðast á hernaðarmannvirki, skrifstofu ísraelska ræðismannsins og önnur valin skotmörk í borginni, svo sem bænahús gyðinga.

Sá sem er talinn vera aðalskipuleggjandi árásanna er 29 ára gamall og heitir Kevin James, stofnandi íslömsku öfgasamtakanna Jamiyyat ul-Islam Is-Saheeh. Hann sat í fangelsi í Sacramento í Kaliforníu þegar hann fékk hina þrjá til liðs við sig. ■



**JÓI OG SIMMI** Þátttakendur í áheyrnarprófinu á Akureyri tóku vel á móti stjórnendum Idol-stjörnuleitar þegar þeir renndu Idol-bíl sínum inn á bílastæðið framan við Hótel KEA.

Idol-stjörnuleit:

# Áheyrnarpróf á Akureyri

**IDOL** Áheyrnarpróf fyrir Idol-stjörnuleit á Stöð 2 fóru fram á Hótel KEA á Akureyri í gær. Um hundrað þátttakendur voru skráðir til leiks en um áttatíu manns biðu í biðröð framan við KEA áður en þátttakendum var hleypt inn.

Áheyrnarpróf voru haldin í Reykjavík í síðustu viku og á morgun fara fram áheyrnarpróf á Egilsstöðum. Sýningar á Idol-stjörnuleit hefjast síðar í þessum mánuði en ný Idol-stjarna verður krýnd í Vetrargarðinum í Smáralind 7. apríl næsta vor. - kk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR Á LAUGAVEGI** Ökumenn tveggja fólksbíla voru fluttir með sjúkrabíl á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss til aðhlynningar eftir harðan árekstur tveggja fólksbíla á Laugavegi, til móts við Bolholt, skömmu fyrir klukkan hálf ellefu í gærmorgun. Fimm voru í bílunum en aðrir en ökumennirnir sluppu lítið meiddir.

**STÚTUR Í KEFLAVÍK** Einn var tekinn grunaður um ölvun við akstur í umdæmi lögreglunnar í Keflavík á aðfaranótt fimmtudags. Deginum áður voru númer klippt af tveimur bílum, en eigendur þeirra höfðu ekki greitt afnotagjöld ábyrgðartrygginga. Þá voru tveir bílar boðaðir til skoðunar.

# Örvænting og gripdeildir í New Orleans

**Þúsundir þjóðvarðliða streymdu til hamfarasvæðanna í Louisiana og Mississippi í gær til að koma á lögum og reglu og aðstoða við björgunarstörf og brottflutning flóttafólks. Óstaðfestar fregnir hermdu að skotið hefði verið á björgunarþyrlu.**

**BANDARÍKIN, AP** Slagsmál brutust út og kveikt var í sorpi í yfirfullum og illa lyktandi íþróttaleikvangnum Superdome í gær. Þar höfðust tugþúsundir New Orleans-búa enn við, á flótta undan flóðinu sem fellibylurinn Katrín olli. Þjóðvarðliðar streymdu til borgarinnar til að hjálpa til við að koma á lögum og reglu, en örvæntingar og gripdeilda varð æ meira vart.

Unnið var að því að ferja um 25.000 manns, sem hafst hafði við í Superdome-leikvangnum, í rútum til Houston í Texas þar sem flóttafólkinu bauðst að dvelja um sinn í öðrum íþróttaleikvangi. Erfiðlega gekk að hafa stjórn á mannfjöldanum, sem var orðinn óþreyjufullur að komast burt. Til slagsmála kom og eldur var kveiktur í sorpbing inni í íþróttahöllinni.

10.000 þjóðvarðliðar til viðbótar, hvaðanæva úr Bandaríkjunum, voru sendir inn á svæðið við strönd Mexíkóflóa sem verst varð úti í fellibylnum til að sinna björgunarstörfum og öryggisgæslu. Gripdeilda, skothríða, bílrána og annarrar lögleysu hefur æ meir orðið vart á hamfarasvæðinu undanfarna sólarhringa. Alls eru nú 28.000 hermenn á vettvangi en allt stefnir í að þetta verði umfangsmesta hernaðaraðgerð sem þurft hefur að grípa til vegna náttúruhamfara í Bandaríkjunum.

„Sannleikurinn er sá að hörmungar eins og þessar kalla fram það besta í flestum, en það versta í sumum,“ sagði Haley Barbour, ríkisstjóri Mississippi, í sjónvarpsviðtali. „Við erum að reyna að bregðast hart við gripdeildum.“

Fregnir um að skotið hefði verið á þyrlu sem sinnti björgunarstörfum á flóðasvæðinu fengust ekki staðfestar hjá talsmönnum yfirvalda.

Tilkynnt var í gær að George W. Bush Bandaríkjaforseti myndi ferðast um hamfarasvæðið í dag og faðir hans, George Bush eldri, myndi ásamt Bill Clinton, fyrrverandi forseta, fara fyrir fjársöfnunarátaki til hjálpar fórnarlömbum hamfaranna.

audunn@frettabladid.is



**Á FLÓTTA** Mæðgin bíða ásamt hundruðum annarra við ráðstefnumiðstöð í New Orleans í gær eftir að aðstoð berist.

## NEW ORLEANS Á KAFI

Stærstur hluti New Orleans-borgar var enn á kafi í gær. Hermenn og sjálfboðaliðar börðust við að gera við brostna flóðvarnargarða.




SOURCES: DIGITALGLOBE; ESRI AP



**JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN** Tólf manns, auk framkvæmdastjóra, störfuðu við Jarðböðin á vöktum í sumar en í vetur fækkar almennum starfsmönnum niður í fjóra til sex.

Reksturinn samkvæmt áætlun:

# 45 þúsund í jarðböðin

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tæplega 45 þúsund manns hafa komið í Jarðböðin við Mývatn það sem af er ári og segir Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, að líklega verði gestafjöldinn á árinu öllu ríflega fimmtíu þúsund. „Ég get ekki verið annað en ánægður enda útlit fyrir að rekstrarniðurstaðan verði svipuð og áætlanir gerðu ráð fyrir,“ segir Stefán.

Yfirstandandi ár verður fyrsta heila rekstrarár Jarðbaðanna og í sumar var búningsaðstaðan stækkuð og bundið slitlag lagt á veginn frá þjóðvegi eitt að lóninu og megnið af bílastæðunum. - kk

Kjaradeilu frestað:

# SFR skoðar málin betur

**KJARAMÁL** Forsvarsmenn Starfsmannafélags Ríkisstofnanna, SFR, sem semja um kjör starfsmanna hjá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, báðu um frest til að fara yfir málin í kjaradeilu þeirra á milli á fundi hjá ríkissáttasemjara í gær.

Haft er eftir Árna Stefáni Jónssyni, framkvæmdastjóra SFR, á heimasíðu félagsins að samninganefndin hafi kynnt mótherjum sínum ályktun sem samþykkt var á fjölmennum félagsfundi í fyrradag. Þar var stjórn félagsins falið að undirbúa atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. - gag






## VEÐRIÐ Í DAG

**BEST Á KLAUSTRI**
Ef fer sem horfir gæti orðið bjartviðri með sunnanverðu landinu og hitinn hæstur í námunda við Kirkjubæjarklaustur. Jafnvel svo að þar slái í 14 stigin!! Eins konar bónus á sumarið!!
**HELGIN?**
Lofar bara ágætu. Hæglætisveður og þurrt að kalla víðast hvar. Gæti þó dropað sunnan og vestan til á laugardagskvöldið. Sunnudagurinn gæti ennfremur orðið sólríkur á Austurlandi ef fer sem horfir og hitinn gæti teygt sig upp í tveggja stafa tölu ef við verðum heppin!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Yfirleitt hæglætisveður, síst reyndar á Vestfjörðum.

### Sunnudagur




Yfirleitt hægviðri.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C hálfskýjað | París | 22°C léttskýjað | Alicante | 30°C hálfskýjað |
| Ósló | 16°C skýjað | Berlín | 24°C hálfskýjað | Milano | 28°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C heiðskírt | Frankfurt | 24°C hálfskýjað | New York | 28°C léttskýjað |
| Helsinki | 17°C heiðskírt | Madrid | 35°C heiðskírt | San Francisco | 21°C heiðskírt |
| London | 24°C léttskýjað | Barcelona | 29°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 32°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Íslenskir dagar
## í Hagkaupum







| | Verð nú | Verð áður |
|---|---|---|
| Frampartur | 399 kr/kg | 638 kr/kg |
| Hryggur | 899 kr/kg | 1.238 kr/kg |
| Læri | 825 kr/kg | 1.178 kr/kg |

### SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR Á SPJÓTI

800 g kjúklingalundir
grillpinnar
100 g grófkorna sinnep
50 g dijon sinnep
25 g whisky BBQ sósa
25 g ólífuolía
salt og pipar
grillpinnar

Hrærið saman grófkorna sinnepi,dijon sinnepi, BBQ-sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2–3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3–4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.

**TILBOÐ 1.467 kr/kg**
Merkt verð 2.095,-




Ferskt **folaldakjöt**




**Lifrarpylsa, blóðmör**
- frosið, ósoðið; ómissandi á haustin




**Feta ostur** íslenskur
- með hvítlauk og kóríander




**Kaffi** frá Kaffitár
- mikill fjöldi tegunda




**Lax** grafinn, reyktur
- 1/2 flök




**Emmess** ísblóm
- 6 tegundir




**Stjörnu snakk**
- margar tegundir

Gildir til 4. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú farið á Þjóðminjasafnið síðan það var opnað aftur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 19% |
| Nei | 81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að leyfa að skjóta máva í Reykjavík?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

VÍSIR

Fjölmenni fylgdi fórnarlömbum öngþveitisins til grafar:

# Skýringa krafist frá stjórnvöldum

**BAGDAD, AP** Tugþúsundir Íraka voru viðstaddar útfarir þeirra sem dóu í öngþveitinu í Bagdad í fyrradag. Gagnrýni fer nú vaxandi á ríkisstjórnina fyrir að hafa mistekist að koma í veg fyrir harmleikinn.

Trúarganga sjía í Bagdad í fyrradag leystist upp í skelfilegt öngþveiti þegar sá kvittur komst á kreik að sjálfsmorðssprengjuárásarmaður væri í hópi fólks sem gekk yfir eina af brúunum yfir Tígris. Mörg hundruð pílagríma tróðust undir og fjölmargir drukknuðu í fljótinu.

Íraska innanríkisráðuneytið lýsti því yfir í gær að 953 hefðu farist og 815 slasast í öngþveitinu. Heilbrigðisráðuneytið segir hins vegar að 839 hafi týnt lífi. Þessi munur hefur ekki verið skýrður.

„Þessar hörmungar eru afleiðing af vanrækslu innanríkis- og varnarmálaráðherra," sagði Baha al-Aaraji, þingmaður sjía, sem er hliðhollur eldklerkinum Muqtada al-Sadr. „Þá á að draga fyrir þingnefnd og komi í ljós að þeir hafi brugðist skyldum sínum eiga þeir að svara til saka."

Jalal Talabani, forseti Íraks, hvatti sömuleiðis til þess að óháð rannsókn á harmleiknum færi fram.

- shg



**LAGÐUR TIL HINSTU HVÍLU** Þessi drengur frá Sadr-borg í Bagdad var á meðal þeirra sem fórust í troðningnum í fyrradag.

Verða dæmdir í dag:

# Játuðu þjófnað á tölvubúnaði

**DÓMSMÁL** Þrír ungir menn, tveir tvítugir og einn 21 árs, játuðu við þingfestingu máls á hendur þeim í Héraðdómi Reykjavíkur í gær að hafa í aprílbyrjun brotist inn í tölvuverslun í Reykjavík og stolið þaðan vörum fyrir tæpar 600 þúsund krónur. Þeir stálu þremur skjávörpum, stafrænni myndavél og þráðlausum síma, auk annars tölvubúnaðar, að því er fram kemur í ákæru.

Þá var sá elsti í hópnum frá áramótum þrisvar tekinn með eiturlyf, kannabisefni og einu sinni amfetamín. Einnig var hann kærður fyrir að hafa tvisvar ekið bíl án réttinda. Dæmt verður í málinu í dag.

- óká

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**BÍLDUDALUR** Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð, segir undarlega stöðu vera komna upp hjá sveitarfélaginu þar sem skortur sé á atvinnu í einu þorpinu en mikið atvinnuleysi í hinu. Þó ekki sé langt milli þorpanna er óraunhæft að telja þau til sama atvinnusvæðis, segir framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði.

# Bílddælingar vilja ekki vinna á Patreksfirði

**Skortur er á vinnuafli á Patreksfirði á meðan atvinnuleysi ríkir á Bíldudal. Bílddælingum hefur verið boðin vinna á Patreksfirði en þeir sjá sér ekki fært að þiggja hana.**

**ATVINNUMÁL** Enginn af fyrrum verkamönnum fiskvinnslunar Bílddælings sér sér fært að sækja atvinnu á Patreksfirði þó aðeins sé 25 kílómetra akstur á milli bæjanna, sem tilheyra báðir sveitarfélaginu Vesturbyggð.

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða hélt fund á mánudaginn með starfsfólkinu og kannaði hug þess til að vinna við fiskvinnslu á Patreksfirði ef það yrði sótt á Bíldudal með rútu klukkan hálf sjö að morgni og keyrt aftur að vinnudegi loknum. Einnig var áhugi fólksins fyrir því að flytja til Patreksfjarðar kannaður en enginn hafði hug á því.

Fyrrum starfsmaður Bílddælings sem sat fundinn segir að helsta ástæðan fyrir því að enginn geti sótt atvinnu á Patreksfirði sé sú að leikskólinn og grunnskólinn á Bíldudal byrji klukkan átta. Í hvorugum skólanum sé boðið upp á hádegismat, þannig að foreldrar verði að komast heim í hádeginu til að sinna börnum.




Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði, segir ekki raunhæft að skilgreina Patreksfjörð og Bíldudal sem eitt atvinnusvæði þar sem tvær fjallsheiðar, sem oft séu ófærar, skilji að. Vegagerðin byrjar ekki mokstur fyrr en klukkan sjö, á sama tíma og vinnudagurinn hefjist í fiskvinnslunni.

Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða, segir að þó að Bíldudalur og Patreksfjörður tilheyri sama atvinnusvæði sé ekki þar með sagt að fólk missi atvinnuleysisbæturnar þó svo að það hafni atvinnu á svæðinu.

„Það þarf að huga að ýmsum þáttum í aðstöðu fólks og meta hvert tilfelli fyrir sig því þó að nokkrir Bílddælingar vinni nú þegar á Patreksfirði er ekki þar með sagt að hver sem er sjái sér fært að gera það," segir hún.

Ástæðan fyrir fundarhöldunum á mánudag var sú að nú þegar hafa tvö fyrirtæki á Patreksfirði sótt um atvinnuleyfi fyrir útlendinga en áður en slík leyfi eru veitt verður að ganga úr skugga um að ekki sé til staðar atvinnulaust fólk sem geti unnið þau störf sem ráða á í. Mestar líkur eru því á að útlendingunum, sem eru vel á þriðja tug, verði veitt atvinnuleyfi innan skamms, að sögn Guðrúnar Stellu.

jse@frettabladid.is




Forseti Íslands á leið í vinnuheimsókn til Búlgaríu:

# Viðskipti, fótbolti og forvarnir

**FORSETAHEIMSÓKN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fer í vinnuheimsókn til Búlgaríu á miðvikudag. Eftir hádegisverð með Georg Parvanov, forseta Búlgaríu, mun Ólafur kynna sér samstarfsverkefni íslenskra og búlgarska fyrirtækja. Meðal þess sem hann mun kynna sér er starfsemi Actavis í Búlgaríu, BTC símafélagið og gangur viðræðna um kaup á búlgarska bankanum El Bank. Að kvöldi miðvikudags mun forsetinn, í boði Parvanovs, fylgjast með íslenska landsliðinu í knattspyrnu spila gegn því búlgarska í leik í undankeppni heimsmeistarakeppninnar í fótbolta.

Á fimmtudag, sem er lokadagur heimsóknarinnar, mun Ólafur Ragnar kynna sér áherslur Búlgaríu í baráttunni gegn fíkniefnum, með heimsókn í miðstöð gegn fíkniefnum. Örnólfur Thorsson, skrifstofustjóri á skrifstofu forsetans, segir að heimsóknin í miðstöðina sé meðal annars til komin vegna þess að Ólafur er verndari verkefnisins Evrópsk æska, sem snýr að forvarnarstarfi gegn eiturlyfjum. Verkefnið er á vegum ECAD, evrópskra borga gegn eiturlyfjum, sem bæði Reykjavík og Sofía, höfuðborg Búlgaríu, eru aðilar að.

-ss



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FORSETAHJÓNIN DORRIT MOUSSAIEFF OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FYLGJAST MEÐ LANDSLEIK ÍSLANDS OG ÍTALÍU Í KNATTSPYRNU** Dorrit kemst ekki með í þetta sinn til að fylgjast með gengi íslenska landsliðsins í knattspyrnu.



# Velkomin á Ljósanótt

**Menningar- og fjölskylduhátíð í Reykjanesbæ** **1.– 4. september**

## Dagskrá í boði Sparisjóðsins

- KK og Maggi spila í afgreiðslu Sparisjóðsins í Keflavík kl. 16:30–18:00 föstudaginn 2. september
- Ávaxtakarfan verður á útisviðinu við Hafnargötu kl. 14:00 laugardaginn 3. september
- Glæsileg flugeldasýning í umsjón Björgunarsveitarinnar Suðurnes kl. 22:00 laugardaginn 3. september

Fiton/SIA FI014161



Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á **ljosanott.is**

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

**spkef.is**

**Sparisjóðurinn í Keflavík er aðalstyrktaraðili Ljósanætur 2005**



## VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað eru margir mávar skotnir í Reykjavík á hverju ári?
2. Hver hefur tekið við af Hreiðari Má Sigurðssyni sem forstjóri KB banka?
3. Hvaða lið er Íslandsmeistari kvenna í fótbolta?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Verðkönnun ASÍ á tilbúnum réttum og drykkjarvörum:

# Lægsta verðið oftast í Bónus

**NEYTENDUR** Tæplega helmings munur var á hæsta og lægsta verði vörukörfu þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu á miðvikudaginn. Vörukarfan var ódýrust í Bónus, þar sem hún kostaði 5.578 krónur, en dýrust í Hagkaupum á 8.243 krónur.

Almennt munar miklu á verðlagningu milli þeirra tíu verslana sem í könnuninni voru og munar mestu á verði á tveggja lítra Coca-Cola þar sem flaskan kostaði 89 krónur í Nettó í Mjódd en 229 krónur í 11/11. Er það tæplega 160 prósenta munur.

Kannað var verð á þrjátíu vörutegundum og reyndist Bónus oftast vera með lægsta verðið, í 21 skipti. Klukkuverslanirnar tvær, 10/11 og 11/11, reyndust aftur á móti oftast dýrastar. Lítraverð á 1,5 lítra mjólkufernu var hærra í öllum verslununum en á venjulegri lítrafernu. Er það gagnstætt því sem gerist um Coca-Cola en þar var lítraverðið mun lægra í tveggja lítra flöskunum en í þeim minni. Aðrar vörutegundir þar sem mismunur á hæsta og lægsta verði var um og yfir 70 prósent voru Nýmjólk, Egils kristall, Þykkvabæjar skyndikartöflur og Daloon kínarúllur. **- aöe**




**VERÐKARFA ASÍ 31. ÁGÚST 2005** Aðeins var um beinan samanburð að ræða. ASÍ lagði ekki mat á gæði eða þjónustu verslananna.

Aftur til fyrra horfs:

# Til Taílands án áritunar

**FERÐALÖG** Horfið hefur verið til þess fyrirkomulags sem ríkti fyrir nokkrum árum að Íslendingar þurfa ekki vegabréfsáritun til Taílands.

Ólafur Egilsson sendiherra segir að í júlílok hafi verið gengið frá samkomulagi um þetta við Taíland, en afgreiðsla málsins hafi tafist vegna jarðskjálftanna og flóðanna annan í jólum. Hann segir það hafa valdið nokkrum óþægindum þegar áritunarskyldu var komið á því fyrir kom að Íslendingar sem ekki höfðu heyrt af breytingunni voru gerðir afturreka frá landinu. Nú þarf fólk ekki vegabréfsáritun ef dvölin er skemmri en þrjátíu dagar. **- óká**

Móðir sem missti barn:

# Grunuð um íkveikjuna

**BRETLAND** Lögregla hefur handtekið móður fjögurra mánaða drengs sem lést í eldsvoða í Newcastle um helgina.

Eldur kom upp í húsi konunnar, Danielle Wails, og sagði hún að tveir menn hefðu ruðst þangað inn, rotað sig og bundið. Þegar hún vaknaði stóð húsið í ljósum logum og barnið var látið. Lögregla hóf í kjölfarið umfangsmikla leit að mönnunum.

Í gær var leitinni hins vegar hætt og í staðinn var kona á þrítugsaldri handtekin. Þótt lögregla hafi ekki fengist til að gefa upp nafn hennar gera fjölmiðlar því skóna að þar sé um Danielle Wails að ræða. ■

Gæsaveiðar ganga misjafnlega fyrir norðan:

# Sumir veiða en aðrir ekki



**VEIÐI** Gæsaveiðimenn á Akureyri segja mikið af gæs austan Vaðlaheiðar, en veiðar hófust 20. ágúst. Lögreglan á Blönduósi segir veiðimenn í Húnavatnssýslum hins vegar bera sig heldur aumlega og hafa þeir lítið séð af gæs það sem af er veiðitímabilinu.

Þórður Helgason, verslunarstjóri Sjóbúðarinnar á Akureyri, segir nokkra veiðimenn hafa gert mjög góðar ferðir austur fyrir Vaðlaheiði. „Dæmi eru um að menn hafi náð tuttugu til þrjátíu gæsum í góðu morgunflugi og miðað við veiðisögurnar er álíka mikið af gæs núna og undanfarin ár,“ segir Þórður. **- kk**

**GÆSIR Á AKUREYRI** Töluvert hefur verið af gæs við Leirutjörn á Akureyri í sumar og hafa þær kynt undir veiðieðlinu í mörgum skotveiðimanninum.



**FRÁ MINNINGARATHÖFNINNI Í GÆR** 330 biðu bana í umsátrinu, helmingur þeirra börn. Aðstandendur fórnarlambanna hafa gagnrýnt rússnesk stjórnvöld fyrir að þau hafi ekki látið fara fram viðunandi rannsókn á því hvernig staðið var að aðgerðum lögreglu í ódæðinu.

# Ár frá ódæðinu í Beslan

**Þúsundir minntust fórnarlamba ódæðisins í barnaskólanum í Beslan, þegar ár var liðið frá harmleiknum. Aðstandendur saka yfirvöld um að leyna því sem fram fór í raun.**

**BESLAN, AP** Þúsundir syrgjenda komu saman í barnaskólanum í Beslan í Norður-Ossetíu í gær er ár var liðið frá því að umsátrið um skólann hófst með þeim afleiðingum að 331 lét lífið, flestir af þeim börn.

Íbúar Beslan hafa gagnrýnt rússnesk stjórnvöld fyrir að þau hafi ekki látið fara fram viðunandi rannsókn á því hvernig staðið var að aðgerðum lögreglu í ódæðinu. Fjöldi aðstandenda fórnarlamba hefur sakað stjórnvöld um að leyna því sem fram fór í raun og halda því fram að yfirvöld hafi aðstoðað uppreisnarmenn við að komast leiðar sinnar um héraðið.

Þá hefur tsjetsjenski uppreisnarleiðtoginn Shamil Basajev lýst því yfir að rússneska leyniþjónustan beri alla ábyrgð á morðunum í barnaskólanum.

Basajev birti í fyrradag yfirlýsingu á vefsíðu sem gjarnan er notuð af tsjetsjenskum uppreisnarmönnum. Þar hélt hann því fram að í hópi gíslatökumannanna hefði verið útsendari rússnesku leyniþjónustunnar og hann hefði tryggt að hópurinn fékk að fara leiðar sinnar óáreittur. Leyniþjónustan ætlaði að leiða gíslatökumennina í gildru í höfuðborginni Vladikavkaz en þeir höfðu breytt um áætlun og ráðist á Beslan í staðinn.

Aðstoðarsaksóknari Rússlands sagði í viðtali við Interfax-fréttastofuna að yfirlýsingar Basajevs þvætting og engar vísbendingar væru um að rússneska leyniþjónustan væri flækt í málið. Í svipaðan streng tók Anna Politkovskaja, rússneskur blaðamaður, sem hefur sérhæft sig í málefnum Tsjetsjeníu og er lítill vinur stjórnvalda í Kreml. Hún sagði að leyniþjónustan bæri vissulega ábyrgð þar sem henni tókst ekki að koma í veg fyrir ódæðið en ekkert mark væri takandi á sérviskenningum á borð við þessa.

shg@frettabladid.is
sda@frettabladid.is

Skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar:

# Sjálfstæðisflokkur stærstur

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Morgunblaðið fengi Sjálfstæðisflokkurinn mest fylgi væri boðað til borgarstjórnarkosninga nú, eða 47,7 prósent og átta borgarfulltrúa. Samfylking fengi 29,4 prósent og fimm borgarfulltrúa. Vinstri grænir fengju 13,6 prósent og tvo borgarfulltrúa. Framsóknarflokkur fengi 4,9 prósent og Frjálslyndir 2,0 prósent. Hvorugur þeirra síðastnefndu fengi mann inn í borgarstjórn.

Nokkur munur er á aðferðafræði Félagsvísindastofnunar og Fréttablaðsins, sem skýrir að nokkru mun á niðurstöðum, en Fréttablaðið birti sínar niðurstöður nú fyrr í vikunni. Félagsvísindastofnun hefur 800 manna úrtak og af þeim svöruðu 66,3 prósent. Þá spyr Félagsvísindastofnun þá sem segjast óákveðnir áfram, meðal annars hvort líklegra sé að viðkomandi kjósi Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk. Fréttablaðið hins vegar hringir áfram, þar til 800 manns hafa svarað könnuninni. Ekki er spurt áfram ef viðkomandi segist óákveðinn. **- ss**

| | Fréttablaðið 27.-28. ágúst | Félagsvísindast. 25.-29. ágúst |
|---|---|---|
| B | 4,8% | 4,9% |
| D | 53,5% | 47,7% |
| F | 2,2% | 2,0% |
| S | 29,7% | 29,4% |
| V | 8,8% | 13,6% |


Lokaútkall í næstu viku

Takmarkað framboð
Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Brottfarir í næstu viku

| Flug | Til | Brottför | Hlið | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| FI 940 | Portúgal, Brisa Sol og Paraiso | 5. og 12. sept. | 4 | Lokaútkall |
| FI 964 | Krít, Helios og Elisso | 5. og 12. sept. | 2 | Lokaútkall |
| FI 906 | Benidorm, La Colina | 7. og 14. sept. | 1 | Lokaútkall |
| FUA 9806 | Costa del Sol, Camino Real | 8. og 15. sept. | 6 | Lokaútkall |

Verð á mann
34.900 kr. í viku*

*Netverð á mann á ofangreinda áfanga- og gististaði.
Verð er óháð fjölda í íbúð, en lágmarksfjöldi í íbúð er 2.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.

Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.

VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
VR orlofsávísun Munið fe ávísunina

Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 29414 08/2005


KOMDU Á SÍÐASTA
PÖNNUMÓT
SUMARSINS Í EGILSHÖLL
Síðasta Pepsi Pönnumót sumarsins fer fram í Egilshöll laugardaginn 3. september milli 11.00 og 16.00.
Hægt verður að nota tappa í Pepsi sjoppunni á meðan birgðir endast.
Komdu og vertu með!
Allar upplýsingar á Pepsi.is
PEPSI
MAX
PEPSI
Nestlé
KitKat
ENNEMM / SÍA / NM17955





Guðmundur Guðlaugsson:

## Kemur mér ekki á óvart

**SKOÐANAKÖNNUN** „Þessi niðurstaða kemur mér ekki á óvart,“ sagði Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð. „Ég



átti alveg eins von á því að Reykvíkingar hefðu þessa afstöðu, þar sem þeir nota flugvöllinn ekki eins mikið og landsbyggðarfólkið sem nýtir hann til að komast til höfuðborgarinnar. Ég fagna því samt að þó þetta margir þeirra sem vilja færa hann úr Vatnsmýrinni vilji hafa hann í nágrenninu.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

## Fagna þessari niðurstöðu

**SKOÐANAKÖNNUN** „Ég fagna þessari niðurstöðu,“ sagði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, spurð um viðbrögð við könnuninni.



„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að flugvöllurinn eigi að fara. Ég talaði fyrir því í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar [sem fram fór í Reykjavík um flugvöllinn árið 2001]. Ég er bara mjög ánægð með að svo stór hluti borgarbúa sé orðinn þessarar skoðunar núna,“ sagði borgarstjóri.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

## Brýnt er að taka ákvörðun

**SKOÐANAKÖNNUN** Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.



„Hún sýnir nauðsyn þess að fljótlega verði komist að niðurstöðu um hvað gert verði í þessu máli. Ég hef nýlega lýst því yfir að Vatnsmýrarsvæðið verði nýtt undir íbúða- og atvinnubyggð og innanlandsflugi verði fundin ný staðsetning á næsta kjörtímabili. Þá verði tekin ákvörðun um nýtt heildarskipulag.”



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Meirihluti Reykvíkinga vill að flugvöllurinn fari eitthvert annað.

# Vilja flugvöllinn burt

**Rúm 64 prósent Reykvíkinga vilja að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur burt úr Vatnsmýrinni, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flestir af þeim sem vilja flugvöllinn burt vilja að hann verði færður út í Löngusker.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Reykvíkinga vill að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur burt úr Vatnsmýrinni, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust rúm 64 prósent vilja Reykjavíkurflugvöll fluttan burt, en tæp 36 prósent sögðust ekki vilja að flugvöllurinn yrði fluttur. 89,8 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. Níu prósent voru óákveðin og rúmt prósent neitaði að svara. Í Þjóðarpúlsi Gallup, skoðanakönnun sem framkvæmd var í maí, kom fram að 53 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu vildu að flugvöllurinn yrði fluttur. Einungis 32 prósent íbúa á landsbyggðinni voru á sömu skoðun. Í könnun Gallup var þó ekki gerður greinarmunur á íbúum Reykjavíkur og öðrum íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Af þeim sem sögðust vilja sjá Reykjavíkurflugvöll fluttan úr Vatnsmýrinni sögðust tæp 44 prósent vilja sjá flugvöllinn fluttan út í Löngusker. Rúmt 41 prósent sagðist vilja sjá flugvöllinn fluttan til Keflavíkur. Munurinn á vinsældum þessara tveggja staðsetninga fyrir innanlandsflugvöll er því lítill. Tæp fimmtán prósent sögðust vilja sjá flugvöllinn fluttan eitthvað annað og var meðal annars nefnt að flytja hann til Hafnarfjarðar.

Trausti Valsson skipulagsfræðingur setti fyrst fram hugmyndina um flugvöll á Lönguskerjum árið 1974. Um flutning flugbrautanna þangað hefur einnig verið rætt í skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur og sagði Óskar Bergsson í júlí 2001, þá verandi varaformaður nefndarinnar, að lausn á flugvallarmálinu væri að gera nýjan völl á Lönguskerjum og losa þannig allt land í Vatnsmýrinni til uppbyggingar. Á þeim tíma taldi hann pólitískan vilja fyrir hendi innan R-listans fyrir þeim valkosti.

Könnunin var gerð dagana 27. og 28. ágúst. Hringt var í 800 Reykvíkinga, skipt jafnt milli kynja og valið af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var: „Á að flytja Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni?“ og tóku 89,8 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi, sem voru 461, voru svo spurðir; „Hvert viltu að flugvöllurinn verði fluttur?“ og tóku 70,5 prósent þeirra afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

**HVERT VILTU AÐ FLUGVÖLLURINN VERÐI FLUTTUR?**




**Á AÐ FLYTJA FLUGVÖLLIN ÚR VATNSMÝRINNI?**





Porsche Cayenne S

Lítið ekinn, eins og nýr.

V8 340 hestöfl

- Ekinn aðeins 24.000 km
- Skr. 06.2003
- Loftfjöðrun
- Bose surround hljóðkerfi
- Rafknúin sóllúga
- BI-Xenon ökuljós
- Dráttarkúla
- Hraðastillir
- 20” Léttmálmsfelgur

Topp eintak með öllu

Verð 6.900.000.-



# VIÐ FINNUM ÞINN PERSÓNULEGA STÍL

## Persónuleg stílráðgjöf

Persónulegur stílisti verður í bás í göngugötu 1.-11. september og veitir ráðgjöf um útlitsstíl og haust- og vetrartískuna 2005. Bóka verður tíma fyrirfram á þjónustuborði Smáralindar í síma 528 8015.

## Snyrtiráðgjöf

Við bjóðum snyrtiráðgjöf í göngugötu og verslun virka daga kl. 16-18 og laugardaga og sunnudaga kl. 13-17. Bóka verður tíma fyrirfram á þjónustuborði Smáralindar í síma 528 8015.

## Meiri háttar tilboð og kynningar

**Fyrir hverjar 12.000 kr. sem verslað er fyrir í dömu-, herra- eða snyrtivörudeild 1.-11. september fær viðskiptavinur 2.000 kr. gjafaávísun sem gildir í öllum deildum Debenhams til 28. september.**

Við höldum upp á hvern dag á Tískudögum með glæsilegum tilboðum, sérstökum kynningum og tilboðum í öllum snyrtivöruhúsum ásamt skemmtilegum uppákomum á báðum hæðum.

## Lukkupottur allan september

Nöfn þeirra sem skrá sig í stílráðgjöf út september fara í lukkupott. Nöfn þriggja verða dregin út og þeir fá **veglegar gjafaúttektir hjá stílista Debenhams og Snyrtistofu Jónu í Debenhams ásamt glæsilegri gjöf frá Biotherm.**

**50 fyrstu** sem bóka tíma í stílráðgjöf hjá Persónulegum stílista í versluninni á Tískudögum fá **gjöf frá Biotherm snyrtivörum** og **15% afslátt af fatnaði, fylgihlutum og skóm** í fyrstu heimsókn hjá Persónulegum stílista.

NJÓTTU ÞESS AÐ KAUPA OG LÁTA OKKUR HLAUPA




DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 29320 08/2005



**ÚTSALA, ÚTSALA** Gríðarmikil skóútsala var haldin í Peking í gær og höfðu starfsmenn hennar í nógu að snúast við að koma öllum kössunum fyrir.

Tafir á greiðslum frá Tryggingastofnun:

# Nýtt tölvukerfi sökudólgurinn

**LÍFEYRIR** Hnökrar í vinnslu nýs tölvukerfis Tryggingastofnunar ríkisins gerðu það að verkum að ekki fengu allir lífeyrisþegar þær greiðslur sem þeim bar í gærmorgun.

Arnór Pétursson hjá TR segir þetta vera ástæðu þess að greiðslur höfðu ekki borist inn á reikninga allra lífeyrisþega um hádegisbil í gær. Langflestir hefðu þó fengið lífeyrinn sinn.

Ellilífeyrisþegar sem höfðu samband við Fréttablaðið í gær höfðu af því áhyggjur að ef til vill hefði þeim verið ofgreitt og nú væri komið að uppgjöri, þannig að þeir fengju ekkert um þessi mánaðamót.




**TRYGGINGASTOFNUN** Nýtt tölvukerfi stóð sig ekki alveg sem skyldi við útborgun lífeyris í gær.

Arnór segir að fólk þurfi ekki að óttast aðgerðir af því tagi. Ef einhverjir hafi fengið of háar greiðslur, sem gera þurfi upp, fái viðkomandi bréf frá stofnuninni áður en til uppgjörs komi. Þeir fái því að vita af því með góðum fyrirvara.

- jss

Rannsóknastofnun HA:

# Nýr framkvæmdastjóri

**RÁÐNING** Ögmundur Knútsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri (RHA) og tekur hann við af Grétari Þór Eyþórssyni sem fyrr í sumar tók við starfi forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Helsta verkefni Ögmundar hjá RHA verður fyrst um sinn að leiða stefnumótun og endurskoðun á starfi RHA en starfsemi stofnunarinnar hefur farið vaxandi undanfarin ár.

- kk

Sjálfstæðiskonur:

# Tvær vilja fjórða sætið

**PRÓFKJÖR** Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, og Jórunn Frímannsdóttir varaborgarfulltrúi gefa báðar kost á sér í fjórða sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Þorbjörg hefur unnið með fulltrúum sjálfstæðismanna í borginni í fjögur ár og vill meðal annars einbeitta sér að menntamálum og að fasteignaskattur verði lækkaður en Jórunn hefur setið í ýmsum nefndum og ráðum á vegum borgarinnar á kjörtímabilinu.

- hb



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Þjóðarleiðtogar minnast stofnunar Samstöðu:

# Hvati að mestu breytingum Evrópu

**GDANSK, AP** Fjöldi þjóðarleiðtoga kom saman í Gdansk í Póllandi á þriðjudag til að minnast þess að aldarfjórðungur er liðinn frá því að pólskir verkamenn stofnuðu hreyfinguna Samstöðu, undir forystu Lech Walesa.

Stofnun Samstöðu er sögð hafa verið hvatinn að mestu breytingum sem orðið hafa í Evrópu á síðustu áratugum, falli Berlínarmúrsins, lokum kalda stríðsins og upprisu sjálfstæðishreyfinga í Úkraínu og Georgíu.

Í útimessu sem haldin var í tilefni hátíðarhaldanna var Jóhannes Páll páfi II heitinn heiðraður fyrir sögulegan þátt sinn í stofnun Samstöðu. Lech Walesa hefur oft þakkað Jóhannesi Páli fyrir að hafa gefið Pólverjum innblástur í heimsókn sinni til landsins 1979 sem hafi verið grunnurinn að stofnun Samstöðu. Í messu sem páfi hélt gagnrýndi hann meðal annars kommúnistastjórn Póllands.

Ári síðar hófst 18 daga verkfall í Lenín-skipasmíðastöðinni í Gdansk og á fleiri stöðum, sem var undanfari friðsamrar byltingar í Póllandi sem lauk 1989.

- sda

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LECH WALESA** Fyrrverandi forseti Póllands og leiðtogi Samstöðu heldur ræðu við athöfn sem haldin var á þriðjudag til að minnast 25 ára afmælis hreyfingarinnar.

LAGERSALA

50-70% AFSLÁTTUR

Skólaúlpur - Hlífðarbuxur - Flíspeysur - Göngubuxur
Gönguskór - Svefnpokar - Bakpokar - Útivistarfatnaður - Veiðivörur

TOPP AFSLÁTTUR Á TOPP MERKJUM

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 (inn af verslun)

Samkynhneigðir keppa:

## Danir halda Ólympíuleika

**ÍÞRÓTTIR** Ólympíuleikar samkynhneigðra árið 2009 verða haldnir í Kaupmannahöfn. Vonast yfirvöld borgarinnar til þess að þetta muni auka líkurnar á því að Kaupmannahöfn verði valin til að halda sumarólympíuleikana 2024.

Ólympíuleikar samkynhneigðra, eða „Outgames", verða fyrst haldnir á næsta ári í Montreal. Reiknað er með um 16.000 keppendum og um 250.000 áhorfendum á þá leika. Það þykir viðeigandi að Kaupmannahöfn haldi leikana 2009 en þá eru tuttugu ár síðan Danir, fyrstir þjóða, viðurkenndu sambúð samkynhneigðra. **-ks**

Dæmdur fyrir þjófnað úr búningsklefa World Class í Laugardal:

# Tveggja mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Fyrrum starfsmaður líkamsræktarstöðvarinnar World Class í Laugardal var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að stela frá gestum stöðvarinnar í búningsklefa. Dómurinn var skilorðsbundinn til tveggja ára.

Málið var tekið til þingfestingar í gær en þegar ljóst var að játning mannsins lá fyrir var ákveðið að ljúka málinu og kveða upp dóm. Á tímabilinu frá janúar og fram í maí á þessu ári tók maðurinn úr ólæstum skápum í líkamsræktarstöðinni alls 102.000 krónur. Minnst hafði maðurinn upp úr krafsinu 2.000 krónur, í tvö skipti, en í aprílbyrjun stal hann í eitt skipti 34.000 krónum.

Málið vakti nokkra athygli eftir að upp komst þar sem settar voru upp eftirlitsmyndavélar í búningsklefanum án vitundar gesta. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu fyrir skemmstu að uppsetning vélanna hefði verið óheimil. Maðurinn bar við stelsýki. **- óká**




**BJÖSSI Í WORLD CLASS** Björn Kristmann Leifsson, eigandi World Class, hefur varið þá ákvörðun sína að setja tímabundið upp eftirlitsmyndavélar í einum búningsklefa karlmanna í líkamsræktarstöðinni Laugum, með því að annars hefði þjófurinn ekki náðst.







# fljótlegt og notaleg

## ódýrt o

**2 toppar í pakka**




**1.899** kr.pk.

Esprit dömutoppar 2 í pakka

**humar á grillið!**



**599** kr.pk.

Nýveiddur humar

**2 kg.**




**59** kr.kg.

Skrúður Gullauga 2 kg.

**10%** meira magn




**99** kr.pk.

Náttúru kaffi 550 gr.

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 2. til 4. sept. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

# gt að versla í Nettó

## g gott




**40%** afsl.
Gourmet villisveppa lambasteik



**25%** afsl. v. kassa
Hjúpaðir kjúklingabitar



**25%** afsl. v. kassa
Kjúklinganuggets



**25%** afsl. v. kassa
Kjúklingastrimlar



**25%** afsl. v. kassa
Kjúklingabollur




**40%** afsláttur

**653** kr.kg.
Bayonneskinka



**40%** afsláttur

**1.325** kr.kg.
Úrbeinað hangilæri




**frábærir með kaffinu!**




**799** kr.stk.
Bláberja ostakaka f. 8-10 manns




**259** kr.stk.
Rjómaostur til matargerðar

netto

## „ORÐRÉTT“

### *Sagði hann ekki bara satt?*

**„Hingað til hefur verið litið framhjá sögutilbúnaði burðardýra sem tekin hafa verið með ólögleg efni í tolli og því kemur þetta nokkuð á óvart.“**

JÓHANN R. BENEDIKTSSON, SÝSLUMAÐUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI, UM SÝKNU HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS YFIR MEINTUM BRENNISTEINSSÝRUSMYGLARA.

### *Hann virkar alltaf*

**„Borginni tókst að tvístra okkur með hræðsluáróðri.“**

GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR GÆSLUKONA UM ENDALOK GÆSLUVALLA Í REYKJAVÍK OG ROFNA SAMSTÖÐU STARFSKVENNANNA TUTTUGU OG TVEGGJA EN RÚMUR HELMINGUR ÞEIRRA SKRIFAÐI UNDIR STARFSLOKASAMNING.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR HAGFRÆÐINGUR

# *Undirbýr kvennahreyfingu og barneignir*



„Það er nóg að frétta, ég er til dæmis í hópi sem hefur það verkefni að undirbúa stofnun kvennahreyfingar Samfylkingarinnar,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur hjá ASÍ. Til stendur að hreyfingin verði sett formlega á laggirnar helgina 16. til 17. september á Hótel Örk í Hveragerði.

Sigríður segir kveikjuna að hreyfingunni vera þá að konum í Samfylkingunni hafi fundist vanta almennan vettvang þar sem þær gætu ráðið ráðum sínum og haft ákveðið bakland. „Samfylkingin er sá flokkur þar sem konur eru hvað valdamestar en við gerum okkur grein fyrir því að það verður ekki endilega alltaf þannig. Það er til dæmis ekkert sjálfgefið að konur verði alltaf helmingur þingflokksins,“ segir Sigríður en þvertekur þó fyrir að gamli góði Kvennalistinn sé að rísa upp úr öskustónni innan vébanda Samfylkingarinnar. „Hugmyndin er vissulega að mynda ákveðna grasrótarhreyfingu fyrir konur, en ætlunin er ekki síður að hafa gaman af,“ bætir hún við.

Sigríður gerir ekki ráð fyrir að gegna sérstöku ábyrgðarhlutverki innan hreyfingarinnar nema sem almennur félagi því hún kemur til með að hafa nóg annað á sinni könnu þegar fram líða stundir. „Ég á von á mínu fjórða barni í janúar og býst við að verja mestum mínum tíma í barnauppeldi, en nota ábyggilega lausar stundir til þess að beita mér í kvennabaráttunni.“

## SJÓNARHÓLL
### MÁVAMERGÐ Í REYKJAVÍK



ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR
ÞÁTTASTJÓRNANDI

### *Plága*

Um það bil sjö þúsund mávar eru skotnir í Reykjavík á hverju ári. Það dugar ekki til og kvartanir aukast ár frá ári vegna ágangs máva.

Þórunn Högnadóttir, þáttastjórnandi á Skjá einum, hefur sterkar skoðanir á mávum enda verður hún fyrir talsverðu ónæði af þeirra völdum. „Það er óhætt að segja það. Ég bý uppi í Grafarvogi en þangað koma stundum stórir hópar af mávum og ég vakna oft við lætin í þeim,“ segir hún, ekki alls kostar hrifin.

Þórunn telur best að láta þar til bær yfirvöld um það að ráða niðurlögum mávanna, sjálf viti hún ekki hvernig best sé að ganga frá þeim. Henni finnst hins vegar borgaryfirvöld hafa brugðist. „Ég held að það sé óhætt að segja að þau hafa ekki tekið almennilega á þessari plágu,“ segir hún en telur þó ekki að stjórnarskipti í borginni muni endilega leysa vandann.

Það er fyrst og fremst mávahláturinn sem fer í taugarnar á Þórunni og það á rætur að rekja til þess þegar hún var yngri. „Það voru oft mávager í kringum heimilið og ég var alltaf að vakna við gargið í þeim,“ rifjar hún upp og finnst ekki ofmælt að kalla máva rottur með vængi.

# Undarlegir atburðir í netferðalagi

**Verðlaun voru veitt í sögusamkeppni SAFT á dögunum en til hennar var efnt til að vekja athygli á nauðsyn öruggrar netnotkunar barna og unglinga. 54 sögur bárust í keppnina og hafði dómnefnd ærinn starfa við að velja sex verðlaunasögur.**

Ógnir netsins eru alkunnar og um leið ljóst að forvitin og hvatvís ungmenni vita ekki alltaf hvar þær leynast. SAFT er vakningarátak um örugga og ábyrga notkun á netinu og er ætlað að efla vitund um hvernig hægt er að njóta netsins á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt.



**VERÐLAUNAHAFARNIR OG FORSETINN** Börnin sex sem unnu til verðlauna, ásamt fulltrúum Heiðarskóla í Reykjanesbæ með Ólafi Ragnari Grímssyni.

Í sögusamkeppninni áttu þátttakendur að fara í ferðalag um netið með fígúrunni Netverði, hundinum Alpha og stelpunni Mötu. Öll þrá þau ævintýri en þurftu hjálp krakkanna til að lenda ekki í vandræðum á netinu.

Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, var formaður dómnefndar og við verðlaunaafhendinguna, sem fram fór á Borgarbókasafninu á þriðjudag, gerði hann sköpunargáfu æskunnar að umtalsefni. Varaði hann við þeirri tilhneigingu samfélagsins að vilja koma böndum á sköpunarkraftinn og steypa alla í sama mót.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin og minntist þess tíma þegar bókaverðir gættu þess að hann kæmist ekki í lesefni fullorðna fólksins á bókasöfnunum. Sama eftirlit væri ekki viðhaft þegar netið væri annars vegar.

Sigurvegarnir voru leystir út með verðlaunum frá Pennanum, Senu, Link og EJS. ■

### YNGRI FLOKKUR 9-12 ÁRA:

**1. verðlaun:** Fríða Theodórsdóttir, 10 ára, Klébergsskóla á Kjalarnesi fyrir söguna Netferðalagið.
**2. verðlaun:** Helga Sædís Jónsdóttir 10 ára, Álftanesskóla fyrir söguna Netferðin.
**3. verðlaun:** Elín Jósepsdóttir,11 ára, Borgarhólsskóla á Húsavík fyrir söguna Netferðalag Mötu, Alpha og Netvarðar.

### ELDRI FLOKKUR 13-16 ÁRA

**1. verðlaun:** Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir, 14 ára, Varmalandsskóla í Borgarfirði fyrir söguna Undarlegir atburðir.
**2. verðlaun:** Elín Þórsdóttir, 13 ára, Hólabrekkuskóla í Reykjavík fyrir söguna Björgunarleiðangurinn.
**3. verðlaun:** Stefán Jóhannsson 13 ára, Seyðisfjarðarskóla fyrir söguna Netrallýið ógurlega.

**Skólaverðlaun:** Heiðarskóli í Reykjanesbæ fékk verðlaun fyrir glæsilega þátttöku bekkjarins 4-HS sem sendi inn 11 sögur.

**BROT ÚR VERÐLAUNASÖGU FRÍÐU THEODÓRSDÓTTUR**

### NETFERÐALAGIÐ

Ég stóð upp og leit í kringum mig. Þetta var skrítinn staður og hann var eins og eyðieyja, lítið tómt svæði umkringt svörtu tómi sem myndi gleypa mig ef ég færi ekki varlega. Allt í einu birtist stelpa fyrir framan mig svo skyndilega að ég hrökk við. Stelpan var skringilega klædd og dökkhærð en það sem mér þótti skrítnast voru fjólublá augun í henni. „Hver ertu eiginlega?“ spurði hún. „Venjulega er ég kölluð Fría, en hvað heitir þú?“sagði ég. „Ég heiti Mata. En ég kannast ekki við þig, frá hvaða vef ert þú eiginlega?“ „Ég kem frá Reykjavík og lenti einhvern veginn hérna“ „Reykjavík? Hvaða heimasíða er það?“ „Reykjavík er ekki heimasíða en talandi um heimasíður. Þýðir það að við séum á netinu!?“ „Já það held ég nú“ „En hvernig komst ég hingað?“ Mata varð alvarleg á svipinn og sagði: „Ég opnaði göng á milli netsins og raunveruleikans í þeirri von að einhver myndi fara í gegn því að okkur hérna á netinu vantar hjálp við að útrýma vírusunum sem eru að brjóta netið niður. Getur þú hjálpað okkur?“

### LESEFNIÐ VALIÐ OFAN Í BÖRNIN

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON MINNTIST Á BÓKAVERÐI Í RÆÐU SINNI.**

Hugur Ólafs Ragnars reikaði til æskuáranna vestur á fjörðum þar sem almenningsbókasafnið var opið tvisvar í viku, klukkustund í senn. „Það var í kjallaranum hjá gömlum heiðursmanni og þegar ég byrjaði að fara þangað sem strákur og ætlaði að velja mér bækur tók sá gamli af skarið og sagði; „þessa, ekki þessa“.“

Þannig var þess gætt að Ólafur Ragnar og önnur börn kæmust ekki í óæskilegt lesefni.

Sama var uppi á teningnum þegar hann flutti til Reykjavíkur, tíu ára að aldri, og sótti Borgarbókasafnið sem þá var í Þingholtunum. „Þar var mikil barnabókadeild og ég held að ég hafi afrekað að lesa nánast allt sem þar stóð til boða. Svo voru vinsamlegar konur við afgreiðsluborðið sem pössuðu upp á að við færum ekki í aðrar deildir og náðum í lesefni sem ekki var fyrir börn.

Þetta fannst okkur sjálfsagt og eðlilegt. En netheimarnir eru ekki þess konar veröld, þeir eru satt að segja þannig að þeir bjóða upp á miklar hættur og refilstigu og enginn hefur í raun og veru í hendi sér að stjórna,“ sagði Ólafur Ragnar en bætti við að þrátt fyrir hætturnar hefði netið veitt fólki mikið frelsi.

**BROT ÚR VERÐLAUNASÖGU INGIBJARGAR ÓLAFAR BENEDIKTSDÓTTUR**

### UNDARLEGIR ATBURÐIR

„BÍB!“ gargaði talvan allt í einu svo Lilja hrökk í kút. Þegar hún loksins náði andanum áttaði hún sig á því að hún var byrjuð að minnka, eða talvan að stækka. Þegar talvan var orðin jafn stór og 6 hæða blokk byrjaði Lilja skelfingu lostin að hlaupa af stað. Talvan stökk á hana og gleypti hana í sig.

Enn og aftur var litla tölvuherbergið orðið tómt fyrir utan gamla skrifborðið og tölvuna, sem var nú búin að koma sér fyrir út í horni.

Ekkert hljóð heyrðist í þessu stóra húsi, nema suðið í tölvunni...




### BÓKIN FYRST, SVO FRÆÐIN

**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON TALAÐI MEÐAL ANNARS UM SKÖPUNARKRAFT UNGA FÓLKSINS.**

Það gildir um alla þá sem verðlaunaðir eru að þeir eru augljósir fulltrúar hins óhefta ímyndunarafls og hinnar fersku hugsunar sem við sem eldri erum höfum því miður lært að losa okkur undan í endurteknum samræmdum prófum og stöðluðum verklýsingum og ofuráherslu á eitthvað sem ég veit ekki hvað er en kennt er við staðreyndir og raunveruleika.

Við lestur þessara sagna gat ég ekki varist þeirri hugsun að keppni af þessu tagi hljóti að vera boðberi nauðsynlegra breytinga í kennsluháttum þar sem meira kapp verði lagt á að opna ungu fólki sem greiðasta leið til tjáningar heldur en að lauma því smám saman í þá spennitreyju akademískra fræða sem kennd er við ýmist bókmenntafræði, málfræði, listfræði, leikhúsfræði, tónfræði, dansfræði og allt þetta hitt sem blásið hefur verið upp sem hin raunverulega aðferðafræði sköpunarinnar.

Það er kominn tími til, hugsaði ég þegar ég las í gegnum þessar sögur og sá möguleikana sem felast í því að vinna út frá öðru heldur en hefðbundnum viðhorfum til sagnagerðar, að við rifjum það upp að fyrst kom bók, svo kom bókmenntafræði.


1.73GHz örgjörvi
1 GB minni
100 GB harðdiskur
128 MB skjákort
BATTLEFIELD 2
acer
LENDIR Í DAG
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
acer
intel inside Dothan
centrino
MOBILE TECHNOLOGY
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
www.tolvulistinn.is
ACER 1692WLMI 1.73GHz FERÐATÖLVA MEÐ ÖLLU
INTEL DOTHAN 2MB
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni
15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu
8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD
128MB ATI X700
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík
TENGINGAR
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.
ÞYNGD OG RAFHLAÐA
Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tímar
Örgjörvi 1.73GHz Pentium M Dothan740
Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Vinnsluminni 1GB 533MHz Dual DDR2
Einfalt að stækka minnið í 2GB
Harðdiskur 100 GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 128MB ATI Radeon X700
Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
Á íslensku eða ensku
Annað 4 in 1 minnis-kortalesari
Innbyggður kortalesari fyrir flest kort
VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR
VERÐ 149.900
Lendir í dag • Fyrstir koma fyrstir fá
MasterCard
VISA
Öll helstu tölvukaupalán eins og Vísa/Euro raðgreiðslur að 36 mánuðir, VÍS tölvukaupalán að 48 mánuðum sem og lán frá bönkum og sparisjóðum
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

# Ótrúlegt tilboð!




SÖNGVABORG 1+2 OG 1kg ss PYLSUR
**1898** KR.
FRÁBÆR KAUP!

ERAN/Landlist

## Söngvaborg 1 og 2 á DVD + 1 kíló af SS pylsum

EKKERT BRUÐL

Frábært úr frystinum: FYRIRMYNDARTERTUR!




SALZBURG TERTUR
**399** KR.
700g




ENGIFERKÖKUR 300g
**129** KR.

Enn fleiri góðar vörur í EUROSHOPPER safnið!




ES sulta
**99** KR.
450g

## Skynsemin velur Bónus!




30% AFSLÁTTUR AF ÖLLU ÁLEGGI FRÁ KJARNAFÆÐI!
**30% afsláttur** við kassann



KOFAREYKT BJÚGU
**299** Kg KR.

**Sveitabjúgu**
KOFAREYKT

KJARNAFÆÐI



HANGIBITAR
**699** Kg KR.

KOFAREYKTIR FRAMPARTSBITAR
**Hangikjötið**

EKKERT BRUÐL

## -OG ÁFRAM MEÐ EUROSHOPPER VÖRURNAR!

AFGREITT VIÐ KASSANN




**2999** KR.
120 töflur

SKOÐIÐ INNIHALDSLÝSINGUNA VANDLEGA

2 töflur innihalda:

| | |
|---|---|
| RNA (ribonucleic) | 100 mg |
| DNA (deoxyribonucleic) | 100 mg |
| SOD (vegetabilsk) | 125 mg |
| M Wild Yam | 100 mg |
| Vitamin C | 1000 mg |
| Blanding af: | 200 mg |

-Citronbiofravon
-Hesperidinkomplex
-Acerola

**Við leitum ALLTAF** að besta verðinu!




RÍSKÖKUR
**59** KR.
100g

KORN/FLÖGUR
**179** KR.
500g

ÁVAXTAMÚSLÍ
**159** KR.
1 KÍLÓ!

EKKERT BRUÐL




MÚSLÍ
**99** KR.
454g



RÚGBRAUÐ
**59** KR.
HÁLFT KÍLÓ

6 PÍTUBRAUÐ
**79** KR.

Fylgist með EUROSHOPPER vörunum í Bónus!

bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is BÓNUS bonus.is



Helgartilboðin eru klár!
2 LÍTRAR
159 KR.
Vanillu ís 2 lítrar
BÓNUS
15 hvítlaukssneiðar
Knobis Garlic Slices
15 HVÍTLAUKSSNEIÐAR
199 KR.
30% afsláttur við kassann
FERSKAR FRÁ ALI
979 kg KR.
30% AFSL. VIÐ KASSANN MERKT VERÐ 1398kr.
SVÍNAKJÖT
Ferskar ALI svínakótelettur
SAFARÍKUR EIKAKJÚKLINGUR
789 KÍLÓVERÐ KR.
Grillaður kjúklingur
Fersk og góð frá Holtabúinu
HÁLFÚRBEINUÐ FERSK og SKINNLAUS KJÚKLINGALÆRI
597 kg KR.
40% afsláttur við kassann Merkt verð 997kr.
Grillaður Eikakjúklingur
Ferskur Holtakjúklingur
40% afsláttur við kassann
Hálfúrbeinuð og skinnlaus læri
BONUS HRÍSGRJÓN FERSK AF AKRINUM 2 Kg
2 KÍLÓ
129 KR.
Hrísgrjón 2 kíló
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
5x100g SUÐUPOKAR JASMÍN HRÍSGRJÓN
79 500g KR.
Langbrauð með jurta-/ hvítlaukssmjöri
Baguette
2 LANGBRAUÐ
199 KR.
I. flokks frosið SS SÚPUKJÖT
I. FLOKKS SÚPUKJÖT
359 kg KR.
ÍSLENSKAR PREMIER OG RAUÐAR
TVÖ KÍLÓ!
Kartöflur 59 KR.
NÝ UPPSKERA!
EKKERT BRUÐL
Bleiur sem beðið er um:
STÓRPAKKNING
699 KR.
NORDISK MILJØMÆRKNING • NORDIC ECOLABEL •
SS fremstir fyrir bragðið
129 KR. PAKKINN
80 BOSSAÞURRKUR
BAMBO Nature
42 JUNIOR 15-25 kg
56 MIDI 5-10 kg
50 MAXI 8-18 kg
46 MAXI-PLUS 12-22 kg
Vistvænu Bambó barnableiurnar
bonus.is BÓNUS

## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi fólks sem greindist með sárasótt á árunum 1997 til 2004




Heimild: Landlæknisembættið

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ÚRVALSVÍSITALAN

# *Einfölduð mynd af gengi íslenskra fyrirtækja*

Fólk kveikir vart á útvarpi, les blöð eða horfir á sjónvarp án þess að minnst sé á Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Sú vísitala hækkar eða lækkar daglega en hvað stendur þessi vísitala fyrir og hverju er henni ætlað að áorka?



**Hvað er Úrvalsvísitalan?**
Afar gróflega má segja að Úrvalsvísitalan íslenska eigi við um þau íslensku fyrirtæki sem auðveldast og ódýrast er að eiga viðskipti með hverju sinni. Þó eru aðeins fimmtán fyrirtæki í hverju úrtaki fyrir Úrvalsvísitöluna og er það endurskoðað á sex mánaða fresti og með tilliti til markaðarins hvort breyta eigi þeim fyrirtækjum sem þar eru hverju sinni.

**Hvers vegna hækkar hún og lækkar?**

Úrvalsvísitalan hækkar og lækkar hverju sinni í takt við gengi þeirra fimmtán fyrirtækja sem vísitalan er byggð á. Þar er þó ekki litið til heildarmarkaðsvirði heldur það sem fagmenn kalla flotgengi sem eru þau bréf í viðkomandi fyritækjum sem aðgengileg eru fjárfestum til kaups og sölu. Fjölmargar aðrar reglur og takmörk sem ekki verða tíunduð hér hafa einnig áhrif á mælingu hvers og eins fyrirtækis og áhrif þeirra á Úrvalsvísitöluna. Sem dæmi þurfa ekki að vera mikil viðskipti hjá íslensku bönkunum til þess að þau hafi áhrif á vísitöluna þar sem bankarnir allir eru mjög stórir aðilar á markaðnum.

**Hver er tilgangurinn?**
Úrvalsvísitalan gefur leikmönnum sem áhugafólki grófa stöðu hvern dag fyrir flest stærstu fyrirtæki landsins. Fagfjárfestar nota bæði Úrvalsvísitöluna og aðrar vísitölur eins og Hlutabréfavísitöluna til að fá yfirsýn yfir markaðinn á stuttum tíma. Úrvalsvísitalan gefur þannig upplýsingar um verðþróun en er einnig hvati því þangað komast aðeins útvalin fyrirtæki.












**MANNFALL AF VÖLDUM NÁTTÚRUHAMFARA SÍÐUSTU ÁRA**

# Móðir náttúra er óblíð

**Fellibylurinn Katrín er einhver mesta óáran sem dunið hefur yfir Bandaríkin í háa herrans tíð. Jarðarbúar hafa raunar ekki farið varhluta af náttúruhamförum síðustu árin. Lætur nærri að stærstu hörmungarnar hafi kostað hátt í hálfa milljón mannslífa.**

Algert upplausnarástand virðist ríkja á hamfarasvæðunum í sunnanverðum Bandaríkjunum. Gripdeildir og aðrir glæpir eru orðin svo illviðráðanleg að sett hafa verið herlög í New Orleans til að stemma stigu við vargöldinni. Drykkjarvatn er á þrotum, 2,3 milljónir manna eru án rafmagns og hætta er talin á að sjúkdómar breiðist út. Margir mánuðir eru sagðir þangað til íbúar New Orleans fái að snúa aftur til síns heima og í bænum Slidell í Louisiana er talið er að níutíu prósent íbúðarhúsa séu annað hvort mikið skemmd eða gjörónýt. Efnahagslegra áhrifa hamfaranna mun gæta um allan heim.

Enn sem komið er hafa stjórnvöld verið treg til að gefa upp hversu margir hafa látið lífið en leggja þess í stað áherslu á björgunarstarfið. Vitað er að ellefu manns biðu bana í Flórída þegar Katrín gekk þar á land í síðustu viku og staðfest hefur verið að 185 hafi týnt lífi í Mississippi. Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, býr sig undir hið versta. „Við vitum af mörgum líkum fljótandi í vatninu og af öðrum látnum uppi á háaloftum. Ég óttast að í það minnsta hundruð hafi farist, líklegast þúsundir.“

### Jarðskjálftar og flóðbylgjur

Síðustu árin hafa náttúruhamfarir af ýmsu tagi dunið yfir heiminn með tilheyrandi mannfalli og tjóni á munum. Eins og sjá má af meðfylgjandi korti eru jarðskjálftar sú tegund hamfara sem alvarlegastar afleiðingar hefur en flóð koma þar á eftir. Þegar þetta tvennt fer saman, jarðskjálftar og flóðbylgjur í kjölfar þeirra, verður skaðinn geigvænlegur. Þannig er jarðskjálftinn á Súmötru og flóðbylgjan í kjölfar hennar á öðrum degi jóla í fyrra einhverjar verstu náttúruhamfarir sögunnar, ríflega þrjú hundruð þúsund manns týndu lífi í þeim hörmungum.

Flóð eru nánast árviss viðburður í sunnanverðri Asíu þegar monsúnrigningarnar standa yfir. Hið sama má segja um fellibylji sem ganga inn á Mexíkóflóa af Atlantshafi, en tugþúsundir hafa beðið bana í slíkum fárviðrum á undanförnum árum. Skýstrokkar, stórhríðar og skógareldar valda jafnan miklum spjöllum en stórfellt manntjón er fátítt við slíkar aðstæður. Athygli vekur að fáir virðast hafa dáið í eldgosum á síðastliðnum árum og þarf að leita til ársins 1985 til að finna verulega mannskætt eldgos. Þá fórust 23.000 íbúar Armero-borgar þegar jökulhetta fjallsins Nevado del Ruiz í Kólumbíu bráðnaði vegna goss og flæddi yfir bæinn.

Hátt í hálf milljón manna hefur týnt lífi í þeim hörmungum sem hér hafa verið taldar en vitaskuld snarhækkar sú tala ef allar smærri hamfarir bætast við, svo ekki sé minnst á hungursneyðir og aðrar þrengingar sem af óáranninni geta leitt.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**ALGJÖR EYÐILEGGING** Flóðbylgjan á annan dag jóla varð ríflega 300.000 manns að bana. Eignatjón var gífurlegt í hamförunum.

# SIEMENS



**Full búð af nýjum vörum Uppþvottavélum, þurrkurum, þvottavélum, kæli- og frystiskápum**

Braun rafmagnstannbursti fylgir með öllum þessum vörum*

SIEMENS
KÆLING
99.900,-

## KG33V390

Kælirými: 206 l
fjórar hillur, þar af þrjár stillanlegar, flöskuhilla
grænmetisskúffa
Frystirými: 84 l
Sjálfvirk affrysting
Super Cooler og
Super Freezer
Stærð: 175 x 60 x 65
Orkunotkun A
Hægri opnun, en hægt að snúa við



SIEMENS
UPPÞVOTTUR
89.900,-

## SF25T552

3 þvottakerfi
5 hitastig: 55 - 65°, 50°, 45°,
flýtikerfi og skol
49db
Orkunotkun: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
45 cm breið, frístandandi stál, stillanleg efrihilla, barnalæsing

SIEMENS
UPPÞVOTTUR
69.900,-

## SF24M255

3 þvottakerfi
1 hitastig
Hvít
52db
Orkunotkun: C
Þvottahæfni: B
Þurrkhæfni: C
45 cm breið

CONSTRUCTA
UPPÞVOTTUR
59.900,-

## CG445S2

4 þvottakerfi
3 hitastig: 50°, 65°, 35°,
flýtikerfi og skol
Stillanleg efrihilla,
tímagluggi, tímastillir
Orkunotkun: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
60 cm breið, frístandandi

# Siemens í eldhúsið



SIEMENS
KÆLING
129.900,-



SIEMENS
SOPINN
64.900,-



SIEMENS
KRAFTUR
14.900,-

## KG36P390

Kælirými: 227 l
Frystirými: 87 l
Sjálfvirk affrysting
Kælivifta
Stærð: 185 x 60 x 65
Orkunotkun A
2 pressur

## TK60001

Breytir baun í kaffi
framreiðir cappuccino og espresso
1300 wött
15 bör
Flóar mjólk í kaffið
sýður vatn í te
Tekur allt að 250 g af baunum
Tekur allt að 1,8 l af vatni
Verðlaunahönnun

## VS06G1800

1800 Watta kraftur
2 aukahlutir geymdir í sér hólfi í vélinni
Góður haus
Stillanlegt skaft
Hljóðlát
Stillanlegur kraftur

# expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 I laugardaga kl. 10.00 - 18.00 I sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Birt með fyrirvara um villur.

* Gildir meðan birgðir endast

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Rúmar tvær vikur eru þar til Þjóðverjar ganga að kjörborðinu í sambandsþingskosningum.

## Merkel og Schröder takast á í Þýskalandi

Báðir stóru þýsku flokkarnir hafa nú lokið kosningaþingum sínum, þar sem þeir hafa lagt línurnar fyrir sambandsþingskosningarnar 18. september. Á þessum þingum hafa foringjar flokkanna, þau Gerhard Schröder og Angela Merkel, stappað stálinu í flokksmenn sína og hvatt þá til dáða. Jafnframt því sem þau hafa gert nána grein fyrir stefnu flokka sinna hafa þau rifið niður stefnuskrá andstæðinganna eins og gengur og gerist í pólitík á Vesturlöndum.

*Margt getur gerst á síðustu tveimur vikum kosningabaráttunnar, en hæpið að Jafnaðarmenn nái fyrri styrk sínum á þinginu. Persónutöfrar Schröders og framkoma hans í fjölmiðlum vega þungt í baráttunni framundan, en á móti halda Merkel og hennar lið uppi harðri gagnrýni á Schröder og verk hans.*

Þótt enn sé rúmur hálfur mánuður í kosningarnar verður þeirra eflaust minnst vegna þess hvernig þær bar að, en Schröder samþykkti sjálfur vantraust á stjórn sína svo að forsetinn gæti boðað til kosninga. Þetta hljómar sem öfugmæli í mörgum löndum, og reyndar var þetta gagnrýnt mjög í Þýskalandi og málinu vísað til æðstu dómstóla þar. Úrskurður þeirra var sá að boðun kosninganna væri lögleg, en þetta var eina leiðin fyrir Schröder til að flýta sambandsþingskosningum um eitt ár.

Ástæðan fyrir því að kanslarinn vildi flýta kosningunum er einkum sú hvernig komið er fyrir efnahag landsins. Það eiga margir erfitt með að trúa því að stórveldið Þýskaland, þar sem talað var um efnahagsundur eftir stríðshörmungarnar, skuli vera komið í þá stöðu efnahagslega sem það er í nú. Margir halda því fram að sameining þýsku ríkjanna hafi verið dýrkeypt fyrir sameinað Þýskaland, en aðrir segja að ósveigjanlegar reglur á vinnumarkaði eigi mikinn þátt í því hvernig komið sé. Þjóðverjar hafi ekki staðist samkeppni í mörgum greinum atvinnulífsins frá öðrum löndum. Staðreyndin er sú að um fimm milljónir manna eru skráðar atvinnulausar um þessar mundir í Þýskalandi og hefur hvor flokksforingi um sig sína lausn á þeim vanda. Reyndar hratt Schröder kanslari af stað ýmsum breytingum í efnahagslífinu um þær mundir sem hann var að undirbúa að flýta kosningunum, og svo virðist sem þær aðgerðir séu farnar að segja til sín.

Fyrir utan karp milli stóru flokkanna um það hvort þau Angela Merkel og Gerhard Schröder eigi að koma fram í einu eða fleiri sjónvarpseinvígjum gengur umræðan í Þýskalandi mikið út á það hvers konar stjórn taki við að loknum kosningum. Sumir spá því jafnvel að stóru flokkarnir – Jafnaðarmenn og Íhaldsmenn – fari saman í stjórn, þar sem Merkel verði kanslari. Jafnaðarmenn og Græningjar muni ekki ná meirihluta, enda séu Jafnaðarmenn búnir að fá sig fullsadda af samstarfinu við Græningja. Það hafi haft í för með sér eilíf vandræði og sé eitt af því sem hafi orðið til þess að Schröder og stjórn hans misstu tiltrú kjósenda.

Margt getur gerst á síðustu tveimur vikum kosningabaráttunnar en hæpið er að Jafnaðarmenn nái fyrri styrk sínum á þinginu. Persónutöfrar Schröders og framkoma hans í fjölmiðlum vega þungt í baráttunni framundan, en á móti halda Merkel og hennar lið uppi harðri gagnrýni á Schröder og verk hans.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nei!

„Já“ heitir nýtt dótturfyrirtæki Símans. „Nafnið er einfalt og auðvelt í notkun og umfram allt jákvætt,“ segja þeir Símamenn. Það er auðvitað í samræmi við tíðarandann, þegar allir eiga að vera „hressir“ eða „í stuði“. Íhaldssamir menn og nöldurhneigðir velta því fyrir sér hvort engin takmörk séu fyrir því hvað megi vera í friði fyrir auglýsingamennsku nútímans. Og að minnsta kosti einum þeirra finnst þessi nafngift dapurlegt dæmi um hugmyndaskort.

### Umhverfisvænt

Margar vörur í búðum eru nú sagðar „umhverfisvænar“? Hvað þá með allar hinar vörurnar sem ekki hafa slíkan stimpil? Annars virðist eitthvað á reiki hvað þetta orð merkir nákvæmlega. Var það ekki Broddi Jóhannesson prófessor sem spurði þeirrar spurningar hér um árið hvort „umhverfisvænt“ væri ekki bara það sama og heitið hefur „meinlaust“ fram til þessa? Hvers vegna þarf þá nýtt orð?

### Tannréttingar

Meðalkostnaður við tannréttingar er um 450 til 600 þúsund krónur, segir í Fréttablaðinu í gær. Opinber stuðningur á móti er lítill hluti upphæðarinnar. Hvers vegna kostar þetta svona mikið? Getur verið að skortur á samkeppni sé skýringin? Aðeins átta menn vinna við þetta. Kannski, segir viðmælandi blaðsins í tannlæknastétt, en vill ekki nema svona einn til tvo til viðbótar í stéttina. Við hin viljum að minnsta kosti tuttugu nýja tannréttingarmenn, stórlækkun á taxtanum og spáum því að upp úr því fari þjóðin að brosa breiðar.

### Grafskrift?

DV spurði í gær borgarstjórann í Reykjavík, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, hvar hún vildi helst búa ef hún væri að flytja utan af landi á höfuðborgarsvæðið. Svarið var: „Í Hafnarfirði. Gamall og sjarmerandi bær“. Ætli það megi ekki hafa þetta svar sem nokkurs konar grafskrift yfir Reykjavíkurlistanum?



gm@frettabladid.is

## Skattalækkun tímabær!

Í DAG
SKATTHEIMTA



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Upp eru risnir ýmsir spekingar, sem dustað hafa rykið af kennslubókum sínum frá sjötta áratug síðustu aldar, og halda því nú fram, að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar séu ekki tímabærar vegna þenslunnar, því að þær muni auka á hana. Ríkið eigi eins og Keynes lávarður hafi kennt okkur að reyna að jafna sveiflurnar í atvinnulífinu með því að lækka skatta í kreppu og hækka þá í þenslu, auka framkvæmdir í kreppu og minnka þær í þenslu.

Þessi speki Keyness lítur betur út við fyrstu sýn en þegar nánar er að gáð. Í fyrsta lagi er hætt við, að spekingarnir, sem leggja vilja á ráðin um slíkar aðgerðir í því skyni að jafna sveiflur, hitti ekki alltaf á rétta tímann vegna óhjákvæmilegs upplýsingaskorts og óvissu um framtíðina. Í öðru lagi er ríkið ekki skepna, sem treysta má til að bregðast skynsamlega við sveiflum í atvinnulífinu, heldur alræmd og ólæknandi eyðsluhló. Hvers vegna ætti féð, sem tekið hefur verið af almenningi í sköttum, að vera betur geymt í sjóði þess?

Margar aðrar fræðilegar og hagnýtar ástæður eru til þess, að raunsæir fræðimenn telja nú á dögum, að ríkið geti lítt sinnt virkri sveiflujöfnun, heldur skuli það einbeita sér að góðum eigin rekstri og framboði traustra peninga. Það er síðan spurning, hvort góðærið síðustu ár sé ekki fremur hraður vöxtur atvinnulífsins en þensluskeið, sem hljóta að ljúka með kreppu. Er ekki æskilegt, að fólk hafi meira handa í milli? Á góðæri að vera sérstakt áhyggjuefni?

*Er ekki æskilegt, að fólk hafi meira handa í milli? Á góðæri að vera sérstakt áhyggjuefni?*

Ríkið hefur vissulega einbeitt sér að góðum eigin rekstri frá 1991. Á nokkrum árum var hinum mikla halla á ríkissjóði, sem vinstri stjórn hafði skilið eftir sig, breytt í afgang, sem notaður var til að grynnka á skuldum ríkisins. Þær hafa lækkað úr um 50% landsframleiðslu í um 15%. Ríkið er því prýðilega aflögufært. Og þá er tímabært að lækka skatta.

Önnur ástæða er til þess, að tímabært er að lækka skatta. Þótt ríkisstjórnin, sem hér hefur setið óslitið frá 1991, hafi vissulega fellt niður aðstöðugjald og lækkað tekjuskatta fyrirtækja úr 50% í 18% og sé nú í óða önn að lækka tekjuskatt einstaklinga, hátekjuskatt og erfðafjárskatt og fella niður eignaskatt, hefur skattbyrði Íslendinga heldur þyngst en hitt.

Mér sýnast einkum þrjár ástæður til þess. Í fyrsta lagi hefur skattafsláttur ekki hækkað til jafns við tekjur, svo að fjöldi fólks greiðir nú tekjuskatt, sem áður gerði það ekki. Þetta er auðvitað frá almennu sjónarmiði séð æskileg þróun. Fólk er hætt að vera lágtekjufólk. Í öðru lagi og af sömu ástæðu greiðir fjöldi fólks hátekjuskattinn svonefnda, en gerði það ekki áður. Það er vissulega æskilegt, að afkoma þessa fólks hefur batnað, en óæskilegt, að skattþrepin séu í raun tvö.

Þriðja ástæðan er alkunn. Reykjavíkurborg, sem hefur verið undir óstjórn vinstri manna, hefur ásamt öðrum sveitarfélögum tekið aftur frá fólki með hækkun útsvars það, sem því var skilað með lækkun tekjuskatts. (Það er síðan annað mál, að jafnframt hefur Reykjavíkurborg safnað skuldum ólíkt ríkinu.)

Að því er líka að gæta, þegar skattbyrði er metin, að ríkisstjórnin, sem setið hefur frá 1991, hefur lækkað ósýnilegar álögur fyrri stjórna. Verðbólga er auðvitað ekkert annað en lævíslegur skattur á notendur peninga. Og skuldasöfnun vegna hallarieksturs ríkisins er skattur á komandi kynslóðir.

Skattbyrði almennings hefur því ekki þyngst vegna aðgerða Davíðs Oddssonar og félaga hans í ríkisstjórn. Hún er þó enn of þung. Þar sem afkoma ríkissjóðs er bærileg, ætti því nú að ráðast í enn frekari skattalækkanir, skila fólkinu meira af því, sem það hefur aflað í sveita síns andlits og er best komið í höndum þess. Æskilegast væri, að tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja væri hinn sami og fjármagnstekjuskattur, 10%. ■








FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


30
HÆGÐU Á ÞÉR
BÖRN AÐ LEIK
Skilaboð sem varða líf
og heilsu barnanna okkar
tökum við öll alvarlega.
Hámarkshraði í flestum
íbúðahverfum er 30 km
á klukkustund.
UMFERÐARSTOFA
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UFS 25842 09/2004

# Borgarstjórn: Sjálfsmorðssprengjuárás!



**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRNAR-KOSNINGAR

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

*Ef vel tekst til með uppstillingu Samfylkingar og málefnabaráttu má búast við því að Samfylkingin fái sex borgarfulltrúa. Félagshyggjuflokkarnir halda að líkindum meirihlutanum í borgarstjórn.*

Fréttablaðið birti niðurstöðu skoðanakönnunar um borgarstjórnarkosningar 29. ágúst síðastliðinn. Þetta var fyrsta skoðanakönnunin eftir að ljóst var, að R-listinn mundi ekki bjóða fram í kosningunum næsta vor. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli. Samkvæmt þeim mundi Sjálfstæðisflokkurinn fá níu borgarfulltrúa, ef kosið væri nú, Samfylkingin fimm, VG einn en hinir flokkarnir engan. Samkvæmt þessum úrslitum mundi Sjálfstæðisflokkurinn fá meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Þessi niðurstaða staðfestir það, er ég hefi óttast, að endalok R-listans mundu færa Sjálfstæðisflokknum meirihlutann í Reykjavík. Það er ekki aðeins, að mörg atkvæði fari til spillis, þegar R-lista flokkarnir bjóða fram hver fyrir sig heldur virðast kjósendur refsa flokkum R-listans fyrir að geta ekki komið sér saman.

Það er raunar mjög undarlegt, að Vinstri grænir skyldu sprengja R-lista samstarfið í loft upp, þegar ljóst var að það mundi bitna mjög illa á þeim sjálfum. Þeir höfðu tvo borgarfulltrúa kjörna af R-listanum en fá aðeins einn samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Þeir missa 50%. Og hið sama er að segja um Framsókn. Hún fer enn verr út úr því. Hún stórtapar á því að vera ekki innan R-listans áfram. Hjá Framsókn er tapið 100%. Þeir fá engan mann kjörinn en höfðu tvo. Framsókn er kokhraust þrátt fyrir þessa niðurstöðu og segist munu rétta sig af í kosningabaráttunni. En það er engan veginn víst. Framsókn í borgarstjórn geldur óánægju kjósenda með Framsókn í landsmálunum. Eini flokkurinn sem ekki tapar samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins er Samfylkingin. Hún fær fimm menn kjörna eða fleiri en hún hefur haft frá síðustu kosningum. Það er alveg ljóst, að skynsamlegt hefði verið fyrir VG og Framsókn að samþykkja tillögur Samfylkingarinnar um skipan manna á R-listann. Raunar gat Framsókn fallist á þær en VG ekki.

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgið í borgarstjórnarkosningum svöruðu eða tóku afstöðu 56,8% af þeim 800, sem spurðir voru. Það eru aðeins 454. Af þeim tölum er ljóst, að margt getur breyst fram að kosningum. Reikna má með því, að flestir, sem ekki tóku afstöðu séu R-lista menn. Þeir eru enn að átta sig á breyttum aðstæðum. Flestir þeirra munu skila sér til félagshyggjuflokkanna. Frjálslyndir og Framsókn munu sennilega fá hvorn sinn manninn kosinn. Spurningin er síðan hvort Samfylkingin fær fimm eða sex menn kjörna. Ef vel tekst til með uppstillingu Samfylkingar og málefnabaráttu má búast við því að Samfylkingin fái sex borgarfulltrúa. Félagshyggjuflokkarnir halda að líkindum meirihlutanum í borgarstjórn. ■

# Áskorun um aðgerðir til þess að tryggja fæðuöryggi í Afríku

**UMRÆÐAN**
FÆÐUÖRYGGI Í AFRÍKU



**KOFI A. ANNAN**

Í síðustu viku hitti ég Sueba, tuttugu og þriggja ára gamla konu í Zinder sem er bær í einu helsta landbúnaðarhéraði Níger. Hún hafði gengið meira en áttatíu kílómetra með Zulayden, tveggja ára dóttur sína í fanginu, til að fá mat frá neyðaraðstoð. Sueba hafði þegar misst tvö börn úr hungri og barnið hennar vó nú aðeins 60 prósent af því sem tveggja ára barn á að gera. Hún sagðist óttast að litla stúlkan hennar myndi ekki hafa það af, eða í besta lagi myndi hún þurfa að líða hungur og skort alla ævi, rétt eins og móðirin. Með augnaráði sem ég gleymi aldrei, grátbað hún leiðtoga heimsins um að svara ákalli um hjálp ekki aðeins í dag heldur næstu mánuði og ár.

Þjóð og ríkisstjórn Níger hafa orðið fyrir hverju áfallinu af öðru, þar á meðal hungursneyð, viðvarandi þurrki, stækkun eyðimarka, engisprettufaraldri og hruni svæðisbundinna markaða. Ríkisstjórnin og borgaralegt samfélag hafa tekið höndum saman um að koma neyðaraðstoð til nauðstaddra, sérstaklega barna. Ég sá hrikalegar þjáningar í Níger en ég sá einnig merki um að landið geti rétt úr kútnum. Við þurfum öll að læra af þessari reynslu.

Seint og um síðir brást heimurinn við þjáningum Níger. En sagan gæti endurtekið sig í ríkjunum á jaðri Sahara, þar sem tuttugu milljónir manna búa í suður-Súdan, Eþíópíu, Erítreu, Sómalíu og suður-Afríku. Ef ríki heimsins grípa í taumana tímanlega, er hægt að koma í veg fyrir það.

Þriðji hver Afríkubúi þjáist af vannæringu, samkvæmt Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna. Á hverju ári deyja hundruð þúsunda afrískra barna af fullkomnlega viðráðanlegum orsökum, flest tengd vannæringu og hungri sem draga úr viðnámsþrótti líkamans.

Vandinn er jafnt af náttúrulegum toga sem og af manna völdum. Á þessum slóðum hafa umhverfisspjöll og útbreiðsla eyðimarka rænt íbúana ræktanlegu landi og drykkjarvatni og aukið hættuna á matarskorti. Óhagstæð þróun svæðisbundinna markaða hefur takmarkað aðgang margra fátækra heimila að matvælum. Þegar engisprettufaraldur fylgdi í kjölfar þurrka, dropinn sem fyllti mælinn á þessu viðkvæma, fátæka landsvæði.

Hungur fylgir fátækt. Það er engin tilviljun að hungurbeltið í dag fylgir vesturhluta svokallaðs



Sahel-svæðis á jaðri Sahara, eins fátækasta og minnst þróaða hluta heimsins. Afleiðingin er ekki bara hungur. Hungrinu fylgir fólksflótti, félagslegur óstöðugleiki, þrálátir sjúkdómar og vopnuð átök.

Við verðum að tryggja matvælaöryggi á fyrstu stigum, áður en þjáningarnar magnast og kostnaður við að koma nauðstöddum til aðstoðar margfaldast. Það er engin töfralausn til að uppræta hungrið og engin ein aðgerð dugar ein og sér. En það er margt sem hægt er að gera.

Í fyrsta lagi að bæta viðvörunarkerfi. Í sumum tilfellum mistókst Alþjóðasamfélaginu að greina á milli hversdagslegs vanda í landi þar sem það er ævinlega hörð barátta að fæða íbúana - og þess neyðarástands sem í raun var orðið. Sumar aðgerðir sem á eftir fylgdu voru ekki í samræmi við þá miklu neyð sem við var að glíma.

Í öðru lagi verður að tryggja nægilegt fé til þess að ríkisstjórnir, Sameinuðu þjóðirnar og óháð félagasamtök geti gripið til fullnægjandi undirbúningsaðgerða og flutt starfslið á meiri hraða en nú er. Eitt lykilatriði tillagna sem ég hef lagt fyrir Alheimsleiðtogafundinn í næsta mánuði er að tífalda Neyðarsjóð Sameinuðu þjóðanna í því skyni að SÞ geti snöggræst neyðaraðstoð þegar þörf krefur.

Í þriðja lagi þarf að leggja meiri áherslu á forvarnir. Skuldauppgjöf, aukin aðstoð og hagstæðari viðskiptakjör í þágu hinna fátæku til að efla innlendan landbúnað. Ef notkun áveitna í landbúnaði eykst, yrðu landsmenn minna háðir óreglulegri úrkomu og þar með gæti matvælaframleiðsla aukist. Almennt séð er nauðsynlegt að nýta vísindi og reynslu Asíubúa og fleiri til þess að koma af stað grænni byltingu í Afríku. Forvarnir eru alltaf ódýrari en lækning. En þegar of seint er að beita forvörnum, vegna þess að neyðarástand hefur skapast má ekki fórna lífsnauðsynlegri neyðaraðstoð á altari framtíðarlausna. Fólk á að vera í fyrirrúmi – ekki stefnumál.

Í fjórða lagi þarf að efla það starf og þau samtök sem þegar eru til staðar. Efnahagsbandalag Vestur-Afríku ríkja (ECOWAS) hefur í sífellt auknum mæli verið í stakk búið til að takast á við mannúðarvanda þessa heimshluta og ógn við frið og öryggi. Hinn nýji Félagsskapur um þróun Afríku (New Partnership for Africaís Development (NEPAD)) er sífellt mikilvægari rammi um þróunarsamvinnu á milli Afríkuríkja annars vegar og ýmist annara ríkja tvíhliða eða fjölþjóðasamtaka. Þessi samtök verðskulda alþjóðlega aðstoð.

Í fimmta lagi verðum við að líta í eigin barm í stað þess að leita sökuldólga. Allir sem hlut eiga að máli – ríkisstjórnir á þessu svæði, veitendur aðstoðar, alþjóðlegar fjármálastofnanir og hjálparsamtök – bera ábyrgð á ástandinu. Öll okkar, hvert á sinn hátt, brugðumst of seint við, vorum of sein að skilja hvað var á seyði, koma fólki á staðinn og útvega nægilega aðstoð.

Sameiginleg áskorun á okkur öll er að lina ónauðsynlegar þjáningar, auka viðbragðsflýti og efla staðbundna viðbragðsferla til að skapa fullnægjandi, heildstæða aðferð til að tryggja fæðuöryggi.

Afríka getur ekki þróast, komist í álnir eða verið raunverulega frjáls á tómum maga. Sueba, Zulayden og milljónir annara Afríkubúa munu aldrei þekkja í raun ef fátækt grefur undanleg mannlegri reisn þeirra. Í nafni þeirra og komandi kynslóða, verðum við að finna leið til þess að brjóta á bak aftur afrísku hungurvofuna.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.*


borðstofustólar

Grafíska smiðjan ehf. 09.05



Valencia kr. 22.800,- nú kr. 12.800,-



Y-076 kr. 24.800,- nú kr. 12.800,-



Y-088 kr. 18.800,-



HCL kr. 23.800,- nú kr. 15.800,-



Y-157 kr. 9.900,-

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

Opið virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Síðumúla 20 - 108 Reykjavík - Sími 568 8799 - www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is





*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 2. september, 245. dagur ársins 2005.




**SMÁAUGLÝSINGAR**
**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Ásmundur segir að fiskurinn geti verið aðeins breytilegur á bragðið.

# Ekki sama bragð fyrir austan og vestan

***Hjá sumum eldri og reyndari þjóðfélagsþegnum gengur sú saga fjöllunum hærra að ýsan sé ekki jafn góð á sumrin og á veturna. Fréttablaðið hafði samband við Ásmund Karlsson, eiganda Gallerý fisks, og spurði hann hvernig mismunandi árstíðir fara í fiskinn.***

„Villtur lax og silungur er náttúrlega bara ferskur á tímabilinu sem hann veiðist, sem er frá byrjun júní og fram í fyrstu vikurnar í ágúst. Þá hættum við að taka við því hann verður leginn og leiðinlegur,“ segir Ásmundur aðspurður um hvort einhverjar fisktegundir séu einungis fáanlegar á ákveðnum árstímum. „Aðrar fisktegundir sem við erum með fást allt árið.“

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Aldur 16+. Þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og umsögn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

### Kassastarfsmaður

Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Smáratorgi, Skútuvogi, Faxafeni og Seltjarnarnesi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

### Sjómenn

Háseti óskast á 70 tonna bát sem er á Lúðuveiðum. Upplýsingar í s. 659 9581.

Lagtækur verkstæðismaður óskast strax. Sjálfstæður og verklaginn með ýmsa reynslu. Góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

Lagtækir og sjálfstæðir menn óskast í steypusögun og kjarnaborun. Mikil vinna, góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

### Brasseria Askur, Suðurlandsbraut 4.

Óska eftir fólki í sal á vaktir og í hlutastörf, einnig í uppvask dagvinna. Uppl. í s. 553 9700 eða á staðnum milli kl. 14-17.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Ræstingaþjónustan óskar eftir starfsfólki til starfa í teymisvinnu við hreingerningar og bónun. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan starfskraft. Nánari upplýsingar eru gefnar virka daga kl. 9-12 í síma 587 3111.

Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar símar 565 3760 & 892 9660.

### Árbæjarbakarí

Starfskraftur óskast í afgreiðslu, frá 13-18.30 virka daga. Upplýsingar í síma 869 0414 eða á staðnum, Hraunbæ 119.

Símadömur! Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við spennandi símadömur. Nánari uppl. á www.rauda-torgid.is, og í s. 552 3349 og 899 7987.

### Fólk á miðjum aldri

Óskum eftir fólk á miðjum aldri í hreingernignar, 3 sinnum í viku á vetingarhúsið í miðbænum. Uppl. í s. 865 6902

### Fólk óskast í ræstingu

Jökull ræstingafyrirtæki óskar eftir fólki í 50-100% starf. Áhugasasmir sendi umsóknir á hector@jokullehf.com eða hringi í 696 3010.

### Baðvarsla Árbæjarlaug.

Óskum eftir að ráða starfsmann á kvennaböð í Árbæjarlaug. Um er að ræða vaktarvinnu. Uppl. veitir forstöðumaður í s. 411 5200

### Lettland

Vantar einkakennslu í lattnesku fyrir væntanlega búsetu í Lettlandi á ensku eða íslensku. Uppl. í s. 554 7323 & 896 3324 e. kl.18.

### Smiðir

Óska eftir einum eða tveimur smiðum, úti og inni vinna, verkstæðisvinna. Uppl. í s. 895 8763.

### Víkurvagnar óskar

eftir starfsmanni á verkstæði. Upplýsingar í síma 822 8808. Víkurvagnar ehf.

Blómaverslun til sölu. Mjög gott staðgreiðsluverð eða mjög góðir lána og greiðslumöguleikar. Uppl. í s. 694 4166.

Bifvélavirki, viðgerðarmenn og vélamenn óskast til vinnu á Árborgarsvæðinu. Upplýsingar í símum 865 3665 & 862 0727.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir vandaðri, vel launaðri atvinnu. Uppl. í s. 663 7569.

Kona óskar eftir vinnu við heimilisstörf, (passa börn, þrífa og þess háttar) helst í Grafarholti. S. 849 7166 & 856 2461.

### Meiraprófsbílstjóri

Vanur vörubílsstjóri óskar eftir starfi strax. Er einnig með lítinn sendibíl. Uppl. í s. 894 3151.

Duglegur maður með rafvirkjann, meirapróf og vinnuvélaréttindi óskar eftir vinnu við eitthvað á þessu starfssviði. Upplýsingar í s. 692 6322.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

### Kaupmaðurinn á horninu í Koalportinu

DVD mikið úrval, tónlist og bíómyndir verð frá kr. 300 stk.
**Kolaportið.**

## Einkamál







### Viltu vera memm?

300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is



**póst húsið**

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**

**101-11** Frakkastígur, Skúlagata
**101-14** Hverfisgata
**101-16** Grettisgata, Vitastígur
**101-17** Bárugata, Stýrimannastígur
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-24** Ránargata
**101-27** Eggertsgata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-44** Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
**101-51** Barónsstígur, Hlemmur, Hverfisgata, Snorrabraut
**101-56** Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
**101-61** Fossagata, Skerplugata
**103-03** Hvassaleiti
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-08** Langholtsvegur
**104-28** Ferjuvogur, Gnoðarvogur
**104-34** Dragavegur, Kleppsvegur, Norðurbrún
**105-02** Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata
**105-04** Háteigsvegur
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-12** Langahlíð, Skaftahlíð
**105-13** Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð
**105-19** Drápuhlíð, Mávahlíð
**105-21** Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
**105-28** Hofteigur, Laugateigur
**105-29** Gullteigur, Hrísateigur, Kirkjuteigur, Silfurteigur
**105-39** Blönduhlíð
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-01** Hringbraut
**107-04** Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
**107-09** Grímshagi, Lynghagi, Starhagi
**107-11** Fornhagi, Hjarðarhagi
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**107-14** Faxaskjól, Sörlaskjól
**107-23** Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
**108-06** Grensásvegur, Heiðargerði, Hvammsgerði
**108-17** Hlíðargerði, Sogavegur
**108-18** Borgargerði, Rauðagerði
**108-27** Hæðargarður, Hólmgarður
**108-30** Grundarland, Haðaland, Helluland, Hjallaland
**109-10** Engjasel
**110-15** Fiskakvísl, Laxakvísl, Reyðarkvísl
**110-17** Urriðakvísl, Álakvísl
**110-22** Deildarás, Eyktarás
**110-26** Seiðakvísl, Árkvörn
**111-07** Vesturberg
**112-05** Funafold
**112-06** Hverafold
**112-36** Bakkastaðir
**112-37** Bakkastaðir, Barðastaðir
**113-02** Maríubaugur
**113-05** Ólafsgeisli
**170-05** Fornaströnd, Látraströnd, Víkurströnd
**200-02** Kópavogsbraut
**200-07** Kópavogsbraut, Sunnubraut, Þinghólsbraut
**200-08** Kársnesbraut
**200-26** Hvannhólmi, Starhólmi, Stórihjalli, Vallhólmi
**200-35** Digranesvegur, Víghólastígur
**200-48** Kársnesbraut, Litlavör
**200-50** Hlaðbrekka, Nýbýlavegur, Þverbrekka
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-02** Hegranes, Tjaldanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-15** Garðaflöt, Smáraflöt, Stekkjarflöt
**210-18** Garðaflöt, Lindarflöt
**210-22** Holtsbúð
**210-24** Sunnuflöt
**210-25** Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
**210-29** Hrísmóar, Kjarrmóar
**210-32** Holtsbúð
**220-03** Austurgata, Fjarðargata, Reykjavíkurvegur, Strandgata
**220-12** Sólvangsvegur, Álfaskeið
**220-23** Heiðvangur, Vesturvangur
**220-26** Fagrakinn, Lækjarkinn
**220-27** Háakinn, Kaldakinn, Stekkjarkinn
**220-28** Lækjargata, Öldugata, Ölduslóð
**220-33** Hringbraut, Reynihvammur, Strandgata
**221-03** Dofraberg, Fagraberg, Álfaberg
**230-17** Faxabraut, Mávabraut
**230-18** Eyjavellir, Freyjuvellir, Heimavellir, Norðurvellir, Óðinsvellir
**240-05** Blómsturvellir, Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvellir, Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**245-01** Bjarmaland, Brekkustígur, Klapparstígur, Miðnestorg, Norðurgata, Tjarnargata, Uppsalavegur, Víkurbraut
**250-05** Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
**270-06** Bjargartangi, Borgartangi, Bugðutangi
**310-01** Arnarklettur, Austurholt, Fálkaklettur, Hrafnaklettur, Höfðaholt, Mávaklettur, Réttarholt
**310-05** Brattagata, Egilsgata, Gunnlaugsgata, Helgugata, Skúlagata
**603-19** Háhlíð, Höfðahlíð, Langahlíð, Áshlíð
**810-01** Kambahraun
**810-02** Arnarheiði, Borgarheiði, Þelamörk
**810-03** Brattahlíð, Dynskógar, Klettahlíð, Laufskógar
**810-05** Breiðamörk, Heiðmörk, Hveramörk, Reykjamörk



Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum - ný lög

## Kynningarfundir Skipulagsstofnunar í september 2005

Í seinnihluta september nk. mun Skipulagsstofnun efna til kynningarfunda þar sem fulltrúar stofnunarinnar kynna ný lög er varða breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum en þau munu taka gildi 1. október nk. Breytingarnar varða hagsmuni sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og almennings og verða fundirnir opnir öllum sem áhuga hafa á því að kynna sér þennan málaflokk. Að kynningu lokinni verða umræður og munu fulltrúar frá Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti svara fyrirspurnum frá fundargestum.

**Kynningarfundirnir verða á eftirtöldum stöðum:**

**Selfossi, á Hótel Selfossi,**
þriðjudaginn 13. september 2005, kl. 14

**Ísafirði, á Hótel Ísafirði,**
fimmtudaginn 15. september 2005, kl. 13

**Akureyri, á Hótel KEA,**
þriðjudaginn 20. september 2005, kl. 14

**Kópavogi, í Félagsheimili Kópavogs, Fannborg 2,**
fimmtudaginn 22. september 2005, kl. 14

**Egilsstöðum, á Hótel Héraði,**
mánudaginn 26. september 2005, kl. 14.

Allir sem áhuga hafa á að kynna sér þessi mál og taka þátt í umræðum um þau eru hvattir til að mæta.

**Skipulagsstofnun**

Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Breyting á urðunarsvæðinu í Álfsnesi, Reykjavík.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 30. september 2005.**

**Skipulagsstofnun**

## Atvinnuhúsnæði óskast til leigu

óskum eftir atvinnuhúsnæði með góðu aðgengi og tveimur til fjórum innkeyrsludyrum fyrir bifreiðaþjónustu.

**Sími: 897 9612 Friðrik.**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## Brekkustígur - 101 Reykjavík



Um er að ræða fallega 62,4 fm íbúð með sérinngangi. Húsið er steinsteypt í góðu ástandi. Íbúðin sjálf er mikið endurnýjuð. Parket og flísar á gólfum. Fallegur garður m/verönd. **FRÁBÆR STAÐUR - LAUS STRAX. Verð 15,5 millj.** nr. 5181

## Auðarstræti



Góð 2ja herb. íbúð í kjallara alls 44,3 fm, parket á gólfum. Hús og sameign í mjög góðu ástandi. Góð staðsetning. **Laus strax Verð 12,5 millj.**

## Hlíðarhjalli - Kópavogur



Vorum að fá í einkasölu mjög fallega 4ja herb íbúð um 90 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Mikið endurnýjuð eign. Húsið er í góðu ástandi, frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. **Verð 18,9 millj.**

## Laufrimi - útsýni



Rúmgóð 4ra herb endaíbúð m/ sérinngangi. Eignin er á 3ju og efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi. Þvottahús innan íbúðar, 3 góð herb. öll með skápum. Góðar svalir og glæsilegt útsýni. Merkt stæði í opinni bílageymslu. **LAUS FLJÓTLEGA.**

## Vesturberg



Rúmgóð 4ra herb. íbúð á 2. hæð, alls 112 fm. Yfirbyggðar svalir. Mjög gott hús sem er nýlega klætt að utan með álklæðningu. Góður staður. **Verð kr. 19,3 millj.** nr. 5216

Kristinn Valur Wiium Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson Sölumaður Sími: 8964090

Hagvagnar



Vegna breytinga á leiðarkerfi Strætó bs. óska Hagvagnar eftir að ráða bifreiðastjóra til starfa strax.
Upplýsingar gefur Hrafn Antonsson í síma 599 6050
Einnig er hægt að sækja um á www.hopbilar.is
undir liðnum starfsmenn.
Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Hagvagnar hf. | Melabraut 18 | Hafnarfirði | 599 6050

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Hofsstaðaskóli
## Tónmenntakennari

Vantar tónmenntakennara í nokkrar kennslustundir.

Umsóknir berist skólastjóra sem veitir nánari upplýsingar í síma 565 7033.

Umsóknarfrestur er til 6. september 2005.

*Deildarstjóri skóladeildar*

Fræðslu- og menningarsvið

## Pylsubarinn auglýsir eftir starfsfólki

**Óskum eftir starfsfólki 18 ára og eldri á fastar vaktir og í aukavinnu. Um er að ræða fullt starf til frambúðar. Við leitum að lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund, góð laun í boði.**

**Nánari upplýsingar veitir Unnur í síma 864 9862**

PYLSUBARINN
LAUGARDAL

## Skipulagsnefnd Álftaness

# Almennur kynningarfundur

**um endurskoðun aðalskipulags Álftaness**

**Til kynningar verður tillaga að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024**

Með vísan til 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með boðað til almenns kynningarfundar um tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005-2024. Kynnt verða markmið og forsendur aðalskipulagstillögunnar, stefnumörkun og skipulagsákvæði tillögunnar, Tillaga að umhverfisskýrslu, landnotkunaruppdrætti o.fl. Eftir kynningu skipulagstillögu verður tillagan tekin til formlegrar umræðu í bæjarstjórn Álftaness á grundvelli 18. gr. skipulags- og byggingarlaga og auglýst í kjölfarið.

***Brýnt er fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum að í aðalskipulagi er mótuð stefna sem mun að öllum líkindum hafa áhrif á líf þeirra á einhvern hátt. Með þátttöku sinni getur fólk haft áhrif á mótun tillagna og framtíð sveitarfélagins síns.***

Fundurinn verður haldinn í **íþróttasal** íþróttamiðstöðvar Álftaness mánudaginn 5. september 2005 kl. 20:00. Íbúar Álftaness og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta.

***Fyrir hönd skipulagsnefndar Álftaness***
***Guðmundur G. Gunnarsson, bæjarstjóri***




ÞINGHOLT
Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali
BORGART N 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 5[illegible]0 [illegible]500


Ella Lilja Sigursteinsdóttir Lögg. fasteignasali


Þórarinn Kópsson Framkv.stjóri


Kjartan Kópsso Sölumaður


Sigríður Sigmundsdóttir Sölumaður


Þorbjörn Þ. Pálsson Sölumaður

**OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR**



## Æsufell
Frábær 3ja-4ra herb. 92 fm. íbúð á þriðju hæð í góðri og snyrtilegri lyftublokk með útsýni. Sameignarþrif innifalin í hússjóði.
**Verð kr. 16.7 millj.**



## Galtalind
Skemtileg og sjarmerandi 3ja herb. 95 fm. íbúð á annari hæð í smekklegu fjölbýli. Eignin er ný standsett að mestu. Hús og sameign til fyrirmyndar. Stutt í alla þjónustu.
**Verð kr.19.9 millj.**



## Auðbrekka
Gott skrifstofuhúsnæði. Um er að ræða 1468 fm. húsnæði á þremur hæðum.
Húsnæðið hentar vel undir ýmisskonar starfsemi. Næg bílastæði.
Nýtt deiliskipulag.
**Tilboð óskast.**



## Bær 3 - Drangsnesi
Sumarbústaðurinn er 41 fm. og er gistirými fyrir 10 manns, eldhús og bað. Einstakt útsýni, stutt í náttúruperlur Strandanna. Veiði er í Kjalarvatni og Bæjarvötnum.
**Öll tilboð skoðuð.**



## Kiðjaberg Grímsnesi
Frábær 45 fm. vandaður sumarbústaður með verönd og frábæru útsýni yfir náttúruperlur suður Grímsnesins og Hvítá ásamt 18 holu gólfvelli í 5 mínútna göngufæri.
**Öll tilboð skoðuð.**

**www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is**

# SJÓNARHORN

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gengið í auðninni við Upptyppinga á Vikursandi.

# SVIPMYND

**AUCKLAND**



Auckland á norðureyjunni á Nýja-Sjálandi er stærsta þéttbýlissvæði í landinu þótt borgin sé ekki höfuðborg. Á márísku ber borgin nafnið Tamaki Makau Rau eða Akarana. Márar komu sér fyrst fyrir í Auckland í kringum árið 1350 en héraðið var mikils virði vegna gróskumikils landsvæðis.

Auckland er þekkt sem borg siglinganna því hafnirnar eru yfirleitt fullar af snekkjum af öllum stærðum og gerðum.

**Íbúafjöldi:** 1,2 milljónir.
**Gjaldmiðill:** Nýsjálenskur dollari.
**Þjóðarbrot:** Evrópubúar, Márar og fólk frá Kyrrahafseyjunum. Í Auckland búa fleiri Pólýnesar en í nokkurri annarri borg í heiminum.
**Trú:** Biskupakirkja, Öldungakirkja, rómversk-kaþólska, Meþódistar og Baptistar.
**Innflutningur:** Vélabúnaður, farartæki, flugvélar, jarðolía, rafeindavörur, vefnaður og plast.
**Útflutningur:** Mjólkurvörur, kjöt, viður, viðarafurðir, fiskur og vélbúnaður.
**Stjórn:** Þingræðislegt lýðræði.

## Vissir þú ...

...að árið 1999 sýndi könnun að ef 25.000 orða enskri orðabók er flett er þegar búið að skrá 93 prósent af þeim sem veflén sem endar á .com?

...að sundlaugin á Biltmore-hótelinu í Flórída er sú stærsta í Bandaríkjunum. Flatarmál hennar er yfir tvö þúsund fermetrar?

...að það eru 318.979.564.000 mismunandi leiðir til þess að leika fjóra fyrstu leikina í skák?

...að í Rússlandi eru til fleiri hundrað dollara seðlar er í Bandaríkjunum?

...að taugaboð ferðast til og frá heilanum á 275 kílómetra hraða á klukkustund?

...að tveir í það minnsta deyja á hverju ári við að fá sjálfsala yfir sig?

...að um 0,7 prósent einstaklinga í heiminum eru núna undir áhrifum áfengis?

...að ef þú reynir að telja stjörnurnar og myndir ná að telja eina stjörnu á sekúndu myndi taka þig í kringum þrjú þúsund ár að telja þær allar?

...að árið 1933 fékk teiknimyndapersónan Mikki mús átta þúsund aðdáandabréf?

...að fimmtíu þúsund frumur í líkamanum þínum munu deyja og aðrar myndast í þeirra stað á þeim tíma sem tók þig að lesa þessa setningu?

...að á einni klukkustund er hjartað þitt búið að framleiða nógu mikla orku til þess að lyfta einu tonni tæpan metra frá jörðinni?

...að vísindamenn hafa fundið út að lifrin hefur yfir fimm hundruð mismunandi hlutverk í líkamanum?

...að í húð venjulegrar mannskepnu eru yfir 74 kílómetrar af taugum?

...að meðalhjarta slær 40.000.000 sinnum?

...að flestir blikka augunum tuttugu og fimm sinnum á mínútu?

...að magi þinn framleiðir nýja innri húð á tveggja vikna fresti og að ef hann gerði það ekki myndi hann melta sjálfan sig?

...að vinstra lunga þitt er minna en hægra lungað til að gera pláss fyrir hjartað?

...að tvö þúsund grettur gera eina hrukku?

...að meðalmanneskja blikkar augunum yfir sex milljón sinnum á ári?

...að hver einstaklingur er með sérstakt tungufar, það er að segja engar tvær tungur eru nákvæmlega eins?

...að þú brennir 26 kaloríum við að kyssa einhvern í eina mínútu?

...að í meðallíkama er nógu mikil fita til þess að búa til sjö sápustykki?

NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Betra BAK



AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

TEMPUR-PEDIC®
Heilsunnar vegna

Tilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



www.design.is @ 2005

Að sofa er eitt, að hvílast er annað.
Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði.
Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

- Heilsudýnur
- Heilsukoddar
- Sessur og bakstoðir

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 11-16

# Kirkjuleg vígsla samkynhneigðra

**UMRÆÐAN**
SAMKYNHNEIGÐ



**TOSHIKI TOMA**

„Það er mál kirkjunnar,“ sagði Halldór Ásgeirsson forsætisráðherra við blaðamenn aðspurður hvort kirkjan ætti að leyfa samkynhneigðum pörum að ganga í hjónaband. Íslenskt samfélag mun fylgjast vel með því hvernig kirkjan bregst við þessum orðum Halldórs. Það er eitt af grundvallarmannréttindum að fá að ganga í hjónaband en samtímis snýst málið einnig um trúarlegar kennisetningar kirkjunnar. Það hefur hingað til verið viðhorf kirkjunnar að Guð hafi stofnað til hjónabandsins og það eigi að vera milli karls og konu. En einmitt hér skulum við staldra aðeins við. Fyrirbærið „hjónaband“ var nefnilega samfélagsleg venja löngu áður en kristin trú og menning kom til sögunnar. Form hjónabands hefur einnig verið mjög mismunandi eftir menningarheimum og t.d. eru bæði einkvæni og fjölkvæni þekkt. Þegar við í kirkjunni biðjum í hjónavígslu og höfum eftirfarandi orð eftir: ,“Guð hefur skapað karl og konu og ákvað þau til hjúskapar ...varðveita og blessa þessi brúðhjón,“ þýðir það að við, sem kristið fólk, erum að þiggja náð og blessun Guðs í hjónabandinu, umfram gildi hennar sem samfélagslegrar stofnunar. Við játum takmörk okkar sem einstaklinga og þökkum Guði fyrir að leiða okkur í hjónaband. Við trúum að hjónabandið muni lyfta tilveru okkar upp á æðri stig. En spurningin sem kirkjunni er nú ætlað að svara er sú hvort kynjasamsetning í hjónabandi eigi áfram að skipta máli.

Eins og við vitum vel endar um helmingur hjónabanda með skilnaði í samfélagi okkar. Eftir skilnað virðist fólk skiptast í tvennt, annað hvort leitar það að nýjum maka eða sættir sig við að lifa án maka. Ég er sjálfur einn þeirra sem hefur upplifað skilnað. Ég gekk í hjónaband og þáði blessun Guðs en gat ekki haldið mín eigin loforð. Ég hugsa oft um ófullkomleika sjálfs míns og dýrmæti þess að geta átt lífsförunaut. Ég hika við að segja við fólk að það eigi bara að vera ánægt með að lifa eitt, þótt oft sé maður neyddur til þess, þar sem mér finnst það að nokkru leyti vera tengt þeirri kennd fólks að telja sig vera sjálfu sér nægt, s.s. að útiloka náð Guðs og aðstoð (ég á þó ekki við að fólk skuli halda í hjónabönd hvernig sem þau standa). Þegar ég lít á þá staðreynd hve auðveldlega við getum eytt náð Guðs í tómi, jafnvel við sem fáum hana með blessun, finnst mér ókristilegt að fólk sem óskar eftir því skuli ekki geta fengið hjónavígslu kirkjunnar, aðeins vegna þess að það er af sama kyni.

Guð segir: „Ég vil gjöra honum meðhjálp við hans hæfi“ og ég legg mína trú á þá náð Guðs sem er í samræmi við heildarboðskap Biblíunnar en ekki á kynjasamsetninguna í hjónabandi sem slíka, sem ég tel vera bundna við ákveðinn menningarheim. Kennisetning kristninnar er alls ekki óbreytanleg, það sýnir sagan okkur. Málið snýst frekar um það hver hefur hugrekki til þess stíga fram og hvenær til þess að leiða breytingarnar þar í samræmi við aukinn skilning okkar og þekkingu á manneskjunni og réttindum hennar.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*

## AF NETINU

### Útrýma fátækt og kröppum kjörum

Ef allt væri með felldu í þjóðfélaginu stæði yfir átak til að bæta stöðu aldraðra. Útrýma fátækt og kröppum kjörum þeirra sem byggðu samfélagið og hafa nú lokið dagsverkinu. En því fer fjarri að svo sé og fáir þeirra eru virkir þátttakendur í peningaveislunni miklu.
Lífeyrir eldri borgara er allt of lágur, tvísköttun tekna er dæmalaust ranglát og tekjutengingar við lágan lífeyrinn óréttlát einsog hún virkar nú. Þá er víða ófremdarástand í uppbyggingu og framboði á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og ríkisstjórn hægri flokkanna virðist einkar áhugalítil á að bæta þar úr enda upptekin við að lækka skattana á hátekjufólkið í landinu.
Bætt staða eldri borgara er eitt af helstu verkefnum næstu ára og okkar að setja ótvírætt á landakort stjórnmálanna fyrir kosningar til sveitarstjórna á næsta ári og til Alþingis eftir tvö ár.

**Björgvin Sigurðsson á bjorgvin.is**

### Höfundarréttur að borgarstjóra

Björn Ingi Hrafnsson sem hugsar fyrir Halldór Ásgrímsson vill ekki kannast við það á heimasíðu sinni að forysta Framsóknarflokksins hafi haft úrslitaáhrif á það hver varð að lokum borgarstjóri þegar Þórólfur þurfti að hætta. Stefán Jón var ekki eina borgarstjóraefnið sem forysta Framsóknar hafnaði í þeirri lotu. Söm urðu örlög Dags B. Eggertssonar. Um hann hafði náðst samstaða innan hópsins og sú niðurstaða hafði verið tilkynnt í forystuhóp flokkanna. Dagur upplifði þá undanlegu lífsreynslu að vera eiginlega borgarstjóri í tæpan sólarhring þegar vetóið kom af skrifstofu Framsóknar. Í forystu Framsóknar eru því vanir menn á þessu sviði. Varla er Björn Ingi búinn að gleyma hver átti höfundarrétt að þeim borgarstjóra sem á undan var?

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**

### Litli stúdentinn

Í gær byrjaði skólinn hjá syni mínum samkvæmt stundaskrá. Þetta var mjög skrýtinn dagur - gekk klökk út úr skólanum eftir að hafa fylgt honum þangað árla morguns. Ég var að senda barnið mitt út í hinn stóra heim! Hann var voða glaður eftir daginn og ég er ekki frá því að honum hafi verið nokkuð létt þar sem mikið hafði verið látið með þetta og hann búinn að bíða lengi. Ég er að rifna úr stolti eins og fjölskyldan öll. Hann er ekki kallaður annað en litli stúdentinn þessa dagana og ber þá nafnbót svo sannarlega með sóma á sinn eigin yndislega hátt:) Það er þó ekkert grín að senda 6 ára barn í skóla. Fyrir utan tilfinningasveiflur yfir þessum merku tímamótum þá er þetta rándýrt. Í fyrsta lagi þarf að kaupa skólatösku sem ekki kostar neina smáaura fyrir svona kríli. Síðan fær maður langan lista yfir hluti sem þurfa að vera í töskunni og get ég giskað á að startpakkinn sé ekki undir 12.000 krónum og geti farið upp í 20.000 krónur. ATH. þetta er fyrir eitt barn! Fyrir utan þetta þarf að klæða barnið upp, kaupa úlpu, vettlingana, húfuna, skóna, og ég veit ekki hvað og hvað svo barnið geti byrjað nokkuð snyrtilegt í skólanum og verði ekki kalt í íslensku vetrarveðri.

**Katrín Júlíusdóttir á katrinjul.blogspot.com**




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.650 **-0,60%**

**Fjöldi viðskipta:** 531
**Velta:** 5.661 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Nýherji | +2,73% | Sláturfél. Suðurl. | -25,00% |
| Atlantic Petroleum | +1,90% | Síminn | -8,18% |
| HB Grandi | +1,69% | Íslandsbanki | -1,95% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,70 0,00% ... Bakkavör 43,90 +1,60%... Burðarás 18,00 +0,00% ... FL Group 15,30 +0,00% ... Flaga 3,90 +0,50% ...HB Grandi 9,00 +1,70% ... Íslandsbanki 15,10 -1,90% ... Jarðboranir 20,50 +0,00% ... KB banki 599,00 -0,70% ... Kögun 56,50 -0,70% ... Landsbankinn 22,50 -0,90% ... Marel 62,80 +0,00% ... SÍF 4,83 +0,60% ...Straumur 13,30 -0,70% ... Össur 88,00 0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn…*

### Stjórakrísa á enda

Hinn 48 ára gamali Andrew Harrison hefur verið ráðinn sem nýr forstjóri breska lággjaldaflugfélagsins easyJet og tekur til starfa 1. desember næstkomandi. Hann tekur við af Ray Webster sem sagðist ætla að leggja forstjóraskóna á hilluna í maí. Stjórn félagsins hefur gengið illa að finna rétta manninn og sagði Colin Day sig úr stjórninni þegar hún hafnaði honum forstjórastólnum. Andrew var áður forstjóri hjá RAC sem tryggingarfélagið Aviva tók yfir. Eins og margir vita er FL Group annar stærsti eigandinn í easyJet með þrettán prósenta hlut en nú er ljóst að yfirstjórn félagsins ætti að styrkjast til muna.

### Risaslagur í beinni

Slagur Íslandsbanka og Landsbankans um hvor sé næststærsti banki landsins er í algleymingi og fylgjast verðbréfasalarnir spenntir með - með poppkorn og kók í hendi - hvor bankinn nái yfirhöndinni. Íslandsbanki hefur lengi vel verið nokkuð stærri að markaðsvirði en á síðustu dögum og vikum hefur Landsbankavélin sjóðhitnað og étið upp forskotið og gott betur en það. Íslandsbanki datt niður fyrir 200 milljarða markið í gær eftir að lykilstjórnendur bankans seldu nokkuð óvænt bréf fyrir 3,6 milljarða króna. Landsbankinn hangir nú í 200 milljarða markinu og munar tæpum tveimur milljörðum á virði bankanna. Víst er þó að hlutabréfaeigendur í hvorum banka fyrir sig geta vel við unað, enda nemur hækkun Landsbankans 85 prósent frá áramótum en 35 prósent hjá Íslandsbanka.





## MARKAÐSFRÉTTIR...

> Á hluthafafundi Low and Bonar sem haldinn var í fyrradag var samþykkt sala félagsins á Bonar Plastics til Promens hf., dótturfélags Atorku Group hf. Kaupin eru því ekki lengur háð skilyrðum af hálfu seljanda.

> Pétur Pétursson, sem verið hefur framkvæmdastjóri upplýsinga- og kynningarmála TM, hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra vátrygginga- og fjármálaþjónustu félagsins.

> Heildartekjur ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins námu 185 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 34,7 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 23%.

> Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti hækkuðu umtalsvert á fyrri helmingi ársins, um 54%, sem jafngildir um 48,3% raunhækkun milli ára.

birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »




# Breytingar hjá KB banka

**Hreiðar Már Sigurðsson mun stýra rekstri Kaupþingssamstæðunnar en Ingólfur Helgason verður forstjóri KB banka á Íslandi.**

Ingólfur Helgason hefur verið ráðinn forstjóri KB banka á Íslandi eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. „Þetta leggst mjög vel í mig. Ég hef starfað í bankanum í rúm tólf ár og verið framkvæmdastjóri yfir stóru sviði í átta ár. Ég lít á þetta sem skemmtilegt verkefni sem gaman verður að takast á við,“ segir Ingólfur.

Hann mun heyra beint undir Hreiðar Má Sigurðsson, fráfarandi forstjóra, sem hyggst alfarið einbeita sér að rekstri Kaupþings banka samstæðunnar. Hreiðar Már mun starfa á Íslandi og stjórna uppbyggingu bankans heima og erlendis. Höfuðstöðvar KB banka verða áfram í Reykjavík.

Forstjóraskiptin eru liður í skipulagsbreytingum innan KB banka en samhliða ráðningu Ingólfs voru skipaðir þrír nýir framkvæmdastjórar sem munu starfa fyrir samstæðuna; Guðný Arna Sveinsdóttir tekur við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs, Steingrímur Páll Kárason verður framkvæmdastjóri Áhættustýringar og Ásgrímur Skarphéðinsson framkvæmdastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs. Þá voru ráðnir fjórir nýir framkvæmdastjórar innan bankans á Íslandi.

KB banki er með starfsemi í tíu löndum og rekur dótturfélög á öllum Norðurlöndunum, í Sviss, Lúxemborg, New York og Lundúnum.

Ingólfur Helgason segir fyrst og fremst um skipulagsbreytingar að ræða: „Hreiðar Már sleppir einni starfstöð en mun enn þá stýra Kaupþingssamstæðunni. Síðan er verið að festa áhættustýringuna, fjármálasviðið og tæknideildina í sessi innan samstæðunnar.“ **jsk@frettabladid.is**



**INGÓLFUR HELGASON, FORSTJÓRI KB BANKA Á ÍSLANDI** Ingólfur segir að með því að skipa sérstakan forstjóra yfir starfsemi bankans á Íslandi sé þess freistað að halda jöfnum fókus í allri samstæðunni: „Við lítum á þetta sem sóknarbreytingu í framhaldi af örum vexti.“

www.ru.is/simennt
SÍMENNT HR



Rekstrar- og fjármálanám

*Hagnýtt og markvisst nám sem er sniðið fyrir þá sem vilja efla þekkingu sína á fjármálum og rekstri fyrirtækja*

Ávinningur:

- Haldgóð, almenn kunnátta í fjármálafræðum.
- Betri skilningur á hlutverki og ferli fjármála í rekstri fyrirtækja.
- Dýpri skilningur á tengslum fjármála við aðra þætti í rekstri fyrirtækis.

*Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2.*

*Kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum frá kl. **16:00 – 19:00** og föstudögum frá kl. **17:00 – 20:00**. Námið er samtals 66 klst. og hefst þriðjudaginn **6. september** og lýkur föstudaginn **18. nóvember**.*

*Verð: 139.000,-*

**Frekari upplýsingar veitir:**
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Ósammála um leiðir

**Framkvæmdastjóri Atorku lætur af störfum í sátt við eigendur. Stærstu hluthafarnir eru komnir með 35 prósenta hlut.**

Styrmir Þór Bragason hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagsins Atorku Group eftir að félög í eigu tveggja stjórnarmanna, Magnúsar Jónssonar og Þorsteins Vilhelmssonar, juku hlut sinn í 35 prósent. Jafnframt hefur Atorka fest kaup á eigin bréfum sem fara fljótlega aftur í sölu.

Að sögn Magnúsar Jónssonar höfðu hann og Þorsteinn áhuga að taka skýra forystu í félaginu og telur hann að allir aðilar séu að gera góð viðskipti. „Það stendur alls ekki til að taka félagið af markaði. Við ætlum að stækka og efla það enn frekar.“ Styrmir Þór leggur áherslu á að viðskilnaður aðila hafi verið í mesta bróðerni: „Menn voru með ólíkar stefnur að hverju skyldi stefna og því var ákveðið að ég og nokkrir hluthafar færum út úr félaginu. Menn skilja sáttir sem félagar og vinir. Ég hef átt afskaplega farsælt og skemmtilegt samstarf við Þorstein og Magnús og það nær langt aftur. Nú er kominn tími til þess að fara að gera eitthvað annað,“ segir hann.



**LÆTUR AF STÖRFUM** Styrmir Þór Bragason hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins. Félög í eigu tveggja stjórnarmanna eiga orðið 35 prósent í Atorku.

Hann er sáttur við árangur Atorku og bendir á að gengi félagsins hafi fimmfaldast frá því að það fór af stað fyrir tveimur og hálfu ári.

Stærsti seljandi bréfanna er Landsbanki Luxembourg sem minnkar eignarhlut sinn úr sextán prósentum í þrjú. Enn fremur hafa Aðalsteinn Karlsson og Lárus Blöndal sagt sig úr stjórn fyrirtækisins og selt stóran hluta af bréfum í eigu sinni. **- eþa**

# Stjórnendur selja

**Lykilstjórnendur í Íslandsbanka seldu hlutabréf í bankanum í gær.**

Eignarhaldsfélög í eigu sex lykilstjórnenda í Íslandsbanka hafa selt hlutabréf í bankanum fyrir tæpa 3,7 milljarða króna. Bréfin voru seld á genginu 15,25 krónur á hlut. Félag í eigu Bjarna Ármannssonar, forstjóra bankans, seldi fyrir 1,8 milljarða króna.

Þessi sömu félög keyptu hluti í bankanum fyrir 2,6 milljarða snemma sumars. Þá var gengið í viðskiptunum 13,3. Hagnaður Bjarna af viðskiptunum, án þess að tillit sé tekið til fjármagnskostnaðar, er 195 milljónir króna. Hagnaður annarra stjórnenda var um 33 milljónir króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru bréfin seld í gegnum miðlara Íslandsbanka, meðal annars til lífeyrissjóða og fagfjárfesta. Stjórnendur bankans vildu losa um bréfin en ekki selja með skipulegum hætti til þeirra sem tekist hafa á um völdin í bankanum, það er aðila tengdra Karli Wernerssyni, stjórnarmanns í Íslandsbanka, eða Straums fjárfestingarbanka. **- bg/eþa**




**ÚTIBÚ ÍSLANDSBANKA** Hlutabréf í félaginu lækkuðu um tæp tvö prósent í gær.

CR-V

**HONDA**
The Power of Dreams

# 4x4xskólabíll




| Verðlaun | |
|---|---|
| | Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmunds.com) |
| | Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice) |
| | Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide) |
| | Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA) |

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

**2.749.000** kr.

**28.715** kr. á mánuði*

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag**

honda.is

Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftpúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stinga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.
**Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. * * Bíll á mynd er CR-V Executive

HÉR & NÚ / SÍA

**J. R. R. TOLKIEN (1892-1973)**
lést þennan dag.



*„Hugrekki má finna á ólíklegustu stöðum.“*

***John Ronald Reuel Tolkien er höfundur Hringadróttinssögu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 2. SEPTEMBER 1945

# *Alþýðulýðveldið Víetnam lýsir yfir sjálfstæði*



**HO CHI MINH.**

Á þessum degi árið 1945 lýsti Ho Chi Minh yfir sjálfstæði Víetnam. Það liðu þó rúm þrjátíu ár þar til draumur Ho um sameinað ríki undir stjórn kommúnista rættist.

Ho Chi Minh fæddist árið 1890. Liðlega tvítugur sigldi hann til Frakklands og bjó jöfnum höndum í París og London næstu árin. Hann var einn stofnfélaga franska kommúnistaflokksins árið 1920, ferðaðist síðar til Sovétríkjanna og var virkur í alþjóðadeild kommúnista. Hann ferðaðist vítt og breitt um heiminn áður en hann sneri aftur til Víetnam árið 1941.

Heima skipulagði Ho skæruliðasveitirnar Víet Minh og hóf vopnaða baráttu fyrir sjálfstæði landsins. Japanir hertóku Indókína, eins og landið hét þá, á 5. áratugnum og aðstoðaði Ho bandamenn í baráttunni við þá. Japan gafst upp á þessum degi árið 1945 og aðeins nokkrum klukkustundum síðar lýsti Ho yfir sjálfstæði Alþýðulýðveldisins Víetnam. Frakkar hertóku hins vegar suðurhluta landsins og eftir að samningaviðræður rak í strand árið 1946 braust út stríð. Árið 1954 var landinu skipt formlega í tvennt og Bandaríkjamenn leystu Frakka smám saman af hólmi. Vopnuð átök héldu áfram næstu tvo áratugi þar til Bandaríkjamenn yfirgáfu landið árið 1975 og það var sameinað undir stjórn kommúnista.

Ho Chi Minh lést á þessum degi árið 1969, réttum 24 árum eftir að hann lýsti yfir sjálfstæði Víetnam.

## MERKISATBURÐIR

**1625** Gos hefst í Kötlu í Mýrdalsjökli.

**1666** Átta týna lífi og þrettán þúsund hús í Lundúnum eyðileggjast í stórbruna.

**1792** Æstur múgur sækir klerka og aðalsmenn í fangelsi Parísar og tekur þá af lífi.

**1870** Napóleon III gefst upp fyrir Prússum.

**1898** Vélbyssa er notuð orrustu í fyrsta sinn.

**1942** Þýskir hermenn ráðast inn í Stalíngrad.

**1944** Anna Frank er send í útrýmingabúðirnar Auschwitz.

**1945** Japanir gefast upp fyrir bandamönnum.

**1982** Heimili Keith Richards brennur til kaldra kola.

## ANDLÁT

**Halldóra Ólafsdóttir** frá Mýrarhúsum, Akranesi, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða, er látin.

**Jón Lúðvík Gunnarsson**, dvalarheimilinu Hlíð, frá Tjörnum, Eyjafjarðarsveit, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri miðvikudaginn 17. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Steinunn Ingólfsdóttir**, Skeljanesi 8, Reykjavík, lést þriðjudaginn 23. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sveinbjörg Sveinsdóttir** frá Hofströnd, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu Norðfirði sunnudaginn 28. ágúst.

**Guðrún Ólafsdóttir**, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum þriðjudaginn 30. ágúst.

**Þorkell Sveinsson**, Hvassaleiti 58, Reykjavík, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 30. ágúst.




## JARÐARFARIR

10.30 **Steinunn Þórðardóttir** frá Grund á Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

13.00 **Jóhanna Sigrún Thorarensen**, Lágholti 17, Mosfellsbæ, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.00 **Sævar Tryggvason**, Ásgarði 24a, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.30 **Kristín Guðlaugsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ása Bjarney Ásmundsdóttir**, Bjarnarvöllum 16, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Elín Guðmundsdóttir**, Ánahlíð 2, Borgarnesi, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju.

14.00 **Kristján Fr. Hagalínsson** vélstjóri, Garðabraut 5, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

15.00 **Sesselja Margrét Magnúsdóttir**, Faxaskjóli 18, Reykjavík, verður jarðsungin frá Neskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,*

**Unnur Einarsdóttir**
Nesbala 70, Seltjarnarnesi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 25. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 6. september kl. 13:00.

Þeim sem vilja minnast Unnar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Sigurður K. Brynjólfsson**
**Einar Sigurðsson** **Jarþrúður Guðnadóttir**
**Auður G. Sigurðardóttir** **Tryggvi Svansson**
**Guðrún Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**DAGBJÖRT SIGURÐARDÓTTIR**
frá Stígshúsi, Stokkseyri,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 26. ágúst, verður jarðsungin frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 3. september kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Ágúst Guðbrandsson**
**Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir** **Einar Páll Bjarnason**
**Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir** **Logi Hjartarson**
**Kristín Steinþórsdóttir**
**Jason Steinþórsson** **Hrönn Sturlaugsdóttir**
**Guðbrandur Stígur Ágústsson** **Brynhildur Arthúrsdóttir**
**Guðríður Bjarney Ágústsdóttir**
**Sigríður Inga Ágústsdóttir**
**Dagrún Mjöll Ágústsdóttir** **Aron Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNANHÚSARKITEKTA ER 50 ÁRA:

# Orðið hönnun er jafngamalt félaginu

Um hálf öld er liðin frá því sex húsgagna- og innanhúsarkitektar hittust í heimahúsi á Laugavegi og stofnuðu fagfélag. Fyrsti formaður félagsins var Hjalti Geir Kristjánsson húsgagnaarkitekt sem lært hafði húsgagnasmíði hjá föður sínum Kristjáni Siggeirssyni húsgagnasmíðameistara og stundaði síðar nám í húsgagnahönnun í Sviss.

„Félagið hélt saman og var bakgrunnur fyrir nýja sem komu til landsins eftir nám,“ segir Hjalti Geir sem minnist þess að það tók hönnuði langan tíma að fá viðurkenningu á starfi sínu enda voru verkefnin fá. „Já, það var mjög erfitt og á fyrstu árunum var þetta aukastarf hjá flestum. Þeir voru þá annaðhvort í kennslu eða öðrum störfum,“ segir Hjalti sem telur að snúið hafi til betri vegar fyrir um tuttugu árum. „Þá fóru framleiðendur og fólk að snúa sér til þessara aðila ef þurfti að innrétta skrifstofur eða verslanir,“ segir hann en fyrirtækin hafi með tímanum séð að það borgaði sig að framleiða hluti eftir íslenska hönnuði sem voru í takt við kröfurnar sem gerðar voru.

Þegar félagið var stofnað fyrir hálfri öld bjó Hjalti á Laugavegi 13. Þar voru fyrstu fundir hins nýja félags haldnir og í því húsi á Hjalti enn skrifstofu í dag. Það á því vel við að afmælissýning félagsins, sem haldin er í tilefni tímamótanna, sé haldin í sama húsnæði. Á sýningunni, sem opin verður út september, verður farið fyrir árin fimmtíu og sýnd verk félagsmanna. Hjalti á eitthvað af myndum á sýningunni og einn stól sem hann teiknaði árið 1960 en það ár stóð félagið fyrir fyrstu húsgagnasýningu sinni þar sem sýnd voru munir og húsgögn sem félagsmenn höfðu teiknað.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FYRSTI FORMAÐURINN** Hjalti Geir Kristjánsson situr í stól sem hann hannaði árið 1960. Þennan stól má líta á afmælissýningu Félags húsgagna- og innanhúsarkitekta á Laugavegi 13.

Hjalti telur mikla þróun hafa orðið í hönnun á síðustu áratugum og bendir á skemmtilega staðreynd. „Orðið hönnun er jafngamalt félaginu. Alexander Jóhannesson sem þá var háskólarektor bjó þetta nafn til. Þá var þetta nýtt og enginn vissi hvað hönnun var en nú er þetta greipt inn í huga flestra,“ segir Hjalti Geir. ■

FYRSTA STARFIÐ: ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON RITHÖFUNDUR

# *Fokríkur af fiskvinnslu*

„Ég held það hafi verið á Bakka í Ólafsvík þar sem var unnið í fiski í rauninni allan sólarhringinn,“ segir Þorgrímur Þráinsson rithöfundur um sitt fyrsta launaða starf sem hann gegndi tólf ára gamall. „Við flykktumst grunnskólabörnin í frystihúsin og vorum þar að gera að og salta,“ segir Þorgrímur sem minnist þess að oft hafi verið gefið frí í skólum þar sem vinna þurfti fiskinn hratt.

Starfið er Þorgrími mjög eftirminnilegt. „Stíurnar voru stútfullar af fiski og alltaf komu fleiri vörubílshlöss þannig að maður sá ekkert fyrir endann á þessu,“ segir Þorgrímur sem fannst mikil stemning fylgja starfinu. „Þetta var pínu vertíð fyrir okkur krakkana. Unnið allan sólarhringinn,



fullt af peningum og bónusar. Mikill léttleiki og lítið sofið,“ segir Þorgrímur sem fannst þetta góð lífsreynsla. Hann segir mjög jákvætt að ungir krakkar kynnist alvöru lífsins, taki til hendinni og fái borgað fyrir það. „Við ofverndum börnin okkar allt of mikið í dag,“ segir Þorgrímur sem vann í fiski öll sumur eftir þetta.

Þorgrímur viðurkennir að hafa verið töluvert loðinn um lófana á þessum tíma. Hann skellir upp úr þegar hann er inntur að því hvað hann gerði við sumarhýruna. „Ég hlýt að hafa eitt þessu í konur og vín,“ segir hann í gríni en bætir við, „ætli ég hafi ekki eytt öllum mínum peningum á þessum árum í fótboltaskó og keppnisbúninga.“

# Snæfellingar minnast föður vísindaskáldsögunnar

Snæfellingar ætla að gera sér glaðan dag nú um helgina í tilefni þess að í ár eru liðin hundrað ár síðan franski rithöfundurinn Jules Verne bar beinin. Verne er oftar en ekki nefndur faðir vísindaskáldsögunnar og eftir hann liggja bækur á borð við *Ferðin til tunglsins*, *Umhverfis jörðina á 80 dögum* og *Leyndardómar Snæfellsjökuls* og er það vitaskuld í ljósi síðastnefnda titilsins sem Snæfellingar heiðra minningu skáldsins á þessum tímamótum.

Boðað hefur verið til tveggja viðburða sem reyna bæði á andlegt og líkamlegt atgervi þátttakenda. Á morgun verður haldin Jökulhálstryllir, fjallahjólakeppni á Jökulhálsi, fjallvegi sem liggur um tíu kílómetra leið meðfram rótum Snæfellsjökuls. Stefnt er að því að þessi keppni verði árlegur viðburður.



**JULES VERNE** Faðir vísindaskáldsögunnar.

Á sunnudaginn fá hins vegar bókabéusar og vísindanerðir eitthvað fyrir sinn snúð því þá verður haldið málþing um Jules Verne og Leyndardóma Snæfellsjökuls. Þekktir fræðimenn munu bregða birtu á höfundinn og verk hans frá ólíkum sjónarhornum. Framsögumenn eru Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur og prófessor við Rhode Island háskólann í Bandaríkjunum, Friðrik Rafnsson bókmenntafræðingur, Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur og Ólafur H. Torfason kvikmyndagagnrýnandi.

Málþingsstjóri verður Guðrún G. Bergmann. Málþingið verður haldið í nýju húsnæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði og hefst klukkan 13.00. Þingið er öllum opið en gestir eru beðnir að skrá þátttöku sína á snaefellsnes.com. ■



**SNÆFELLSJÖKULL** Jökullinn er þungamiðja einnar þekktustu sögu Jules Verne.



## BRÚÐHJÓN

Gefin voru saman 2. júlí 2005, í Fríkirkjunni Hafnarfirði, Anna Svanhildur Daníelsdóttir og Ásmundur Þór Steinarsson af séra Sigríði Kristínu Helgadóttur. Þau eru til heimilis í Hafnarfirði.

## Fyrsta þjónustumiðstöðin opnuð formlega

Íbúum Miðborgar og Hlíða er boðið til fjölskylduhátíðar á laugardaginn af borgarstjóranum Steinunni Valdísi Óskarsdóttir. Tilefnið er opnun nýrrar Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar að Skúlagötu 21. Hún er ein sex þjónustumiðstöðva í Reykjavík og jafnframt sú fyrsta sem opnar formlega. Markmiðið með opnun miðstöðvanna er meðal annars að gera þjónustu Reykjavíkurborgar aðgengilegri fyrir íbúa og efla hverfastarf og þátttöku íbúa í mótun hverfisins. Á þjónustumiðstöðvunum verður hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu, svo sem leikskólapláss, húsaleigubætur og heimaþjónustu. Þar er einnig veitt ráðgjöf af ýmsum toga.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Borgarstjórinn býður til hátíðar.

Hátíðin í Skúlagötu stendur frá tvö til fjögur á laugardag en fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir elstu og yngstu íbúana. Felix Bergsson mætir á staðinn og eldri borgarar stíga línudans, svo fátt eitt sé nefnt. ■

## AFMÆLI



**Ólafur Helgi Kjartansson** sýslumaður er 52 ára.

**Séra Jón Helgi Þórarinsson**, prestur í Langholtskirkju, er 48 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1917** Laurindo Almeida brasilískur gítaristi.



**1964** Keanu Reeves leikari.



**1968** Salma Hayek leikkona.





## Heyrst hefur ...

... að margir ætli að sameina heimsókn á Ljósanæturhátíðina í Reykjanesbæ og landsleik íslands og Danmerkur sem fer fram klukkan 14.00 í Keflavík á laugardaginn. Þetta er einn allra mikilvægasti landsleikur Íslands í langan tíma gegn okkar fornu fjendum og jafnframt eina tækifærið til að sjá Jón Arnór Stefánsson spila hér á landi á þessu ári. Það er því búist við mjög góðri mætingu.

**sport**
sport@frettabladid.is

**VIKTOR BJARKI ARNARSSON:** VERÐUR EKKI MEÐ 21 ÁRS LANDSLIÐINU GEGN KRÓÖTUM

# *Á enn eftir að sanna sig í Hraðbrautinni*



Ungmennalandsliðsmaðurinn Viktor Bjarki Arnarsson varð að draga sig úr landsliðshópi Íslands skipaðað leikmönnum 21 árs og yngri en fram undan eru leikir gegn Króatíu og Búlgaríu, rétt eins og hjá A-landsliðnu. Landsliðshópurinn kom saman á hóteli á Selfossi á miðvikudag en leikurinn gegn Króötum verður á KR-vellinum í dag og strax á morgun verður haldið utan til Búlgaríu, þar sem leikið verður á þriðjudaginn. Það er því heil vika sem landsliðsmennirnir eru frá sínum heimaslóðum.

„Vika í Hraðbraut er eins og mánuður í öðrum framhaldsskólum," sagði Ólafur Johnson, skólastjóri Hraðbrautar, við Fréttablaðið. Viktor Bjarki hóf þar nám í síðasta mánuði og af þeirri ástæðu gat hann ekki gefið kost á sér í landsliðið – hann fékk ekki frí frá skólanum. „Næsta vika er síðasta vika fyrir próf hjá okkur og því erfitt að missa hana út. Það hefur allt önnur áhrif hér en í öðrum framhaldsskólum. Nemendur verða að sýna að þeir fóti sig vel í náminu áður en við getum farið að veita þeim þetta svigrúm," sagði Ólafur. „Við förum yfir allt þetta með Viktori og hann kom inn í skólann á þeim forsendum."

„Almennt hafa þessi mál fengið farsælan endi," sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, um samstarf sambandsins við skóla. „Yfirleitt reynum við að forðast það að setja á leiki í miðri próftörn hjá unglingalandsliðum en yfirleitt er þetta meira eða minna undir nemandanum sjálfum komið. Ef viðkomandi einstaklingur er sterkur í námi á hann að geta unnið upp þennan tapaða tíma. En Hraðbrautin er nýjung í skólakerfinu og þar er þetta sjálfsagt erfiðara." Geir segist efast um að staða Viktors í landsliðinu breytist við þetta. „Við verðum að sýna mönnum skilning sem eru í námi. Þeim verður ekki refsað fyrir að vera í námi enda eru þetta ekki atvinnumenn."

### > Við skiljum nú betur ...



... slæmt gengi Fylkismanna eftir það sem hefur komið nú í ljós með öll þau átök sem hafa verið í gangi bak við tjöldin í félaginu í sumar. Það er því orðið nokkuð ljóst að leikmönnum Árbæjarliðsins líður illa í Árbænum og spila best þegar þeir eru utan hans enda hafa 16 af 20 stigum liðsins í sumar komið í útileikjunum.

### > Við vonumst til ...



... að ekki fari illa hjá íslenska 21 árs landsliðinu gegn sterku liði Króata í dag. Íslenska liðið verður án fyrirliða síns, aðalmarkaskorara og aðalmarkvarðar í þessum leik auk fleiri forfalla og því mun reyna mikið á breidd íslenska liðsins gegn efsta liði riðilsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

30 31 1 **2** 3 4 5

**Sunnudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 17.00 U-21 landslið **Íslands** og **Króatíu** mætast á KR-vellinum.

**SJÓNVARP**

- ☐ 07.00 **Olíssport** endursýnt fjórum sinnum á Sýn.
- ☐ 18.10 **Olíssport** á Sýn. (e)
- ☐ 19.05 **Bestu bikarmörk Arsenal** á Sýn. (e)
- ☐ 20.00 Kraftasport á Sýn. (e)
- ☐ 20.30 **Motorworld** á Sýn.
- ☐ 20.55 **Mótorsport 2005** á Sýn. (e)
- ☐ 22.20 **World Poker Tour 2** á Sýn.
- ☐ 23.50 **K-1 bardagaíþróttir** á Sýn. (e)

**Óska eftir að kaupa hlutabréf í KR-Sport h.f.**

**Upplýsingar í síma 895-3820.**

# Sumar harðra átaka í Árbænum

**Þorlákur Árnason hætti óvænt sem þjálfari Fylkis í gær. Hann er ekki sá eini sem er á förum frá félaginu því formaður meistaraflokksráðs, Ásgeir Ásgeirsson, ætlar einnig að hætta í lok sumars. Átök eru innan félagsins og hafa samskipti knattspyrnudeildar og meistaraflokksráðs ekki verið sem skyldi.**

**FÓTBOLTI** Þorlákur Árnason greindi frá því á dögunum að hann myndi hætta í lok tímabilsins með Fylki en athygli vakti að hann sagði þessa ákvörðun hafa verið tekna fyrir löngu. Eitthvað virðist hafa gerst í kjölfarið í Árbænum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór stjórn knattspyrnudeildarinnar fram á við meistaraflokksráðið að það leysti Þorlák undan samningi hið fyrsta, sem var þvert gegn vilja meistaraflokksráðs og Þorláks.

### Naut stuðnings

„Þorlákur naut stuðnings meistaraflokksráðs," sagði Ásgeir Ásgeirsson, formaður meistaraflokksráðs, frekar daufur en hann neitaði að svara því hvort stjórn knattspyrnudeildar hefði tekið fram fyrir hendurnar á meistaraflokksráði. „Það er best að tala ekki meira um þetta."

Ásgeir hefur ákveðið að láta af formennsku meistaraflokksráðs í lok sumars en aðspurður hvort ástæðan fyrir því væri ófullnægjandi vinnuumhverfi sagði Ásgeir: „Ég ætla ekkert að svara því."

### Að virða vinnubrögðin

Sigrún Jónsdóttir, formaður knattspyrnudeildar, vildi lítið tjá sig þegar hún var spurð út í málið og óskaði eftir vinnufriði. „Ég tel ekki rétt að tjá mig neitt um þessi mál. Þetta er niðurstaða og við verðum að virða vinnubrögðin," sagði Sigrún.

Jón Sveinsson, sem var aðstoðarmaður Þorláks, og Sverrir Sverrisson, fyrrum leikmaður liðsins, stýra Fylki í síðustu tveim umferðum Landsbankadeildarinnar.

Þetta er ekki fyrsta neikvæða uppákoman í Árbænum í sumar en Guðni Rúnar Helgason fór í frí fram að áramótum eftir að trúnaðarbrestur varð á milli hans og Þorláks. Einnig varð neikvæð uppákoma á heimaleik gegn KR fyrr í sumar þegar lukkudýr félagsins sýndi af sér síður en svo góða hegðun við stuðningsmenn Vesturbæjarliðsins.

Ekki náðist í Þorlák Árnason í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**henry@frettabladid.is**



**Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA** Ásgeir Ásgeirsson sést hér taka í hendina á Jóni Sveinssyni, nýráðnum þjálfara Fylkis, en myndin er tekin þegar Ásgeir réð Jón og Þorlák í vinnu. Þorlákur, sem stendur á milli þeirra, er farinn frá Fylki og Jón klárar sumarið.




Gunnar Heiðar Þorvaldsson er kominn til liðs við íslenska A-landsliðið:

# Vildi klára leiktíðina með Halmstad

**FÓTBOLTI** Markahrókurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson, sem leikur með Halmstad í sænsku úrvalsdeildinni, var orðaður við nokkur lið á Englandi áður en félagaskiptaglugganum þar í landi var lokað í fyrrakvöld.

Fréttablaðið hitti Gunnar að máli á landsliðsæfingu í gær og spurði hann hvort hann hefði fengið einhver tilboð inn á borð til sín. „Nei, ég fékk nú engin tilboð en ég var búinn að lesa eitthvað um þetta á netinu. Ég ræddi þetta við umboðsmann minn og sagði honum eins og var að ég hefði fullan hug á að klára leiktíðina í Svíþjóð og svo kannski sé ég hvað setur í janúar. Ég er mjög sáttur við það hvað hefur gengið vel á þessu fyrsta tímabili mínu hjá liðinu og það er frábært að vera með markahæstu mönnum í deildinni," sagði Gunnar, sem hefur verið iðinn við kolann í markaskorun með liði sínu, þó gengi þess hafi verið upp og ofan. Gunnar er annars bjartsýnn á leikinn gegn Króötum á laugardaginn.

„Það er ekkert leyndarmál að þetta verður gríðarlega erfiður leikur, en við erum bjartsýnir og förum í þetta til að gera okkar besta eins og alltaf," sagði Gunnar Heiðar. **- bb**



**GÓÐUR Á ÆFINGU** Gunnar Heiðar Þorvaldsson var í miklu stuði á landsliðsæfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁN LYKILMANNA** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari 21 árs landsliðsins, verður án lykilmanna í leiknum í kvöld.

U-21 árs landslið Íslands tekur á móti Króötum í dag:

# Við ramman reip að draga

**FÓTBOLTI** Ungmennalandsliðs Íslands, skipað leikmönnum 21 árs og yngri, tekur á móti Króötum á KR-velli klukkan fimm í dag en leikurinn er liður í undankeppni EM. Króatar unnu fyrri leik liðanna 2-1 og tróna á toppi riðilsins.

„Það verður við ramman reip að draga enda eru Króatar með besta liðið í riðlinum," sagði landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Gjafar Sverrisson við Fréttablaðið í gær frá Selfossi þar sem íslenska liðið hefur undirbúið sig af kostgæfni síðustu daga. „Þetta er gríðarlega sterkt lið og við komum til með að fara varlega inn í leikinn. Ætlum að liggja frekar aftarlega og reyna síðan að sækja hratt á þá. Þetta verður harður slagur en við förum í alla leiki með það markmið að vinna þá og þessi leikur er þar engin undantekning," sagði Eyjólfur Gjafar. **- hbg**




Gerðu verðsamanburð!

# ÓDÝRA TÝPAN!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl

LAAANG

## ÓDÝRASTA FARTÖLVAN Á ÍSLANDI!




15,4"

**TOSHIBA**
*Satellite*

**TOSHIBA SATELLITE M40X-105**

- Intel Celeron M 1.5GHz með 1MB flýtiminni
- 256MB DDR vinnsluminni
- 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár (1280 x 800)
- Intel GMA 900 skjástýring
- Geislaskrifari og DVD lesari
- Secure Digital minniskortalesari
- 40 GB Harður diskur
- 10/100 netspjald og V.90 mótald
- VGA & sjónvarpstengi
- 3x USB 2.0,
- Aðeins 2.95 kg
- Rafhlaða endist í allt að 3.4 klst.
- Windows XP Home
- Internet Security vírusvörn í 90 daga
- MS One Note

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 799,- Verð kr. 9.588 með fartölvu

**49.999,- staðgreitt!**

Botnverð!

Ef greitt er með VÍS láni fylgir fartölvulás með!

| | | |
|---|---|---|
| **SATELLITE er...** með Widescreen. | **SATELLITE er...** með S.M.A.R.T | Þráðlaust **LINKSYS** netkort fylgir **SATELLITE** |
| **SATELLITE er...** með Celeron M. | Tengdu **SATELLITE** við sjónvarpið þitt. | **SATELLITE er...** með 40 GB hörðum disk |
| **SATELLITE er...** með DVD drifi. | **SATELLITE er...** með XP Home | **SATELLITE er...** með SD kortalesara |

**ATH!** Eingöngu fáanleg í BT Skeifunni og Smáralind!

**1.645***

| VÍS 1.645* | 49.999 |
|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Staðgreitt |




15,1"

## ...OG SÚ NÆSTÓDÝRASTA ; )

**FUJITSU COMPUTERS SIEMENS**

1022841

**FUJITSU SIEMENS AMILO PRO**

- Intel Celeron M 340 1.5 GHz
- Intel 855GM
- 15.1" TFT active matrix XGA (1024 x 768)
- CD-RW / DVD-ROM combo - internal
- 256 MB (installed) / 2 GB (max) - DDR SDRAM
- 40 GB Harðdur diskur
- WiFi - Þráðlaust netkort
- 1 x display / video - S-video output
- Lithium Ion
- 2.9 kg
- Microsoft Windows XP Professional
- Adobe Acrobat Reader, F-Secure Anti-Virus, Nero 6

**Amilo er...** með DVD drifi.

**Amilo er...** með þráðlausu netkorti

**Amilo er..** með Intel Celeron M

**Amilo er..** með 40 GB hörðum disk

Ef greitt er með VÍS láni fylgir fartölvulás með!

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 799,- Verð kr. 9.588 með fartölvu

FÁANLEG Í BT UM LAND ALLT!

**1.999***

| VÍS 1.999* | 5.255 ** | 63.060 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

BT

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

www.bt.is



**JÓN ARNÓR MEÐ** Jón Arnór Stefánsson spilar sinn eina leik á Íslandi á árinu þegar Ísland mætir Dönum á laugardag.

Ísland-Danmörk á laugardag:

# Ferðir í boði

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið mætir Dönum í Evrópukeppninni í Keflavík á laugardaginn. Leikurinn hefst klukkan 14.00 og verða rútuferðir í boði frá Smáranum í Kópavogi klukkan 12.30. Það kostar 1.500 kr. fyrir 12 ára og yngri en 2.000 fyrir 13 ára og eldri. Miði á leikinn er innifalinn í þessu verði.

Enska landsliðið mætir því velska í undankeppni HM 2006 á laugardaginn:

# Sven-Göran Eriksson ætlar að breyta um taktík

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson, þjálfari enska landsliðsins í knattspyrnu, ætlar að breyta úr hinu hefðbunda 4-4-2 leikkerfi, sem hann er vanur að láta lið sitt spila, í framliggjandi 4-5-1 leikkerfi í leiknum gegn Wales á laugardag. Sá leikur er liður í forkeppninni fyrir HM á næsta ári en í síðasta leik enska liðsins, sem var vináttuleikur gegn Dönum ytra, fékk það einhverja verstu útreið síðari tíma í 4-1 tapi.

Á æfingu enska liðsins í gær var Eriksson með Wayne Rooney einan í stöðu fremsta manns, en Michael Owen er í leikbanni gegn Wales. Á köntunum verða þeir Joe Cole og Shaun-Wright Phillips og þriggja manna miðja liðsins verður skipuð Frank Lampard og Steven Gerrard, sem leika fyrir framan fyrirliðann David Beckham.

Þá leysir Jamie Carragher væntanlega John Terry af við hlið Rio Ferdinand í vörninni, en Terry er meiddur og verður frá næstu sex vikurnar. -vig



**KÁTUR** Eriksson ætlar að láta Steven Gerrard spila framar en venjulega á laugardaginn, en reyndar er Gerrard tæpur vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is


## ÚR SPORTINU

**Yao Ming** hefur gert nýjan langtímasamning við Houston Rockets í NBA-deildinni í körfubolta og verður á mála hjá félaginu til ársins 2011. Samningaviðræðurnar tóku mjög stuttan tíma og kom undirritun hans á þessum tímapunkti nokkuð á óvart. Nokkur lið höfðu hugsað sér gott til glóðarinnar að fá risann til liðs við sig þegar gamli samningurinn hans rann út, en nú er ljóst að ekkert verður úr því. Vitað var að Los Angeles Lakers ætlaði sér að reyna að fá hann til liðs við sig.



Meistarar San Antonio Spurs hafa gert það gott á leikmannamarkaðnum undanfarna daga og í fyrrakvöld kræktu þeir í besta leikmann deildarinnar sem var með lausa samninga, skotbakvörðinn **Michael Finley** sem áður lék með Dallas Mavericks og skoraði um 15 stig að meðaltali í leik í fyrravetur. Áður hafði liðið nælt í leikstjórnandann **Nick Van Exel** sem áður var hjá Portland Trailblazers og því er ljóst að meistararnir verða ekki árennilegir næsta vetur.



Brasilíski snillingurinn **Ronaldinho** hjá Barcelona hefur framlengt samning sinn við félagið til ársins 2010 og fetar þar með í fótspor annarra stórstjarna liðsins sem hafa framlengt samninga sína nýverið. Klausa er í samningi hans sem kveður á um að hann fari ekki frá liðinu fyrir minna en 85 milljónir punda, eða hátt í tíu milljarða íslenskra króna. **Ronaldinho** kom til Barcelona árið 2003 frá Paris St. Germain í Frakklandi og hefur verið lykilmaður í bættu gengi liðsins að undanförnu.



Real Madrid keypti í fyrrakvöld spænska varnarmanninn **Sergio Ramos** frá Sevilla fyrir 18,5 milljónir punda. Hann er því sjötti dýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins, en jafnframt fyrsti Spánverjinn sem **Florentino Perez,** forseti félagsins, kaupir síðan hann tók við stöðu sinni árið 2000. **Ramos** er aðeins nítján ára gamall og er í spænska landsliðinu. Real hefur því eytt yfir 60 milljónum punda til leikmannakaupa í sumar og þar á bæ er ekki á döfinni að fara í gegnum enn eitt tímabilið án titla.





Finnski ökuþórinn **Kimi Räikkönen** segist ekki ætla að gefast upp í baráttunni um titil ökumanna í Formúlu eitt og segist berjast eins og ljón á lokasprettinum á tímabilinu. „Ég hef ekið vel undanfarið og er í miklu stuði. Bíllinn hefur líka verið frábær og hraðskreiður og það gefur okkur því byr undir báða vængi fyrir keppnina á Monza, því hún er gríðarlega hröð og skemmtileg," sagði Finninn geðþekki, sem er nokkuð á eftir **Fernando Alonso** í keppni ökumanna. Forysta Renault í keppni bílasmiða er þó ekki eins mikil og á þeim vígstöðvum hugsa menn sér gott til glóðarinnar hjá McLaren.

**Frank Arnesen** hóf í gær störf sem yfirmaður knattspyrnumála hjá hinum nýja vinnuveitanda sínum Chelsea, eftir að hann fór frá grannaliði þeirra Tottenham fyrr í sumar. Brottför hans varð ansi skrautleg á sínum tíma, því sannað þótti að Chelsea hefði boðið honum samning á ólöglegan hátt. Eftir mikið rifrildi milli liðanna þáðu Tottenhammenn að taka við góðri greiðslu í miskabætur fyrir Danann, en þeir ráku hann úr starfi sínu þegar hann tjáði þeim að hann vildi fara. Hluti af samkomulagi liðanna var þó að hann hefði ekki störf fyrr en 1. september.





**BYRJAÐI EKKI VEL** Ólöf María Jónsdóttir hefur oft leikið betur en á fyrsta degi Nykredit Masters-mótsins.

Ólöf María Jónsdóttir:

# Fimm yfir pari á fyrsta degi

**GOLF** Ólöf María Jónsdóttir er meðal þátttakenda á Nykredit Masters-mótinu en keppt er á Kokkedal-vellinum í Danmörku. Þetta er næstsíðasta mótið í Evrópumótaröð kvenna en mikill áhugi er fyrir mótinu í Danmörku.

Á annað tugþúsunda miða hafa selst en sjálf Mary, krónprinsessa Dana, mun afhenda sigurlaunin að móti loknu. Ólöf lék á 77 höggum í gær og er í 75.-92. sæti.



**LÉK VEL** ÍR-ingurinn Eiríkur Önundarson var aðeins tveimur fráköstum og þremur stolnum boltum frá fjórfaldri tvennu gegn ÍS í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Reykjavíkurmótið í körfu:

# KR vann Val með 80 stigum

**KÖRFUBOLTI** KR og ÍR unnu bæði örugga sigra í opnunarleikjum Reykjavíkurmóts karla í körfubolta en mótið hófst í gær.

KR vann 80 stiga sigur á Valsmönnum, 116–36, þar sem Valsmenn skoruðu aðeins fjórtán stig í öllum seinni hálfleiknum, sem KR-liðið vann 41 stigs mun. KR var yfir, 34–11, eftir fyrsta leikhluta, hafði 39 stiga forskot í hálfleik, 61–22, og 56 stiga forskot fyrir lokaleikhlutann, 86–30.

Darri Hilmarsson skoraði 18 stig fyrir KR, Pálmi Freyr Sigurgeirsson var með 16 stig, Níels Páll Dungal og Ólafur Már Ægisson komu næstir með 13 stig og Gunnlaugur Hafsteinn Erlendsson skoraði 11 stig í sínum fyrsta leik með KR. Hjá Valsmönnum, sem litu ekki vel út í fyrsta opinbera leiknum undir stjórn Eggerts Maríusonar, var Ragnar Steinsson stigahæstur með 12 stig.

Reykjavíkurmeistarar ÍR hófu titilvörnina gegn ÍS í Seljaskóla og unnu 23 stiga sigur, 93–70. ÍR hafði 14 stiga forskot í hálfleik, 48–34.

Ómar Sævarsson og Eiríkur Önundarson áttu báðir mjög góðan leik. Ómar var með 23 stig, 11 fráköst og 6 varin skot og Eiríkur bætti við 15 stigum, 12 stoðsendingum, 8 fráköstum og 7 stolnum boltum. Þá skoraði Elvar Guðmundsson 12 stig á 14 mínútum, Fannar Freyr Helgason var með 12 stig og Sveinbjörn Claessen gerði 10 stig.

Hjá ÍS var Leifur Steinn Árnason atkvæðamestur með 17 stig og 13 fráköst, Einar Hugi Bjarnason var með 17 stig, 8 fráköst og 5 stoðsendingar og þá skoraði Þórólfur Þorsteinsson 15 stig fyrir Stúdenta en allir voru þeir að spila sinn fyrsta leik í liði ÍS í gærkvöldi. - óój

Árangurinn lætur ekki á sér standa hjá Guðjóni Þórðarsyni og Notts County:

# Guðjón Þórðarson besti stjórinn í ágúst

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson var ekki lengi að stimpla sig inn í enska boltann á nýjan leik. Hann tók við liði Notts County í maí, eftir að liðið hafði lokið keppni í ensku 3. deildinni aðeins hársbreidd frá falli í utandeildina. Notts County er elsta knattspyrnufélag í heimi og var Guðjón fyrsti erlendi þjálfarinn sem tók við stöðu knattspyrnustjóra í sögu félagsins.

Nú þegar fyrsti mánuðurinn í deildarkeppninni er yfirstaðinn trónir Notts County á toppi deildarinnar með fjórtán stig og þriggja stiga forystu á næsta lið, Darlington. Þessi lið mætast reyndar á heimavelli County í kvöld og verður því mikið undir hjá Guðjóni og félögum. Árangurinn í ár er gjörólíkur gengi liðsins í fyrra þegar fjórtánda stigið kom ekki í hús fyrr en 19. október, 73 dögum eftir að deildarkeppnin hófst. Nú var biðin aðeins 23 dagar.

„Þetta er vissulega mjög ánægjulegt enda höfum við unnið vel í sumar og æft mikið," sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær. „En ég efast um að ég hafi leikmannahópinn til að verja þessa stöðu. Ég er þó enn með klærnar úti þar sem liðum leyfist enn að fá leikmenn á lánssamningi og vonast ég til að fá einn sterkan til Notts County í næstu viku. En það er tvísýnt eins og allt annað í þessum bransa." - esá

**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Guðjón var valinn knattspyrnustjóri ágústmánaðar í ensku 3. deildinni. Hér er hann með verðlaunin á heimavelli Notts County, Meadow Lane. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM LOAKES






ÞÓREY EDDA

Norðurlandamethafi í stangarstökki

„Í stangarstökki reynir mikið á liðina. Ég hef lengi verið með brjóskvandamál í baki og verki í puttum. Ég finn alveg gríðarlegan mun á mér þegar ég tek inn Lið-Aktín en þá hverfa þrautirnar. Nú nota ég Lið-Aktín að staðaldri til að viðhalda heilbrigðum liðum og koma í veg fyrir slit. Lið-Aktín gerir mér kleift að stunda íþróttir af fullum krafti, þrautalaust"

„Lið-Aktín gerir mér kleift að stunda íþrótt mína af fullum krafti, laus við þrautir"




GULL MIÐINN TRYGGIR GÆÐIN

KRAFTAVERK

náttúrulega

heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi







## STUÐ MILLI STRÍÐA | Fastir liðir eins og venjulega

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** REYNIR AÐ TAKA HAUSTINU FAGNANDI.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Gulnað laufblað settist á nefið á mér í gær. Kannski ekki í frásögur færandi, kominn fyrsti september og haustinu því óhætt að hefja formlega innreið sína. Mér brá samt.

Þrátt fyrir rigningu, rok og haustlegt veður undanfarið þá hafði ég ekki gefið upp vonina um betri tíð, jafnvel vonast eftir hitabylgju eins og skall á í fyrra, þá öllum að óvörum.

Mér fannst eins og lífsgæði okkar Íslendinga hefðu aukist um helming við það að fá svona gott veður. Fannst sem hitabylgjan væri í takt við almennan uppgang og reiknaði staðfastlega með henni aftur í ár – er ekki rífandi gangur í þjóðfélaginu?

Vegna þessarar vonar þá neitaði ég að horfast í augu við öll haustlegu táknin, ég beið bara þolinmóð og tók ekki undir með þeim sem þegar um miðjan ágúst sögðu að haustið væri komið.

En ég varð víst að játa mig sigraða og horfast í augu við það að haustið er komið og sumarið þar af leiðandi búið. Um leið og ég viðurkenndi það þá helltust yfir mig gamalkunnugar tilfinningar. Ég fylltist námsþörf, skipulagsþörf, skammdegiskvíða.

Mig langar alltaf í skóla á haustin og skoða því með athygli öll blöð um námskeið og endurmenntun ýmiskonar. Sé margt spennandi og er alveg harðákveðin í því að læra eitthvað nýtt. Tíminn líður reyndar svo hratt að ég er yfirleitt enn að skoða bæklingana þegar námskeiðin eru byrjuð og búin.

Eftir óreglu sumarsins, langar nætur og ferðalög um hvippinn og hvappinn fyllist ég einnig iðulega mikilli rútínuþörf á haustin. Ég skipulegg vikuna, kaupi mér líkamsræktarkort, huga að mataræðinu.

En ég fyllist líka kvíða. Skammdegið vofir yfir og ég hef aldrei kunnað vel við hina ógnarstuttu daga. Ég veit hins vegar að skammdegið líður hjá og því betra að reyna að njóta þess en óttast það. Hugguleg kvöld heima við þegar hlýtt er inni en rok og rigning úti eru líka dásamleg.

Og þegar ég horfðist í augu við haustið í gær þá vissi ég að það var bara eitt rétt að gera í stöðunni, að kaupa fullt af kertum og bjóða haustið velkomið. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott







## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og útskýringar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 7 | 5 | 3 |
| 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 9 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 5 | 3 | 6 | 8 | 1 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 6 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 2 | | | | 7 | 8 |
| | 3 | 8 | | 4 | | 9 | | |
| 5 | | | | | 6 | | 2 | |
| | | 4 | | 6 | 7 | | 9 | 2 |
| | | 9 | | 2 | | 5 | | |
| 3 | 1 | | 4 | 5 | | 8 | | |
| | 2 | | 5 | | | | | 1 |
| | | 7 | | 1 | | 6 | 4 | |
| 1 | 4 | | | | 8 | | 3 | |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom


Nýjar LEGO vörur
1.999 kr/stk
LEGO
CITY
5+
7344
549 kr/stk
VIKINGS
2.599 kr/stk
BIONICLE
1.199 kr/stk
1.199 kr/stk
6.999 kr/stk
clikits
1.199 kr/stk
2.199 kr/stk
299 kr/stk
1.199 kr/stk
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA

# Sköpun nýs veruleika



**ÓLAFUR KVARAN** Safnstjóri Listasafns Íslands og sýningarstjóri sýningarinnar Íslensk myndlist 1945-1960: Frá abstrakt til raunsæis sem opnar í Listasafni Íslands klukkan 15.00 á morgun.

Laugardaginn 3. september klukkan 15.00 verður opnun í Listasafni Íslands á sýningunni *Íslensk myndlist 1945 - 1960: Frá abstrakt til raunsæis.*

„Það sem fyrst og fremst er að gerast á þessum árum, frá 1945 til 1960, er framvöxtur og þróun abstraktlistarinnar á Íslandi sem hefst með sýningu Svavars Guðnasonar á abstraktmálverkum árið 1945. Sú sýning markar upphafið, en síðan verður til breiðfylking listamanna sem kallaðist September-hópurinn sem tók afstöðu gegn því að hlutverk myndlistarinnar væri að bregða upp mynd af veruleikanum, í stað þess að skapa nýjan veruleika sem hefði sín sérstöku lögmál. Þessi hópur lét mikið að sér kveða með sýningum á abstraktlist hér á landi á árunum frá 1947 fram til 1952, en í þessum hópi voru listamenn eins og Þorvaldur Skúlason, Nína Tryggvadóttir, Kristján Davíðsson og Sigurjón Ólafsson," segir Ólafur Kvaran safnstjóri Listasafn Íslands og sýningarstjóri.

Ólafur segir að allan sjötta áratuginn hafi abstraktlistin öðru fremur verið stíll þeirrar kynslóðar sem þá var að koma fram í íslenskri myndlist hjá listamönnum eins og Herði Ágústsyni, Karli Kvaran, Eiríki Smith og Guðmundu Andrésdóttur, en um 1960 fóru listamenn, með Erró í broddi fylkingar að leggja áherslu á raunsærri umfjöllun í list sinni.

„Þegar Svavar hélt sýninguna árið 1945 var hann búinn að vera búsettur í nokkur ár í Danmörku þar sem hann tók þátt í þróun abstraktlistarinnar þar því hann tilheyrði hinni svokölluðu Høstsýningu í Kaupmannahöfn. Það sem var í gangi í abstraktlistinni í Danmörku á þessum árum var mikilvægt framlag til listasögunnar í Evrópu og á sér kannski helst hliðstæðu í því sem var að gerast í abstrakt-expressionismanum í Bandaríkjunum," segir Ólafur.

Markmið sýningarinnar *Íslensk myndlist 1945 - 1960: Frá abstrakt til raunsæis*, er að gefa yfirlit yfir þetta gróskumikla tímabil í íslenskri listasögu, en alls eiga 42 listamenn um 130 verk á sýningunni. Sýningin byggist einkum á safneign Listasafns Íslands auk valinna verka frá einstaklingum og stofnunum. ■

# Hinsegin óperetta í Iðnó



**LEIKRIT MEÐ SÖNGVUM** Fyrsti samlestur á nýju íslensku leikriti, Gestur - Síðasta kvöldmáltíðin, var haldin í Iðnó í gær.

„Ég held það sé alveg kominn tími á hinsegin æði í borginni," segir söngkonan Valgerður Guðnadóttir en hún sér um kynningarstarfsemi á nýju íslensku verki, Gestur - Síðasta kvöldmáltíðin, sem frumsýnt verður í Iðnó í október. Hópurinn sem stendur að sýningunni hélt fyrsta samlestur á verkinu í Iðnó í gærkvöldi en leikritið fjallar um samkynhneigð hjón sem búa í Grafarholtinu sem una vel við sitt þar til nágranni þeirra Gestur setur líf þeirra úr skorðum. „Smávægilegur misskilningur kemur af stað bráðfyndinni atburðarás og verkið hefur óvænt an endi."

„Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt verk af þessu tagi er samið," segir Valgerður og vísar til þeirrar óvenjulegu samsetningu að leikritið sé farsi með klassískri söngvatónlist. „Við köllum þetta hinsegin óperettu en verkið er eftir þá Gaut G. Gunnlaugsson og Gunnar Kristmannsson. Þeir frumsömdu alla tónlist í verkinu og leiktextann. Gautur og Gunnar hafa unnið að verkinu með hléum í nokkur ár og eiga það sameiginlegt að vera vel menntaðir tónlistarmenn og miklir húmoristar," en auk þess að semja verkið fara þeir Gautur og Gunnar með hlutverk í leikritinu ásamt söngvaranum Hrólfi Sæmundssyni. Spænski píanóleikarinn Raúl Jiménez sér um tónlistarundirleik í Gesti - Síðustu kvöldmáltíðinni en leikstjórn er í höndum Þrastar Guðbjartssonar. ■











STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 **Klaufar og kóngsdætur** mið. 31/8 kl. 20:00 uppselt, sun. 4/9 kl. 14:00, sun. 18/9 kl. 14:00, sun. 25/9 kl. 14:00. **Edith Piaf** fös. 2/9, lau.3/9, sun. 18/9, fim. 22/9, fös. 23/9, lau. 24/9. **Kirsuberjagarðurinn – gestasýning** fim. 8/9, fös. 9/9. **Að eilífu – gestasýning** lau. 10/9, sun. 11/9. SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00 **Rambó 7** fös. 2/9, lau. 3/9, fös. 11/9, lau. 12/9. LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00 **Koddamaðurinn** fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9, sun. 11/9.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Miðasalan** er opin kl. 12:30-18:00 mánudaga og þriðjudaga. Aðra daga kl.12:30- 20:00. **Símapantanir** frá kl. 10:00 virka daga. midasala@leikhusid.is. **Sími 551-1200. Miðasala á netinu:**
**www.leikhusid.is**

KRINGLUKRÁIN



KRINGLU KRÁIN

***Stórdansleikur með Lúdó og Stefán um helgina***

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*
**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 3/9 kl 14, Su 4/9 kl 14, Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14

**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON**
**Stórtónleikar**
Í kvöld 2/9 kl 20 - *UPPSELT*
Í kvöld 2/9 kl 22:30 - *UPPSELT*

**KYNNING LEIKÁRSINS**
Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
***Opið hús og allir velkomnir***

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**REYKJAVIK DANCE FESTIVAL**
**Nútímadanshátíð 1.-4. September**
Í kvöld kl 20 Crystall, Wake up hate
Lau 3/9 kl 15 og 17 Videoverk í Regnboganum
Su 4/9 kl 14 Heima er best-barnasýning kr. 800
Kl 20 Who is the horse, Love story
Almennt miðaverð kr 2000
**Passi á allar sýningarnar kr 4000**

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Lau 3/9 - kl 20, **uppselt,** Fi 8/9 kl. 20, Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20, Su 11/9 kl 20 - **uppselt,** Fi 15/9 kl. 20

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudag**

**Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!**
Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september
**- Það borgar sig að vera áskrifandi -**





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

30 31 1 **2** 3 4 5

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 22.00 Hljómsveitin **KARMA** heldur uppi dúndrandi stemningu á **Vélsmiðjunni** á Akureyri.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Brain Police**, **Potentian** og **Sólstafir** leika á **Grand Rokk**.

### OPNANIR

☐ 18.00 **Eiríkur Smith** opnar sýninguna **Konurnar í Baðstofunni** í **Listasafni Reykjanesbæjar**.

### DANSLIST

☐ 20.00 Í **Borgarleikhúsinu** eru tvö atriði sýnd á vegum **Reykjavík Dance Festival**. Dansverk **Alix Eynaudi** sem heitir Crystall og dansverk **Paulo Castro** sem kallast Wake up Hate.

### LJÓSMYNDASÝNINGAR

☐ Ljósmyndasýningin **ANDLIT NORÐURSINS** á **Austurvelli** með ljósmyndum **Ragnars Axelssonar** verður framlengd til mánudagsins 5. september.


GERÐUBERG



**Stefnumót við safnara II**
REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN
**Lóa Guðjónsdóttir** sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum
**Athugið að sýningum lýkur 11. september**
**Ókeypis aðgangur!**
**Sýningarnar eru opnar: Mán. - þri. 11-17, mið. 11-21 fim. -fös. 11-17, helgar 13-16**
**www.gerduberg.is**

# Eiríkur Smith og konurnar í Baðstofunni


Eiríkur Smith og Baðstofukonurnar.

Föstudaginn 2. september kl. 18.00 opnar Listasafn Reykjanesbæjar sýninguna *Eiríkur Smith og konurnar í Baðstofunni*. Á sýningunni má sjá tæplega 50 verk eftir Eirík og fimm fyrrverandi nemendur hans í Baðstofunni, Ástu Árnadóttur, Ástu Pálsdóttur, Sigríði Rósinkarsdóttur, Soffíu Þorkelsdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur. Eiríkur sýnir olíuverk en listakonurnar vatnslitamyndir.

Baðstofan er rúmlega 30 ára gamalt menningarfélag í Reykjanesbæ og kenndi Eiríkur hópnum myndlist í rúman áratug. Þess má geta að hópurinn fékk Súluna, Menningarverðlaun Reykjanesbæjar, árið 2002.

Sýningin er á dagskrá Ljósanætur, menningar- og fjölskylduhátíðar Reykjanesbæjar og er opin alla daga frá kl. 13.00 til 17.30. Sýningin stendur til 16. október og er til húsa í sýningarsal safnsins að Duusgötu 2-10.




## Nýtt
### BARNAKÓR
### KFUM og KFUK



**Nýr barnakór KFUM og KFUK. Æfingar hefjast laugardaginn 3. september kl. 10-12 í húsi félagsins við Holtaveg.**

Metnaðarfull jóladagskrá verður undirbúin á haustmisseri og söngleikur eftir áramót. Kennd verður raddbeiting, framkoma og tjáning. Einnig gefst tækifæri til að þjálfa einsöng.

Verð: 5.000 kr. fyrir misserið
Stjórnendur: Keith Reed listrænn stjórnandi KFUM og KFUK og Helga Magnúsdóttir, söngkona.

Skráning fer fram á skrifstofu KFUM og KFUK í síma 588 8899 eða á skrifstofa@krist.is

Ekki er nauðsynlegt að vera félagi í KFUM og KFUK.









## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**The Rolling Stones:** A Bigger Bang, **Iron Maiden:** Death on the Road, **James Blunt:** Back to Bedlam, **MoR:** MoR Duran, **Sadjei:** Activity og **Sigur Rós:** Takk.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Kveðja með góðu rokki

Rokkunnendur ættu að leggja leið sína á Grandrokk á morgun þar sem hljómsveitirnar Singapore Sling og Kimono munu leiða saman hesta sína.

„Hugmyndin á bak við tónleikana er sú að þessar hljómsveitir hafa sem sagt aldrei spilað saman áður þrátt fyrir sterk vinabönd og nú eru báðar hljómsveitirnar að hverfa út í heim," segir Gylfi Blöndal, gítarleikari Kimono. „Við erum að fara að flytja til Berlínar en Singapore Sling er að fara til New York að spila og svo bara á flakk um heiminn. Þetta eru því síðustu tónleikar hljómsveitanna beggja hér á Íslandi fyrir utan Iceland Airwaves."

Með tónleikunum vilja sveitirnar slá botninn í gott sumar og kveðja landann með trylltum tónleikum. „Þetta er búið að vera alveg stórkostlegt sumar og okkur langaði að halda eina alvöru tónleika að lokum," segir Gylfi. Aðspurður hversu lengi þeir dvelji í Berlín segir hann: „Við verðum þar í það minnsta í vetur en annars er þetta alveg opið. Það líður að því að plöturnar okkar verði gefnar út í Evrópu og okkur langaði að vera úti til þess að sinna því og einnig til þess að semja."

Önnur breiðskífa Kimono Arctic Death Ship kom út nýlega og hefur sveitin lítið spilað síðan þá. „Við erum búnir að vera svolítið að fela okkur síðan platan kom út og fylgjast með hvernig henni gengur. Höfum fengið afar góða dóma og erum mjög sáttir."

Tónleikarnir á morgun byrja klukkan ellefu og kostar þúsund krónur inn.



**KIMONO** Strákarnir kveðja landann með góðu rokki á Grandrokk í kvöld ásamt félögum sínum í Singapore Sling.

## > Plata vikunnar ...



**GOLDFRAPP: Supernature**

*„Dúettinn Goldfrapp virðist ekki geta gert mistök og þriðja breiðskífa þeirra er enn ein snilldarplatan."* **BÖS**

## > Popptextinn ...

*„I say don't you know*
*You say you don't go*
*I say... take me out!"*
*„I say you don't show*
*Don't move, time is slow*
*I say... take me out!"*

Hljómsveitin Franz Ferdinand í þekktasta lagi sínu, Take Me Out, af margverðlaunuðum frumburði sínum.



## [ TOPP 10 ]

*X-IÐ 977*

1. **WHITE STRIPES** My Doorbell
2. **SYSTEM OF A DOWN** Old School Hollywood
3. **FULLI KALLINN** Before 2000
4. **GREEN DAY** Wake Me Up When September Ends
5. **TRABANT** Maria
6. **THE VIKING GIANT SHOW** Party At The White House
7. **AUDIOSLAVE** Doesn¥t Remind Me
8. **DEATH FROM ABOVE 1979** Black History Month
9. **WEEZER** We Are All On Drugs
10. **HOT HOT HEAT** Middle Of Nowhere



**THE WHITE STRIPES** Rokkdúettinn The White Stripes er á toppi X-listans með lagið My Doorbell.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### 13 & God: 13 & God

„Þetta samstarfsverkefni The Notwist og hipphoppdúettsins Themselves gæti varla verið betur heppnað. 13 & God er í senn dáleiðandi og sjarmerandi, eins og gott axlarnudd á sálina." ***BÖS***

### Antony and the Johnsons: I am a Bird Now

„Frumraun Antony and The Johnsons hefur vakið verðskuldaða athygli hjá bresku pressunni. Hér er viðkvæmur, hádramatískur og einlægur fugl á ferð sem vel þess virði er að kynna sér." ***BÖS***

### Lights on the Highway: Lights on the Highway

„Lights on the Highway spilar frambærilega blöndu af grunge-popp/rokki í anda Alice in Chains með nettum skammti af hippaáhrifum. Hljóðfæraleikur og söngur er góður og flest lögin eru fyrir ofan meðallag. Eitthvað vantar aftur á móti upp á til að platan fái tvo þumla upp." ***FB***

**Birgir Örn Steinarsson**
**Freyr Bjarnason**



**JEFF WHO?** Hljómsveitin Jeff Who? hitar upp fyrir Franz Ferdinand í Kaplakrika í kvöld.

# Hver er Jeff eiginlega?

Hljómsveitin Jeff Who? hitar upp fyrir skosku hljómsveitina Franz Ferdinand á tónleikum hennar í Kaplakrika í kvöld. Elís Pétursson, bassaleikari Jeff Who? játar að spenningurinn sé mikill fyrir kvöldið. „Við höfum tekið smá æfingabúðir til þess að forða því að klúðra einhverju fyrir framan fullt af fólki," segir Elís, sem er ágætis aðdáandi Franz. „Við fíluðum seinustu plötu þeirra og erum spenntir að heyra hvernig þessi nýja hljómar."

Jeff Who? var stofnuð fyrir tveimur árum. Auk Elísar er sveitin skipuð þeim Þorbirni Sigurðssyni hljómborðsleikara, söngvaranum Bjarna Lárusi Hall, Ásgeiri Vali Flosasyni gítarleikara og Þormóði Dagssyni trommara. Tvö lög frá sveitinni hafa verið í spilun í útvarpi auk þess sem hún hefur verið dugleg við spilamennsku í höfuðborginni. Fyrst fór titillag væntanlegrar plötu Jeff Who?, Death Before Disco, í spilun en þar var reyndar um að ræða demóútgáfu. Fyrsta smáskífulag plötunnar, The Golden Age, fór síðan nývérið í spilun.

Að sögn Elíasar spilar Jeff Who? partírokk með áhrifum frá níunda áratugnum, meðal annars Madness. Einnig gætir augljósra áhrifa frá ýmsum nýjum rokksveitum. Elís segir þá félaga ekkert vera farna að hugsa um að spila erlendis. „Það er alveg möguleiki en við ætlum að byrja á því að vera heima og kynna nýju plötuna. Maður vill ekkert vera að missa sig í einhverjum frægðar- og framapælingum."

En hvaðan ætli nafnið Jeff Who? komi? „Ásgeir gítarleikari á gífurlegt safn af frekar hallærislegum gítartímaritum. Við sáum grein í þessu blaði um gítarleikarann Goeff Who. Fyrirsögnin var Goeff Who? og lesendur áttu að kynnast þessum gaur með því að lesa greinina. Þegar maður var búinn með hana var maður samt engu nær og okkur fannst þetta bara fyndið. Okkur fannst Goeff svo ljótt nafn þannig að við ákváðum að breyta því í Jeff. Þetta passar líka ágætlega við okkur. Einhvers staðar verður maður að byrja þó að það geti verið erfitt að koma sér af stað, til dæmis ef menn heita Goeff Who."

Jeff Who? stígur á svið í Kaplakrika klukkan 20.00 í kvöld en húsið opnar klukkan 19.00. Því næst stígur hin margverðlaunaða Franz Ferdinand á svið og tryllir lýðinn.

**freyr@frettabladid.is**

# Kurt Cobain breytist í Blake

Kvikmyndin Last Days í leikstjórn Gus Van Sant var frumsýnd erlendis í gær. Myndin fjallar um hinn þjáða tónlistarmann Blake sem reynir að fela sig frá umboðsmönnum, vinum sínum og yfirmönnum plötufyrirtækis skömmu áður en hann deyr.

Myndin er byggð á ævi Kurts Cobain, fyrrum söngvara Nirvana, sem framdi sjálfsvíg árið 1994, aðeins 27 ára gamall. Gus Van Sant hefur gert margar þekktar myndir í gegnum tíðina, meðal annars Drugstore Cowboy, My Own Private Idaho og Good Will Hunting. Þykir honum hafa tekist vel upp í lýsingu sinni á síðustu dögum Cobain.

Þess má geta að ljósmyndasýningin With The Lights Out opnar í London í næsta mánuði. Þar verða sýndar rúmlega 60 áður óbirtar myndir af meðlimum Nirvana, þar á meðal Cobain, sem voru teknar af ljósmyndurunum Charles Peterson og Ian Tilton.



**NIRVANA** Rokkarinn Kurt Cobain framdi sjálfsvíg aðeins 27 ára gamall árið 1994.

# Justin hrifinn af Coldplay

Popparinn Justin Timberlake er svo hrifinn af nýjustu plötu Coldplay, X&Y, að hann vill þróa tónlist sína meira í átt til sveitarinnar.

Justin hefur eytt löngum stundum í að reyna að læra nýjasta smáskífulag Coldplay Fix You og langar í framhaldinu að semja sín eigin lög sem yrðu í anda sveitarinnar. „Platan hefur veitt mér mikinn innblástur," sagði Justin. „Ég elska þessa plötu og er að reyna að læra að spila hana."

Heimildir herma að Justin sé að vinna að sinni nýjustu plötu og hafi þegar samið eitt lag á píanóið sitt sem svipi mjög til Coldplay. „Hann ætlar áfram að syngja popp- og R&B-lög en hann vill þróa hljóm sinn áfram," sagði heimildarmaðurinn.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Popparinn frægi vill víkka út sjóndeildarhringinn.



# Vinsælasta

# tónlistin á Íslandi




1.499kr

ABBA - Gold
Öll vinsælustu lög ABBA samankomin á einum disk




3. sæti*

999kr

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

999kr

13. sæti*
MÓTI SÓL-Hin 12 topplögin

1.499kr

11. sæti*
COLDPLAY-X & Y

1.999kr

8. sæti*
TRABANT-Emotional

1.999kr


þ. sæti*
LÖGREGLUKÓR REYKJAVÍKUR-Hæfileg refsing

1.999kr

4. sæti*
EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman

1.999kr

1. sæti*
ÝMSIR-Pottþétt 3Á

1.999kr

14. sæti*
HILDUR VALA

1.999kr


12. sæti*
LEAVES-The Angela test

1.999kr

9. sæti*
BAGGALÚTUR-Pabbi þarf að vinna

1.999kr

7. sæti*
KK OG MAGGI EIRÍKS-Fleiri ferðalög

1.699kr

5. sæti*
ACOUSTIC ICELAND

1.999kr


2. sæti*
PÉTUR KRISTJ NSSON-Gamlar myndir

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 8. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

# Ljóshærðari, grennri og brúnni

Það virðist óumflýjanleg þróun í Hollywood þessa dagana að þegar stúlkur ná ákveðnum aldri gangi þær í gegnum einhvers konar manndómsvígslu sem felst í ákveðnum útlitsbreytingum. Það er eins og að þessum breytingum loknum séu þær fyrst fullgildir meðlimir í þjóðflokk Hollywood-inga.

Það sem helst einkennir ungar hollywoodskar konur er að þær verða að vera mjög grannar, brúnar og ljóshærðar til að standa undir útlitskröfunum. Hvort það sé virkilega einhver stjórnandi kvikmyndavers eða umboðsmaður sem skikkar þær í þessa yfirhalningu er ekki ljóst. Kröfurnar gætu allt eins verið þeirra ímyndun og þar með sjálfskapaðar og hluti af hjarðeðli mannsins.

Engu síður er þessi faraldur Barbídúkku-útlitsins mjög áberandi og vert að íhuga hvort brúnn, magur kroppur og ljóst hár sé toppur kvenlegrar fegurðar? Hvort sem sú er raunin eða ekki er vægast sagt undarlegt að þessar konur, sem þóttu allar fagrar fyrir, vilji ólmar breyta því sem guð gaf þeim svo þær geti allar litið nánast eins út.

Eitt jákvætt fylgir þó þessum breytingum en það er töluvert bætt tískuvitund kvennanna. Þetta er nokkuð undarlegur fylgifiskur og gæti reyndar allt eins skrifast á aukinn þroska.

soleyk@frettabladid.is



**SCARLETT** þótti gríðarlega kynþokkafull með skollitað hár og föla húð.



**LINDSAY LOHAN** var barnastjarna og þekktist hvar sem er fyrir eldrautt hárið og fallegar freknurnar.



**NICOLE RICHIE** Var þekkt fyrir líflega framkomu og litríkan fatasmekk.



**KATE HUDSON** Hefur alltaf verið smágerð en var með hraustlegar kinnar og fallegt bros.



**KATE BOSWORTH** Var mjög hraustleg þegar hún lék í kvikmyndinni Blue Crush.



**SCARLETT JOHANSSON** komin með platínulokka og hunangsbrúnt hörund.



**LINDSAY RICHIE EÐA NICOLE LOHAN?** Lindsay lítur út eins og allar hinar ungpíurnar í Hollywood.



**NICOLE NÆRINGARSKORTUR:** Segist ekki þjást af átröskun þótt holdafarið gæti gefið annað í skyn.



**KATE HUDSON EÐA KATE BOSWORTH?** Kate Hudson hefur ekki fituörðu á líkamanum og búin að missa allan glans úr líflegu krullunum sem hún hafði áður.



**KATE BOSSALAUSA?** Er óneitanlega fögur og betur klædd en óskaplega dæmigerð í útliti.








## Rappari rekinn af tískuráðstefnu

Rapparinn **The Game** var beðinn um að yfirgefa tískuráðstefnu sem haldin var í Las Vegas síðastliðinn mánudag. Skipuleggjendur ráðstefnunnar töldu hann hafa tekið þátt í skotárásinni sem framin var á hendur Marion „Suge“ Knight í Miami fyrir stuttu. The Game segist hins vegar ekki skilja hvers vegna honum hafi verið vísað út. Hann hafi ekki verið viðriðinn þessa tilteknu skotárás á neinn hátt.

Doug Piwinski, talsmaður ráðstefnunnar, segir að ástæðan fyrir brottrekstri rapparans hafi verið sú að lífverðir hans hafi verið með byssur í fórum sínum og hafi þar með brotið reglur sem giltu á svæðinu. ■



**ROBBIE WILLIAMS** Robbie gefur út plötu á næstunni og hefur verið orðaður við endurgerð Saturday Night Fever.

## Robbie sem Tony Manero?

Ólátabelgurinn Robbie Williams á að leika Tony Manero í endurgerð Saturday Night Fever-myndarinnar. Bee Gees-flokkurinn er að undirbúa nútíma útfærslu af þessari vinsælustu diskómynd sögunnar sem gerði John Travolta að ofurstjörnu. Samkvæmt fréttavefnum www.ananova.com hafa þeir eyrnarmerkt hlutverkið Williams.



**JOHN TRAVOLTA** John var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn sem Tony Manero. Það verður því erfitt fyrir Robbie að feta í fótspor hans.

Vinur Gibb-bræðranna sagði að þeim fyndist Robbie vera kjörinn í hlutverkið. „Hann getur sungið, dansað, er myndarlegur og hefur umtalsverða persónutöfra.“ ■

# Útgáfutónleikar Benna

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld í tilefni af fyrstu plötu sveitarinnar sem heitir einfaldlega Benni Hemm Hemm.

„Við fengum góðar viðtökur á síðustu tónleikum okkar á Borginni. Það var mjög gaman og ég vona að það verði jafnmikið stuð í Tjarnarbíói,“ segir Benedikt Hermann Hermannsson, forsprakki sveitarinnar.

Benni Hemm Hemm, sem var stofnuð í maí í fyrra, er skipuð þrettán hljóðfæraleikurum. Nýja platan hefur að geyma tólf lög sem voru tekin upp í Sundlauginni í Mosfellsbæ og Klink og Bank. Smákökurnar gefa plötuna út en 12 Tónar dreifa henni.



**BENNI HEMM HEMM** Hljómsveitin Benni Hemm Hemm er að gefa út sína fyrstu plötu.

Stórsveit Nix Noltes, sem gaf nýlega út sína fyrstu plötu, Orkídeur Hawaii, spilar einnig í Tjarnarbíói í kvöld. Húsið er opnað klukkan 21.00 og fer miðasala fram í 12 tónum. ■

# Reisir minnismerki um ferilinn

Tónlistarmaðurinn Eyjólfur Kristjánsson slær upp mikilli tónlistarveislu í Borgarleikhúsinu í kvöld. Til stendur að hljóðrita lög, sem Eyjólfur hefur bæði samið og sungið á 24 ára tónlistarferli. Tónleikarnir verða tvennir, kl. 20.00 og 22.30.

Hljóðritunin verður stafræn og gefin út á mynddiski þannig að sem best hljóm- og myndgæði náist. Með Eyjólfi þetta kvöld verður her tónlistarmanna, meðal annarra eru Björgvin Halldórsson, Stefán Hilmarsson, Ellen Kristjánsdóttur, Jón Ólafsson og Bergþór Pálsson.

Auk þess aðstoðar níu manna hljómsveit hann undir stjórn Eyþórs Gunnarssonar og sextán manna strengjasveit undir stjórn Þóris Baldurssonar.

„Mig langaði að koma lögunum mínum fyrir á góðu „formati“ og dvd er með besta „sándi“ sem völ er á. Það eru ekkert margir að gera þetta heima en ég ákvað að blása til stórveislu og reisa mér um leið smá minnismerki um ferilinn,“ segir Eyjólfur.

„Ég verð þarna með samferðarmenn mína í bransanum og þarna verða allir þessir dúettar teknir „orginal“. Þetta verður æðislega gaman.“

Auk eldri slagara á borð við Álfheiði Björk, Nínu og Danska lagið frumflytur Eyfi nýtt lag við texta Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar sem heitir Einsog vonin, og einsog lífið. DVD-diskurinn er síðan væntanlegur næsta vor. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Mikilli tónlistarveislu verður slegið upp í Borgarleikhúsinu í kvöld.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Justin fær dágóða summu í skaðabætur sem hann ætlar að láta renna til góðgerðarmála. Samband hans og Diaz stendur því enn.



**LUCY CLARKSON** Lucy hefur beðist afsökunar á því að hafa logið til um funheitan ástarfund síns og Timberlake.

# Timberlake beðinn afsökunar

Breska götublaðið News of the World hefur beðið Justin Timberlake opinberlega afsökunar á frétt sem blaðið birti 18. júlí. Þar sagði að poppgoðið hefði haldið framhjá kærustu sinni Cameron Diaz með fyrirsætunni Lucy Clarkson. Timberlake brást illa við þessari frétt og sagðist aldrei hafa talað við né hitt Clarkson. Nokkrum dögum síðar játaði Lucy sekt sína og sagðist aldrei hafa komist í tæri við Timberlake. Saga hennar hefði verið lygi frá upphafi til enda.

Í yfirlýsingu frá blaðinu segir að ritstjórnin harmi þessa frétt. News of the World og Clarkson hafa í sameiningu boðið Timberlake væna summu í skaðabætur sem hann hefur þegið. Peningarnir renna þó ekki í hans eigin vasa heldur fara til góðgerðarmála. ■













AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Brad Pitt** heimsótti **Angelinu Jolie** nýlega í New York þar sem hún var við upptökur á nýrri kvikmynd sinni, *The Good Shepherd*. Á meðan Jolie var í tökum sá Pitt um börnin hennar. Hann þótti líta út eins og alvöru fjölskyldufaðir í kringum Zahöru og Maddox, börn Jolie.



Karlmódelið **Tyson Beckford** hefur ákveðið að kæra **Sean „Diddy“ Combs** fyrir að standa ekki við sinn hluta af samningi sem hann gerði við fatalínu Diddys sem ber heitið *Sean John*. Tyson segir Diddy ekki hafa borgað sér þá upphæð sem um var samið en þó notað myndir af honum til þess að auglýsa fatalínu sína.



Nú standa yfir tökur á myndinni *Bordertown*, en í aðalhlutverkum myndarinnar eru **Antonio Banderas** og **Jennifer Lopez**. Þau eru sögð daðra hvort við annað á tökustað og það fer mjög illa í maka þeirra. Antonio er giftur leikonunni **Melanie Griffith** og Jennifer Lopez er gift söngvaranum **Marc Anthony**.







Bíóklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

# Fjölskyldutilboð

Dagana 29. ágúst til 4. september fá MasterCard korthafar bíómiðann á fjölskyldumyndina ÆVINTÝRAFERÐIN á einungis 400kr!

Tilboðið gildir eingöngu fyrir MasterCard korthafa greiði þeir með kortinu.

Myndin er sýnd í Laugarásbíói, Smárabíói, Regnboganum, Borgarbíói Akureyri, Selfossbíói, Akranesi og Patreksfirði.

Ískarlinn Slæmi vill að allir lifi í kulda og ís. En hetjurnar láta ekki bugast í baráttunni gegn Slæma. Sjáið Bjögga, Vagn, Sólmund og alla hina í þessari frábæru mynd fyrir alla fjölskylduna.

Mundu eftir kortinu!

MasterCard




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Britney Spears segist ekki vita kynið á barni sínu sem á að fæðast í næsta mánuði. Hún segist þó hafa á tilfinningunni að það verði strákur. „Ég hef það á tilfinningunni að ég muni fara í keisaraskurð, ég veit ekki af hverju, en ég vona það." Einhverjar hugmyndir um nöfn eru líka farnar að láta á sér kræla, en Sean Preston og London Preston eru sögð ofarlega á listanum.



Rándýrum Rolls-Royce í eigu leikkonunnar Michelle Pfeiffer var stolið beint fyrir framan nefið á henni. Leikkonan og ökumaður hennar fóru að versla og á meðan þau hlóðu varningi í skottið gaf ókunnugur maður sig á tal við þau. Á meðan settist félagi hans inn í bílinn og keyrði í burtu.



**KING UNIQUE** Plötusnúðadúettnum King Unique hefur verið líkt við Chemical Brothers og Underworld.

# King Unique þeytir skífum

Plötusnúðadúettinn King Unique spilar á klúbbakvöldi á Nasa í kvöld. Þeir verða vopnaðir meira en bara plötuspilurum því þeir notast einnig meðal annars við hljómborð og ýmis bjögunartæki. Þeim hefur reglulega verið líkt við hljómsveitir á borð við Chemical Brothers og Underworld.

Toybox hitar upp fyrir King Unique en sú sveit samanstendur af þeim Grétari G og Mr. Goodman. Miðaverð á klúbbakvöldið er 1.000 krónur í forsölu en 1.500 við innganginn. Húsið er opnað klukkan 23.00. Aðstandendur kvöldins eru Flex Music og Corona.

# Buxur eða pils?

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Vá, þvílík rödd! Þessi gæi hljómar eins og ofur-tilfinningaríkur Stuart Staples úr Tindersticks með titrara uppi við barkakýlið. Eða eins og ég myndi kannski gera ef ég væri að reyna að stæla Aron Neville, nema þá að þessi syngur með raunverulegri tilfinningu. Ég gæti það ekki þar sem ég og Neville eigum ekki samleið. Ég veit að það hljómar ekkert sérstaklega spennandi, en það eina sem skiptir auðvitað máli hér er að tjáningin er sönn og að lögin eru góð. Íslandsvinurinn Antony og sveit hans The Johnsons eru með þetta bæði á réttum stað.

Ekki skemmir svo fyrir þessum viðkvæma fugli að gestir á plötunni eru Boy George, Lou Reed og hinn magnaði Devendra Banhart.

Þetta eru afskaplega ljúf lög. Eins týnt í sjálfi listamannsins og mögulegt. Sem er í þessu tilfelli frekar forvitnilegt, þar sem Antony er drottning föst í klunnalegum karlmannslíkama. Það útskýrir auðvitað áhuga Boy George og Lou Reed á honum Tona litla. Gaman að fá að kíkja inn í kollinn á manni sem neyðist til þess að kljást við þetta vandamál.

Þetta eru hádramatískir og fallegir tónar sem Antony leiðir áfram með píanóspili sínu og sérstæðum söng. Eins konar blanda af tónlist Tindersticks, eldri lögum Eltons John eða Nicks Cave and the Bad Seeds. Held þó að Nick gamli myndi jafnvel slá mig utan undir fyrir að láta þessa samlíkingu frá mér fara því þetta er hvergi jafn hart og ruddalegt og sá ástralski djöfull getur stundum orðið. Þetta er þvert á móti það mjúkt og tilfinningahlaðið að ég giska á að þetta sé um of fyrir marga gallharða Íslendinga. Mælikvarðinn ætti því að vera; ef þú hefur einhvern tímann sagt pabba þínum að þú elskir hann getur þú mögulega tengt þig við þessa tónlist. Annars skaltu bara halda áfram að pumpa lóð, hlusta á Mínus og íslensku rokkútvarpsstöðvarnar og hugsanlega leita þér svo hjálpar.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ANTONY AND THE JOHNSONS:**
I AM A BIRD NOW

**NIÐURSTAÐA:** Frumraun Antony and The Johnsons hefur vakið verðskuldaða athygli hjá bresku pressunni. Hér er viðkvæmur, hádramatískur og einlægur fugl á ferð sem vel þess virði er að kynna sér.










## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sometimes you eat the bar, and sometimes, well, he eats you.“**

**Svar:** Ókunnur maður við bar í kvikmyndinni The Big Lebowski árið 1998.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR fylgdist með moldríkum unglingsstelpum að halda upp á afmælið sitt.

# Sextán ára frekjudósir

Hef nú tvisvar sinnum á ekki svo löngum tíma festst í skrítnum þætti á sjónvarpsstöðinni MTV sem heitir Sweet Sixteen. Skammast mín hálfpartinn fyrir að segja það hér opinberlega að þetta sé það sem standi upp úr sjónvarpsglápi undanfarinna daga en satt er það engu að síður. Þessi guðsvolaði þáttur fjallar um ekki merkilegri hlut en unglingsstelpur að halda upp á sextán ára afmælin sín.

Sá kostur fylgir reyndar stúlkunum að þær eru allar „filthy rich“. Þetta er atriðið sem gerir þáttinn skemmtilegan. Stelpurnar eru allar upp til hópa hræðilegar dekurdrósir sem skæla ef þær fá ekki það sem þær vilja. Í síðasta þætti fylgdist ég með stelpu sem heitir Ava. Þegar grey Ava sat á fáránlega flottum veitingastað, nýbúin að fara í verslunarferð til Parísar til þess eins að kaupa sér kjól fyrir veisluna, búin að fá annan kjól klæðskerasaumaðan því ekki dugar að vera í sama kjólnum allt kvöldið og búin að velja sér fjóra stælta stráka sem myndu bera hana inn í veisluna á arabískum hægindastól, þá var henni tilkynnt að hún myndi ekki fá bílinn sinn á afmælisdaginn. Ava, sem fær ekki bílpróf næstum því strax, setti þá upp skeifu og fór að gráta hægum „ég er þriggja ára“- gráti. Einhverra hluta vegna skemmti ég mér stórvel yfir þessu öllu saman. Fékk líka að fylgjast með henni velja bílinn en hún vildi einmitt bara fá Range Rover af því að hún fær innilokunarkennd í litlum bílum. Litla skinnið.

Þegar veislan hófst kom reyndar í ljós að hverju Ava litla er orðin eins og hún er, ofdekruð, hundleiðinleg, sjálfhverf frekja sem heldur að heimurinn snúist í kringum sig. Foreldrar Övu stóðu ekki við það sem þeir sögðu og gáfu henni bílinn rétt áður en veislan hófst, þvert á það sem þau voru búin að segja. Svona býr fólk til leiðinleg börn. Ágætis sálfræðiþáttur bara.



**SWEET SIXTEEN** Ava litla hélt upp á sextán ára afmælið sitt nýlega og í afmælisgjöf gáfu foreldrarnir henni Range Rover. Þegar hún frétti að hún fengi hann ekki akkúrat á afmælisdaginn fór hún að skæla.



20.10 *Barnaefni*

LATIBÆR



20.00 *Gaman*

ARRESTED DEVELOPMENT



21.00 *Bíó*

GOODBYE LENIN



23.00 *Sci Fi*

BATTLESTAR GALACTICA



20.30 *Sport*

MOTORWORLD

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (2:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (15:26)** (Teen Titans)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn, Glanna glæp, Sollu stirðu og vini þeirra í Latabæ. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40 Drengurinn í kúlunni** (Bubble Boy) Bandarísk gamanmynd frá 2001 um strák sem fæddist án ónæmiskerfis og þarf að vera öllum stundum í plastkúlu í herberginu sínu.
**22.05 Gangstéttirnar í New York** (Sidewalks of New York) Rómantísk gamanmynd frá 2001 um sex New York-búa og ástalíf þeirra. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**23.50** Kilburn-sýsla **1.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (120:150) **13.25** Haunted Town **14.20** LAX (5:13) **15.05** Jag (18:24) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons (14:25) (e)**
**20.00 Arrested Development (4:22)** (Tómir asnar) Einn besti gamanþáttur síðari ára. Michael Bluth er sá eini í lagi í léttgeggjaðri fjölskyldu.
**20.30 Two and a Half Men (18:24)** (Tveir og hálfur maður)
**20.55 Osbournes (8:10)** (Osbourne-fjölskyldan)
**21.20 Entourage (1:8)** (Viðhengi) Gamanþáttaröð sem hefur hlotið einróma lof.
**21.45 Blue Collar TV (1:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.
**22.10 Life or Something Like It** (Svona er lífið) Rómantísk gamanmynd.

**23.55** The Abyss (B. börnum) **2.40** The Scorpion King (B. börnum) **4.10** Strákarnir **4.40** Kóngur um stund (7:16) **5.05** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld (7:24)** (The Bubble Boy)
**19.30 Íslenski listinn**
**20.00 Seinfeld (8:24)** (The Cheever Letters)
**20.30 Friends 2 (24:24)** (Vinir)
**20.50 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**21.00 Good Bye Lenin!** Gamanmynd sem fjallur um uppreisnargjarnan dreng í Austur-Þýskalandi árið 1989, rétt fyrir fall Berlínarmúrsins. Myndin hefur slegið í gegn úti um heim allan og unnið til fjölda verðlauna. Aðalhlutverk: Daniel Brühl, Kathrin Sass og Chulpan Khamatova. Leikstjóri: Wolfgang Becker. 2003.

**23.05** Kvöldþátturinn **23.45** Hell's Kitchen (1:10) **0.35** David Letterman

## SKJÁREINN

**17.30** Cheers **18.00** Upphitun

**18.30 Worst Case Scenario - lokaþáttur (e)**
**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!**
**20.45 Complete Savages - NÝTT!**
**21.15 Wildboyz** Hvað gerist þegar Jackass-drengirnir Steve O og Chris Pontius leggja land undir fót? Jú, þeir kynna sér menningu og siði annarra þjóða, alveg eins og við hin, eða hvað...?!
**21.45 Sledgehammer**
**22.15 Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals í Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga. Nema þegar Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorpsormur, rumskar af værum svefni og þarf að fá sér að borða.

**23.00** Battlestar Galactica: Night One **0.35** Dead Like Me (e) **1.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**18.10** Olíssport

**18.40 Gillette-sportpakkinn**
**19.05 Bestu bikarmörkin** (Arsenal Ultimate Goal Collection) Bikarveisla að hætti Arsenal.
**20.00 Kraftasport** (Hálandaleikar) Kraftakarlarnir mættu á Akranes í september í fyrra og tóku hraustlega á.
**20.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
**20.55 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir.
**21.25 World Supercross** (Texas Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**22.20 World Poker Tour 2** (HM í póker)
**23.50** K-1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** I-95 **8.00** Nancy Drew **10.00** Treasure Planet **12.00** How to Kill Your Neighbor's D **14.00** I-95 **16.00** Nancy Drew **18.00** Treasure Planet. Frábær teiknimynd frá Disney fyrir alla fjölskylduna. **20.00 How to Kill Your Neighbor's Dog.** Dramatísk gamanmynd. **22.00 My House in Umbria.** Dramatísk kvikmynd. **0.00** Open Range (Bönnuð börnum) **2.15** Sweeney Todd (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** My House in Umbria

## OMEGA

**8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Miðnæturhróp **0.30** Nætursjónvarp

## E! ENTERTAINMENT

**12.30** Gastineau Girls **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** Uncut **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** Wild On **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

**7.15** Korter

## ENSKI BOLTINN

**14.00** WBA - Birmingham frá 27.08 **16.00** West Ham - Bolton frá 27.08 **18.00** Spurt að leikslokum (e)

**19.00 Upphitun**
**19.30 Stuðningsmannaþáttur „Liðið mitt“ (e)**
**20.30 Tottenham - Chelsea frá 27.08**
**22.30 Upphitun (e)**

**23.00** Að leikslokum (e) **0.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e) **1.00** Upphitun (e) **1.30** Dagskrárlok


# Langar þig í PSP?




REGNBOGINN SMÁRABÍÓ TONLIST.IS Borgarbíó

**Notaðu Snilldarkort SPRON, taktu þátt í PSP-leik á snilld.is fyrir 15. september og þú átt möguleika á glæsilegum vinningum:**

- Playstation Portable tölvur frá BT ásamt öllum fylgihlutum
- DVD-myndir
- Tölvuleikir
- Inneign á tonlist.is
- 100 bíómiðar




**Áttu ekki Snilldarkort?**

Allir sem sækja um Snilldarkort SPRON fyrir 15. september fá 10 laga inneign hjá tonlist.is og flottan bakpoka að gjöf.* Auk þess lenda þeir í potti þar sem dregnar verða aukalega út fimm PSP-leikjavélar.

*Á meðan birgðir endast

**Kynntu þér allt um málið á snilld.is.**

spron – fyrir allt sem þú ert

Snilld.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Latibær** — Sjónvarpið **kl. 20.10**

### *Enginn latur í Latabæ*



Sjónvarpið hefur nú sýningar á Latabæjarþáttunum þar sem Íþróttaálfurinn, Glanni glæpur, Solla stirða og aðrir íbúar Latabæjar lenda í ótal skemmtilegum ævintýrum. Solla kemur til Latabæjar og hittir þar fyrir skrautlegan hóp barna og fullorðins fólks, þar á meðal latasta ofurþrjót í heimi, sjálfan Glanna glæp. Það er Sollu til happs að í Latabæ býr líka hinn friski og fjörugi Íþróttaálfur sem fer í loftköstum um Latabæ og hjálpar Sollu að velja alltaf þá kosti sem stuðla að heilbrigðu líferni en láta óhollustuna eiga sig. Í Latabæjarþáttunum er teflt saman tölvumyndum, brúðum og lifandi leikurum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.00** Fréttir **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið - Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Úrval úr Allt & sumt e. **23.00** Hrafnaþing e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Hveragerði er heimsins besti staður **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit: Vægðarleysi **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Hús úr húsi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Dixiland, blús og sving **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Fréttayfirlit **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Ungmennafélagið með Karli og Ásgeiri **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**14.00** Cycling: Tour of Spain **15.30** Tennis: Grand Slam Tournament US Open **23.00** Tennis: Grand Slam Tournament US Open **1.00** Tennis: Grand Slam Tournament US Open

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Tikkabilla **14.25** Step Inside **14.35** 50/50 **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** The Best **17.30** Dog Eat Dog **18.00** Mersey Beat **19.00** Blackadder the Third **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Top of the Pops **21.05** Cheer for Charlie **22.10** Edge of Darkness **23.00** A History of Britain **0.00** Terry Jones' Medieval Lives **0.30** Landscape Mysteries **1.00** Greek Language and People **1.30** Discovering Portuguese **2.00** The Money Programme

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**13.00** When Expeditions Go Wrong **21.00** The Swenkas **22.30** Air Crash Investigation **23.30** The Sea Hunters **0.30** Treasures of the Titanic

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Killing for a Living **13.00** Mutant Bees **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Miami Animal Police **19.00** Killer Crocs of Costa Rica **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Killer Crocs of Costa Rica **1.00** Miami Animal Police

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Hooked on Fishing **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Survival **20.00** Murder Trail **21.00** American Casino **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** 21st Century War Machines

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV - I Want A Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.30** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** When Star Wars Ruled the World **20.00** When Metallica Ruled the World **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Fashion House **12.35** Paradise Seekers **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Fashion House **18.05** Crimes of Fashion **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.15** Spicy Sex Files **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Ex-Rated **22.00** Sextacy **23.00** Ex-Rated **23.30** Sex Tips for Girls **0.00** Vegging Out **0.25** The Restaurant Biz **0.55** Use Your Loaf

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Duel Masters **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**7.15** Namu Killer Whale **8.45** It Runs in the Family **10.10** Secret Invasion **11.50** Winter People **13.30** Alias Jesse James **15.05** Audrey Rose **17.00** Intimate Betrayal **18.40** Red River **20.15** Arena **21.55** KillerKlowns from Outer Space **23.20** Sometimes They Come Back **1.00** Sonny Boy

**TCM**
**19.00** Get Carter **20.55** Hit Man **22.25** Buddy Buddy **0.00** Summer Holiday **1.30** Dark of the Sun

**HALLMARK**
**12.45** Apollo 11 **14.15** Spoils of War **16.00** Just Cause **16.45** Mermaid **18.30** Early Edition **19.15** Brush with Fate **21.00** Hard Time **22.30** Early Edition **23.15** Hamlet **0.45** Brush with Fate

**BBC FOOD**
**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** A Cook's Tour **13.00** Beyond River Cottage **13.30** The Way We Cooked **14.00** Off the Menu **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Kitchen Takeover **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes' New British Classics **18.30** Diet Trials **19.00** Kitchen Takeover **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Tyler's Ultimate **20.30** Giorgio Locatelli - Pure Italian **21.00** The Best **21.30** Saturday Kitchen **4.00** Food Source

**DR1**
**12.00** Gr¢n glæde **12.30** Rabatten **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Sporl¢s **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie Listen **15.00** Svampebob Firkant **15.20** Kurts klamme krop **15.30** AMIGO **16.00** Fredagsbio **16.10** Den lille r¢de traktor **16.20** Pingu **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Niels Hausgaard **19.00** TV Avisen **19.30** Ni fod under **21.05** Hvad er det værste der kan ske? **22.40** Boogie Listen

**SV1**
**13.00** Sommardebatt **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Fader Ted **15.25** Anslagstavlan **15.30** Louisiana - kräftriket **16.00** Bolibompa **16.01** Lisa Loop **16.10** En till i familjen **16.15** Mamman och den vilda bebin **16.25** Go **16.30** Rasmus på luffen **17.00** Om jag hade fötts i ett annat land **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Sjöfartsnytt **20.50** Svensson, Svensson **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** Myteriet på Bounty **0.30** Sändning från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fær Guðrún Árnadóttir Þjóðleikhúsgestur fyrir að hafa mætt á hverja einustu frumsýningu Þjóðleikhússins í 55 ár, síðan árið 1950.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** NAUT ÞESS AÐ VAFRA STEFNULAUS UM STÓRBORGINA.

# *London kallar!*

Ef maður kemst einu sinni upp á lagið með að fara mikið til útlanda og vera á eilífum þeytingi milli menningarheima getur verið erfitt að staldra lengi við á sama stað. Eftir að hafa búið erlendis í þrjú ár hef ég nú verið á Íslandi samfleytt í heilt ár. Það tekur á taugarnar! Til þess að þrauka veturinn ákvað ég að skella mér örstutt til London til að anda og endurræsa taugakerfið. Fjórum tímum síðar var ég komin í loftið.
Þótt Reykjavík sé að vissu leyti stórborg hvað flest varðar verður að viðurkennast að við Reykjavíkurbúar erum ekki svo ýkja margir. Þess vegna skapast ákveðin stemning sem sumir kalla „smáborgarfíling“. Það er voða notalegt að vita til þess að maður sé ekki einn í heiminum ef eitthvað kemur upp á, en það hefur líka sína galla. Það er ekki beint hægt að vera nafnlaus í Reykjavík og þú getur verið viss um að ef þú labbar Laugaveginn á góðum degi hittirðu einhvern sem þú þekkir og sérð fjölda kunnuglegra andlita.
Það góða við „alvöru“ stórborgir er einmitt að geta eytt heilum degi á götum borgarinnar án þess að segja svo mikið sem eitt hæ, litið út eins og nýskriðin úr rúminu án þess að einhver segi einhverjum það og rölt stefnulaust án þess að hafa fyrir fram ákveðinn áfangastað.
Það er nefnilega staðreynd að flestir sem sjást á götum borgarinnar eru á leiðinni eitthvert. Maður fer varla út án þess að vera að flýta sér að komast hingað og þangað. Svo kemur maður í aðra borg í öðru landi, þá dettur manni allt í einu í hug að kíkja á söfn, fara á leiksýningar og gefa sér tíma til að þegja bara og hugsa.
Þegar ég vaknaði í London einn (þrátt fyrir að hafa verið aðeins barnum í gær) burstaði ég í mé henti mér í þægileg föt og skell tagl. Það gerist ekki oft! Ég var á í að ákveða ekki hvert ferðinni s heitið næst. Það er svo gaman a rölta bara um þangað til maður týnist og fá sér kannski fisk og franskar og kaupa kannski eina flík. Það er óneitanlega góð tilfinning að vera einn í heiminum og upplifa eitthvað nýtt. Það er nefnilega nauðsynlegt fyrir geðheilsuna að komast aðeins burt og endurnærast annað slagið. Þetta er lífið, það er æði!





**LÁRÉTT** 2 ýfa, 6 þys, 8 meðal, 9 nýlega gerður, 11 klukkan, 12 mokuðu, 14 þvo, 16 skóli, 17 sýnu, 18 fugl, 20 í röð, 21 tangi.
**LÓÐRÉTT** 1 smárunni, 3 málmur, 4 slæptur eftir drykkju, 5 kraftur, 7 land, 10 sefa, 13 óðagot, 15 skrambi, 16 skammstöfun, 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 gára, 6 ys, 8 lyf, 9 nýr, 11 kl, 12 gröfu, 14 lauga, 16 ma, 17 mun, 18 önd, 20 rs, 21 oddi.
**LÓÐRÉTT:** 1 lyng, 3 ál, 4 rykugur, 5 afl, 7 Sýrland, 10 róa, 13 fum, 15 ansi, 16 móð, 19 dd.

### [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Um sjö þúsund.
2. Ingólfur Helgason.
3. Breiðablik.




ÓLAFUR GUNNARSSON: ÍMYNDUNARAFLIÐ FÆR AÐ RÁÐA FERÐINNI

# Fer frá siðaskiptum til reykvískrar rómantíkur

Ólafur Gunnarsson fékk íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu bók sína, Öxin og jörðin. Þá var sögusviðið miðaldir þar sem Jón Arason og synir hans börðust gegn nýjum sið. Þeirri baráttu lauk á heldur blóðugan hátt þegar þeir voru hálshöggnir í Skálholti árið 1550.

Í nýjustu bók sinni, Höfuðlausn, ætlar Ólafur að vera á ögn friðsamlegri nótum. Sögusviðið er Reykjavík árið 1919 en þá líkt og nú, þegar Clint Eastwood er hér á landi, komu hingað til landsins virtir kvikmyndatökumenn. Þeir settust að í Reykjavík til þess að taka upp mynd eftir bók Gunnars Gunnarssonar, Sögu Borgarættarinnar. Höfuðlausn segir sögu Jakobs Ólafssonar, sem rekur eigin leigubílastöð og verður ástfanginn af tveimur stúlkum. Á vegi hans verða margar nafntogaðar persónur, svo sem Muggur, Þorsteinn Erlingsson skáld, Thor Jensen og Knut Hamsun.

Bókin er lauslega byggð á endurminningum föður Ólafs en hann var meðal þeirra fyrstu sem fengu ökuskírteini. „Hann var með númerið 17 á sínu skírteini, stofnaði eina fyrstu leigubílastöðina á Íslandi og var bílstjóri fyrir Nordisk Film. Hann aðstoðaði kvikmyndagerðarmennina á margan hátt og var hálfgerður leikmunamaður,“ segir Ólafur en tekur fram að bókin sé hvorki sjálfsævisaga né endurminningarbók föður síns. „Jakob Ólafsson er lauslega byggður á því sem pabbi sagði mér en ímyndunaraflið fær þó fyrst og fremst að ráða ferðinni.“ Hann segist hafa séð myndina sem gerð var í Nýja bíó árið 1960, þá tólf ára gamall í fylgd með föður sínum. „Við sátum og horfðum á hana með andakt.“

Það eru ansi mikil umskipti að snúa frá Hólum í Hjaltadal til Reykjavíkur, frá trúarstríði til ástarsögu. Ólafur segist hafa verið búinn að rannsaka miðaldir það vel að önnur bók um það efni hefði vel getað orðið til. „Það er hins vegar aldrei gott að snúa aftur á sama sögusviðið eftir að hafa dvalist þar um langt skeið,“ segir Ólafur.

Ólafi fannst þessi bók vera auðveldari í smíðum en til dæmis Öxin og Jörðin. „Ég var búinn að vera með hana í kollinum lengi og sjá hana vel fyrir mér,“ segir hann. „Svona svipað og þegar Bítlarnir voru búnir að skrifa einhver lög, mættu í hljóðver og sömdu síðan í kringum þau,“ segir hann. Ólafur segist ekki vera einn þeirra sem vakni snemma á morgnana og skrifi í einhvern ákveðinn fjölda klukkutíma. „Yfirleitt sef ég þangað til að mér finnst ég vera úthvíldur. Skrifa svo í nokkra klukkutíma eða þangað til að ég finn að ég er að dofna.“

Rithöfundurinn segist ekki vera viss hvort Höfuðlausn eigi eftir að rata á Stóra svið Þjóðleikhússins líkt og Öxin og jörðin gerði við misgóðar undirtektir. „Þegar leikhúsfólk hringir og spyr hvort það megi gera leikgerð ræð ég vitaskuld engu því hver getur sagt nei við milljón,“ segir hann og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓLAFUR GUNNARSSON** Ólafur er búinn með nýja bók, þar sem sögusviðið er Reykjavík í upphafi tuttugustu aldarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, formaður Samfylkingarinnar, er greinilega að búa sig undir stórátök í vetur. Sést hefur til hennar upp á síðkastið taka vel á því í líkamsræktarstöðinni Laugum. Lítið hefur hins vegar sést til Össurar Skarphéðinssonar. Eins og áður hefur komið fram hefur Geir H. Haarde, fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, einnig verið sprækur í Laugum í sumar svo að beinar útsendingar úr þingsal í vetur ættu að verða meira augnayndi en oft áður.



Þegar í ljós kom að **Nýja bíó** í **Keflavík** væri lokað vegna einkasýningar fór Gróa heldur betur á stjá. Einhverjir sögðust vera þess fullvissir að þarna ætti að sýna **Strákana okkar** enda **Júlíus Kemp** og **Róbert Douglas** nýlentir í **Leifsstöð** og vildu ekki fara langt ef eitthvað væri að myndinni. Aðrir voru með það á hreinu að **Clint Eastwood** og framleiðsluteymi hans hefðu leigt kvikmyndahúsið til þess að skoða einhverjar senur úr myndinni **Flags of Our Fathers**. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að **Íslandsbanki** hafði leigt húsið undir sýningu á heimildarmyndinni **Bítlabærinn**.



**Jón Trausti Reynisson**, blaðamaður á DV, hefur ákveðið að söðla um og breyta um vettvang. Hann gengur til liðs við tímaritið **Mannlíf** þar sem **Reynir Traustason**, fyrrum fréttastjóri DV, ræður ríkjum. Jón Trausti á að taka við nýrri stöðu sem aðstoðarritstjóri enda þykir hann mjög reynslumikill á sínu sviði þrátt fyrir ungan aldur. Jón Trausti og Reynir ættu að þekkjast nokkuð vel því auk þess að hafa verið vinnufélagar um nokkurra ára skeið eru þeir einnig feðgar.






**Stór Humar**

**Medium Humar**

**Sigin grásleppa**

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga
10.00 - 14.30


# Hinsta ósk reykingafórnarlambs

„Við ráðumst í átakið út af mjög persónulegum ástæðum,“ segir Margrét Hrafnsdóttir, framleiðandi herferðarinnar Byrjum aldrei að reykja. „Vinkona okkar hjóna, Ragnhildur Johnsdóttir, hafði ekki reykt í tuttugu og fimm ár þegar hún veiktist af lungnakrabbameini og dó á innan við ári. Ragnhildur dó mjög ósátt því hún fékk þær skýringar hjá læknum að krabbameinið hefði tekið sér bólfestu í líkama hennar vegna þess hversu ung hún var þegar hún byrjaði að reykja. Hinsta ósk Ragnhildar var að ráðist yrði í átak þar sem ungt fólk væri hvatt til að byrja aldrei að reykja.“

Herferðinni Byrjum aldrei að reykja var hrundið af stað í gærkvöldi. „Við vorum með þyrlu sveimandi yfir Tollstjóraþakinu til að draga að okkur athygli. Svo frumsýndum við myndband með Erpi Eyvindarsyni og félögum. Þeir gáfu okkur lag í átakið og við réðumst út í stóra framleiðslu á myndbandi,“ segir Margrét, en um fimmtíu manns koma fram í myndbandinu Byrjum aldrei að reykja, sem Sambíóin verða með til sýningar í öllum sölum um helgina.

Margrét segir mikilvægt að skapa umræðu og fræða án fordóma. „Við viljum fá unga fólkið til að taka afstöðu áður en það byrjar að reykja og ætlum að fylgja átakinu eftir með upplýsandi þáttum á sjónvarpsstöðinni Sirkus þar sem þjóðþekkt fólk veltir upp öllum hliðum á málinu.“ ■



**BYRJUM ALDREI AÐ REYKJA** Erpur Eyvindarson og félagar gáfu lag í átakið og myndbandið verður í spilun í Sambíóunum um helgina.



Síminn
býður öllum GSM notendum sínum að sjá myndina fyrir 800 kr.
HELGI BJÖRNS
BJÖRN HLYNUR
SIGURÐUR SKÚLASON
TORONTO OFFICIAL SELECTION 2005
Frumsýnd í kvöld
LEIKURINN HAFINN
STRÁKARNIR OKKAR
KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS ehf. Í SAMVINNU VIÐ KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS FILM & MUSIC ENTERTAINMENT LTD. SOLAR FILMS OY. & IÐNAÐAR-OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ KYNNIR MYND EFTIR RÓBERT I. DOUGLAS
„STRÁKARNIR OKKAR" Í FRAMLEIÐSLU JÚLÍUSAR KEMP BJÖRN HLYNUR HARALDSSON HELGI BJÖRNS LILJA NÓTT SIGURÐUR SKÚLASON JÓN ATLI JÓNASSON BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
ÞORSTEINN BACHMANN & ARNMUNDUR ERNST LEIKMYND KONRAD HALLER BÚNINGAR LINDA BJÖRG ARNADÓTTIR & THELMA BJÖRK JÓNSDÓTTIR KLIPPING ÁSTA BRIEM TÓNLIST BARÐI JÓHANNSSON & MÍNUS
HLJÓÐ VILHJÁLMUR GOÐI & HULDAR FREYR MEÐFRAMLEIÐANDI MIKE DOWNEY SAM TAYLOR MARKUS SELIN JUKKA HELLE KVIKMYNDATAKA G. MAGNI ÁGÚSTSSON HANDRIT JÓN ATLI JÓNASSON & RÓBERT I. DOUGLAS
FRAMLEIÐENDUR JÚLÍUS KEMP & INGVAR HEIÐAR ÞÓRÐARSON LEIKSTJÓRN RÓBERT I. DOUGLAS
SOLAR FILMS
Kvikmyndafélag Íslands ehf
Fótbolti.net
F. & M. E.
MOONSTONE
ICELANDIC Film Centre
DOLBY DIGITAL

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**


## *Vúdú og pólitík*

Fúlt. Sit hér með farseðil til New Orleans í höndum. Ónýtan farseðil, þar sem ferðalagið átti að hefjast síðastliðinn laugardag. Ætlaði að dvelja hjá systur minni í nokkra daga og njóta þess mannlífs sem í borginni þreifst. Engu öðru líkt.

**HVAR** annars staðar gat maður fundið Jón prímus okkar tíma, Járnmanninn svokallaða, sem hirti járnadrasl hvar sem hann fann það og skapaði listaverk. Fékk reyndar köllun þegar hann var ungur og starfaði árum saman sem prestur, þar til hann sá ekki tilganginn og gerðist hórumangari. Fór á hausinn með það fyrirtæki og sneri sér þá að því að dytta að amboðum sem þróaðist yfir í listsköpun. Maður sem var óragur við að skipta um framabraut.

**EÐA** Erik, besta vin systur minnar, með köttinn sinn og hundana þrjá, þar af einn sem hvarf einn daginn lyktarlaust á dularfullan hátt. Þurfti ekkert að velkjast í vafa um hvað hefði komið fyrir hann. Nágrannarnir höfðu lagt á hann vúdúgaldra. Fengu svo auðvitað móral þegar rifjaðist upp fyrir þeim að þeir væru dýravinir – og skiluðu skepnunni nokkrum dögum seinna með því að bakka sig í gegnum vúdúseremóníuna. Það er svo gaman að vera nálægt fólki sem hefur skynsamlegar skýringar á hlutunum.

**ERIK** ætlaði nú ekki að yfirgefa „Big Easy“ eins og New Orleans er kölluð hér í henni Ameríku. Hann hafði enga trú á því að neitt væri að marka þá ógn sem væri verið að blaðra um í fjölmiðlum. Hann vissi að þetta var áróður frá kristilega meirihlutanum, sem hann sagði gegnsósa af hommahatri – en óvíða hefur samfélag samkynheigðra þrifist betur en í New Orleans. Á endanum náði systir mín þó að sannfæra hann um að galdrahyski væri vissulega til meðal kristinna og hann gæti aldrei vitað nema það væri að beina storminum yfir borgina. Ketti og hundum var snarlega rutt út í bremsulausa bílinn sem stóð á hlaðinu og síðan var drifið sig til Texas.

**EINA** sem hægt er að gera í stöðunni er að lesa íslensku dagblöðin og furða sig á fólki sem segist „vilja“ fá hin og þessi sæti í næstu kosningum. Hvers vegna gerir enginn skoðanakönnun til þess að athuga hvort kjósendur vilja þetta fólk á listana?


